20
Örtvaxandi fjárfestingar í nýrri hátækni í landbúnaði þrátt fyrir COVID-19

26–27
Fangar angan íslenskrar náttúru

36–37
Landgræðsluverðlaunin komin í hús og hugað að frekari stækkun

Bændablaðið

19. tölublað 2020 • Fimmtudagur 8.október • Blað nr. 572 • 26. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

Kornskurður hjá bændum hefur gengið nokkuð vel í haust þó rignt hafi heldur mikið í september. Að sögn bænda er kornuppskeran heldur betri en í meðallári. Á myndinni er verið að slá korn á bænum Syðra-Fíflholti í Vestur-Landeyjum með nýrri vél, sem þrír bændur festu kaup á og fluttu inn til landsins. Er það nefnt „Reytiborð“ og reytir það kornið af axinu sem síðan er dælt á vagn en hálmurinn verður eftir. Kornið er síðan keyrt heim að bæ og sett í stæðu og verður þar að votverkuðu byggi, sem nautgripir fá í vetur. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Afrísk svínapest breiðist út með villisvínum um Evrópu – Stórir kaupendur í Asíu hafa bannað innflutning á svínakjöti frá Þýskalandi:

MAST treystir á að erlent eftirlit varni því að smitað svínakjöt berist til Íslands

– Segir strangar takmarkanir á viðskipti með svínakjöt þar sem afrísk svínapest hefur greinst en engar beinar aðgerðir á döfinni hér

Fyrr í þessum mánuði greindist fyrsta tilfelli afrískrar svínapestar í Þýskalandi. Veiran fannst í villisvínum og enn sem komið er hefur hún ekki fundist í eldisdýrum eða á svínabúum í Þýskalandi.
Eigi að síður hafa nokkrar þjóðir þegar bannað innflutning á svínakjöti frá landinu.

Strangar takmarkanir á viðskipti og fyrirbyggjandi aðgerðir eru í löndum þar sem afrísk svínapest hefur greinst til að reyna að hefta útbreiðslu pestarinnar.

Svínapest smitast ekki í menn en ekkert bóluefni er til við veirunni sem pestinni veldur og hún hefur alvarlegar afleiðingar á svínaeldi þar sem hún kemur upp.

Thelma Dögg Róbertsdóttir, sérgreinadýralæknir í heilbrigði og velferð svína hjá Matvælastofnun, segir að Matvælastofnun hafi eftirlit með innflutningi á matvælum sem eru upprunnin í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Strangar takmarkanir

Innfluttu kjöti frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fylgja opinbert heilbrigðisvottorð. Komi upp afrísk svínapest á svínabúi eru settar hömlur á búið með það að markmiði að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins, meðal annars er ekki heimilt að dreifa vörum þaðan. Yfirvöld í útflutningsríki geta ekki vottað kjöt frá búi sem hömlur gilda um vegna tilkynningarskyldra sjúkdóma.

Búum lokað ef sýking kemur upp

Thelma segir að innan Evrópusambandsins sé vöktunarkerfi og að um leið og það kemur upp tilkynningarskyldur sjúkdómur, eins og afrísk svínapest á búum, sé þeim lokað og ýmsar aðrar takmarkanir eru fyrirskipaðar, meðal annars um viðskipti með vörum sem borið geta veiruna. Með því móti er reynt að tryggja að sýktar vörur berist ekki á markað.

„Sýking hefur greinst á svínabúum í Evrópu og í nokkrum villisvínum í Þýskalandi og við hjá Matvælastofnun munum að sjálfsögðu fylgjast með framvindunni en í raun treystum við því að eftirlitið í Þýskalandi sé virkt og að yfirvöld í landinu grípi til viðeigandi ráðstafana gerist þess þörf.“

Ekki gripið til beinna aðgerða hér á landi

Samkvæmt þessu er því í raun ekki gripið til neinna beinna aðgerða hér á landi en Thelma segir að málið verði skoðað komi upp sýkingar af afrískri svínapest í búum í löndum sem við flytjum inn svínakjöt frá. Matvælastofnun fylgist náið með tilkynningum frá Evrópusambandinu og er á varðbergi vegna þessa.

Berst með hráu og frosnu kjöti

„Við hjá Matvælastofnun leggjum áherslu á að svínabúin í landinu hafi strangan aðgang inn á búin. Sjúkdómurinn breiðist helst með villisvínum, tækjum sem notuð eru á svínabúum og vöruflutningabílum sem flytja svín eða svínaafurðir milli staða og matvælum. Á Íslandi eru ekki villisvín og það er plús fyrir okkur og þar sem sjúkdómurinn þekkist ekki hér á landi berst hann ekki með flutningabílum.

Það er líka rétt að benda á að vírusinn getur lifað lengi í frosnu kjöti.

Erlendis er algengt að fólk skilji eftir matarafganga á svæðum þar sem villisvín eru, til dæmis pylsur eða skinku, og þannig getur pestin hæglega borist í svínin frá fólki og úr mat.

Eins og áður er sagt getur pestin borist með hráu og frosnu svínakjöti, eða öðru sem mögulega inniheldur svínakjöt, til landsins og svo mögulega inn á svínabú með fólki. Við minnum því á að aðilar sem hafa verið erlendis þar sem svín hafa verið eða komist í snertingu við hugsanlegt smit fari ekki inn á svínabú á Íslandi fyrr en í fyrsta lagi 48 klukkustundir eftir komu til landsins. Einnig er mikilvægt að fólk sem starfar á svínabúum hérlendis taki ekki með sér matvæli sem geta borið smit inn á búin. Ég vil líka minna á bannið við að fóðra svín með eldhúsúrgangi, en svoleiðis fóðrun getur borið smit í svínin.

Mig langar líka að benda á að pestin getur einnig borist til landsins með ferðamönnum og ekki síst fólki sem stundar veiðar á svæðum þar sem hún er til staðar.“

Viðbragðsáætlun

Thelma segir að ef svo fer að afrísk svínapest berist til landsins sé til staðar viðbragðsáætlun um viðbrögð við alvarlegum smitandi dýrasjúkdómum sem nýbúið sé að uppfæra. Áætlunin gerir ráð fyrir skjótum viðbrögðum til að hefta útbreiðslu pestarinnar og að útrýma henni sem fyrst með því að loka búum, skera niður og sótthreinsa.

„Eitt af því sem mestu skiptir til að ráða niðurlögum pestarinnar er að fá sem fyrst tilkynningu frá svínabúi ef grunur kemur upp um smit.“

Að sögn Thelmu er mögulegt að hefta og útrýma sýkingum af þessu tagi sé gripið strax til aðgerða, eins og sannaðist þegar tókst að útrýma Gumboro-veikinni í alifuglum sem kom upp 2019 og var útrýmt fyrr á þessu ári.

Thelma segir að verið sé að útbúa veggspjald sem ætlað er til að hengja upp á svínabúum til að minna fólk á að fara varlega og gæta að smitvörnum. Auk þess sem hún bendir á nýtt smitvarnarmyndband á heimasíðu Matvælastofnunar, https://www.mast.is/en/travel. */VH*

– Sjá nánar um afrísku svínapestina og stöðu mála í Þýskalandi á bls. 10

FRÉTTIR

Hreindýraveiðum lokið:
Alls voru 1.264 dýr felld í ár

Seinasti veiðidagur haustveiða var sunnudagurinn 20. september. Kvóti þessa árs var 1.325 dýr, 805 kýr og 520 tarfar. Felld voru 1.264 dýr og ekki náðist að fella 11 kýr og 2 tarfa af útgefnum kvóta sem veiða átti nú í haust. 48 kýr eru svo í úthlutuðum leyfum í nóvember á svæði 8 og svæði 9.

Veiðarnar gengu vel þótt þær færu frekar rólega af stað. Mikið af kvótanum var felldur eftir 20. ágúst. Veðrið var veiðimönnum einstaklega hagstætt þetta veiðitímabilið og lítið um þoku. Síðustu vikur veiðitímans var veðrið gott á öllum svæðum.

Alltaf er eitthvað um að leyfum sé skilað inn eftir að veiðitímabil hefst en byrja má að veiða tarfa 15. júlí og kýr 1. ágúst. Alls 74 einstaklingar þáðu leyfi sem þeim voru úthlutuð á biðlista eftir að veiðar hófust og 212 einstaklingum var boðið að taka leyfi. Fáum leyfum var skilað inn sem rekja má til sóttvarna eða takmarkana tengdum þeim. Nokkrir veiðileyfishafar búsettir erlendis skiluðu þó inn sínum leyfum af þeim sökum. */VH*

Hagstofan:
Vöruviðskipti óhagstæð

Verðmæti vöruútflutnings var 11,2 milljörðum króna meira í september 2020 en í september 2019, eða sem nemur 22,2% á gengi hvors árs. Útflutningur jókst í öllum greinum borið saman við sama tímabil fyrra árs.

Verðmæti vöruútflutnings nam 61,6 milljörðum króna í september 2020 samkvæmt bráðabirgðatölum á vef Hagstofunnar og verðmæti vöruinnflutnings 65,4 milljörðum króna. Vöruviðskiptin í september, reiknuð á fob verðmæti, voru því óhagstæð um 3,8 milljarða króna. Í september 2019 voru vöruviðskiptin óhagstæð um 19 milljarða króna á gengi hvors árs.

Verðmæti vöruútflutnings var 11,2 milljörðum króna meira í september 2020 en í september 2019 eða sem nemur 22,2% á gengi hvors árs. Útflutningur jókst í öllum greinum borið saman við sama tímabil fyrra árs.

Verðmæti vöruinnflutnings í september 2020 var 4 milljörðum króna lægra en í september 2019, eða 5,8% á gengi hvors árs. Lækkunina má aðallega rekja til minni innflutnings á eldsneyti. */VH*

Septemberuppboð Kopenhagen Fur:
Þokkaleg sala en verð enn of lágt

– að mati formanns Sambands íslenskra loðdýrabænda – 60% íslenskra skinna frá 2019 seld

Skinnauppboði Kopenhagen Fur lauk í síðustu viku en það var síðasta skinnauppboð ársins 2020. Rúm 88% af skinnum sem í boði voru seldust og er það mun betri sala en á uppboðunum undanfarið. Þrátt fyrir þokkalega sölu var verðið það sama og á þarsíðasta uppboði og enn undir kostnaðarverði.

„Miðað við þær tölur sem ég hef séð er söluprósentan á þessu uppboði sú skásta á árinu," segir Einar Eðvald Einarsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda og bóndi að Syðra-Skörðugili í Varmahlíð.

„Það seldust yfir 88% af skinnunum, sem er 12% meira en á þarsíðasta uppboði þegar 76% skinna í boði seldust en salan fór niður í 8% skinna þegar verst lét á fyrri hluta ársins og einu uppboði var alveg aflýst. Þannig að söluprósentan hefur lagast í gegnum árið en skinnaverðið er óbreytt frá síðasta uppboði en verðið á árinu í heild er mjög lélegt og langt undir framleiðslukostnaði."

Einar Eðvald Einarsson.

Frá skinnauppboði Köbenhagen Fur fyrir tíma COVID-19. Mynd / HKr.

Skinnaverð langt undir framleiðslukostnaði

Lokaverð á skinni til íslenskra bænda á árinu er innan við þrjú þúsund krónur og stuðningur ríkisins er metinn á eitt þúsund krónur. Framleiðslukostnaðurinn er aftur á móti um fimm þúsund krónur á hvert skinn. Það er því ljóst að loðdýrabændur eru að tapa á framleiðslunni og slíkt gengur ekki til lengdar.

60% íslenskra skinna frá 2019 seld

Einar segir að um 60% af íslenskum skinnum sem framleidd voru árið 2019 séu seld en restin flyst milli söluára sem birgðir. „Við sitjum því uppi með um 40% skinna sem áætlað var að selja á þessu ári og alla framleiðslu þessa árs."

Styrkjum ekki úthlutað nema að hluta

Íslenska ríkið ákvað fyrr á þessu ári að styrkja loðdýrabændur um 80 milljónir króna vegna minnkandi eftirspurnar á skinni vegna COVID-19. Ákveðið var að styrkurinn færi í gegnum fóðurstöðvarnar og nýtist minkabændum sem niðurgreiðsla á fóðri.

Einar segir að því miður gangi hægt að fá peningana greidda út og það sé þessa stundina einungis búið að greiða út 30 milljónir af þeim 80 sem til stendur að leggja til á þessu ári og von sé á restinni seinna á árinu.

„Við náttúrlega treystum því að stjórnvöld og landbúnaðarráðherra standi við það sem þau segjast ætla að gera. Stuðningurinn sem felst í niðurgreiðslu upp á 80 milljónir króna, bæði á þessu ári og því næsta, er lífæð greinarinnar í dag og því nauðsynlegt að hún haldi."

Markaðurinn sleginn í rot

„Ástandið vegna COVID-19 undanfarna mánuði hreinlega sló skinnamarkaðinn á árinu í rot. Það stoppaði allt, skinnaframleiðslufyrirtæki drógu verulega úr og sum hættu hreinlega að kaupa hráefni og það kom niður á bændum. Þetta er í rauninni það sama og með mikið af sambærilegri vöru sem notuð er í veislum, til gjafa, spari eða á ferðalögum. Samkomu- og ferðastoppið um heim allan er að valda verulegum samdrætti í sölu á þessum vöruflokkum og því breytta neyslumynstri sem fylgir þeirri hegðun fólks sem nú er í gangi vegna COVID-19."

Nýtt uppboð í febrúar

„Næsta uppboð er í febrúar 2021 og ég held að það sé alveg sama hvernig menn snúa peningnum þá ráði næsta ár úrslitum um hvort við og fjöldi annarra loðdýrabænda í Evrópu getum haldið starfseminni gangandi áfram eða ekki. Mikill samdráttur verður eftir árið í ár en ef greinin verður ekki orðin sjálfbær í lok næsta árs þá sé ég illa fyrir mér að hún geti haldið áfram. Það getur enginn framleitt vöru langt undir kostnaðarverði til lengdar. En það er líka sorglegt að gefast upp fyrr en að fullreyndu, og því viljum við taka slaginn til loka árs 2021 með stuðningi ríkisins og vona að ástandið í heiminum færist til betri vegar á þeim tíma," segir Einar. */VH*

Matvælastofnun grípur til aðgerða gegn óleyfilegri notkun á erlendum afurðaheitum:
Dregist hefur að virkja alþjóðlega vernd fyrir íslenskar afurðir

Fyrir skemmstu greip Matvælastofnun til aðgerða gegn óleyfilegri notkun á tilteknum erlendum afurðaheitum. Stofnunin beindi þá tilmælum til nokkurra matvælafyrirtækja að stöðva notkun afurðaheita á matvörum sem njóta alþjóðlegrar verndar samkvæmt milliríkjasamningi.

Einar Örn Thorlacius, lögfræðingur hjá Matvælastofnun, segir að aðgerðirnar beinist gegn tveimur afurðaheitum, „Feta" og „Beyonne". Ekki sé hægt að nota þessi for- eða viðskeyti á heitum á íslenskum matvörum, osti og skinku, eins og tíðkast hefur. „Framleiðendur hafa tekið ábendingum Matvælastofnunar vel. Þetta ætti að vera horfið úr hillum matvöruverslana eða um það bil að hverfa. Í einhverjum tilfellum var veittur frestur svo ekki þyrfti að henda miklu magni af umbúðum. Sá frestur er þó um það bil að renna út," segir Einar Örn.

„Íslenskt lambakjöt" var fyrsta íslenska verndaða afurðaheitið.

Tvö vernduð íslensk afurðaheiti hafa ekki fengið vernd í Evrópu

Milliríkjasamningur um gagnkvæma vernd afurðaheita hefur verið í gildi milli Íslands og Evrópusambandsins síðan 1. maí 2016 og byggir hann á lögum um vernd afurðaheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu, númer 130/2014.

Íslendingar eiga tvö vernduð afurðaheiti, „Íslenskt lambakjöt" og „Íslensk lopapeysa" sem gert er ráð fyrir að hljóti sambærilega alþjóðlega vernd. Að sögn Einars hefur slík vernd dregist. „Í lögum nr. 130/2014 um vernd afurðaheita o.fl. er sérstakur kafli (V. kafli) um vernd heita erlendra afurða á Íslandi. Um vernd íslenskra afurðaheita erlendis fer eftir ákvæðum samnings milli Íslands og Evrópusambandsins um vernd landfræðilegra merkinga landbúnaðarafurða og matvæla. Í 10. grein samningsins er fjallað um sameiginlega nefnd sem hefur það hlutverk að sjá um rétta framkvæmd samningsins og ber ábyrgð á tilteknum hlutum sem taldir eru upp í greininni. Dregist hefur að koma þessari nefnd á laggirnar og það skýrir hvers vegna það hefur ekki verið gengið endanlega frá evrópskri vernd á þeim afurðum sem verndar njóta á Íslandi. Unnið er að því að ganga endanlega frá skipan nefndarinnar."

Einar Örn Thorlacius.

Einar Örn segir að nýlega hafi Matvælastofnun borist þriðja íslenska umsóknin um vernd á ákveðinni afurð. Hún sé í vinnslu hjá stofnuninni. „Umsóknirnar hafa það sem af er reynst færri en ætlað var þegar lögin voru samin. Starfshópurinn sem samdi frumvarp til laga um vernd afurðaheita gerði ráð fyrir að innan við 10–15 umsóknir myndu berast fyrstu 5–10 árin ef frumvarpið yrði að lögum. Lögin tóku gildi í árslok 2014 og verða því senn liðin sex ár frá því þau tóku gildi."

Eftirlitið í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga

„Þar sem eftirlit með vernd afurðarheita er samkvæmt lögunum að stórum hluta í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga stefnir Matvælastofnun að ítarlegri kynningu á þessu máli fyrir framkvæmdastjórum heilbrigðisnefndanna nú í haust. Einnig þarf að semja leiðbeiningar. Ég flutti reyndar stutta kynningu á þessu máli fyrir þessum aðilum á reglulegum samráðsfundi Matvælastofnunar og heilbrigðisnefndanna fyrir tveimur árum en síðan þá hefur lopapeysan bæst við en þess má geta að samkvæmt lögunum er eftirlit með vernd þess afurðaheitis í höndum heilbrigðisnefndanna en ekki Matvælastofnunar.

Þessi mál öll hafa því farið frekar hægt af stað á Íslandi en gera má ráð fyrir að það muni breytast," segir Einar Örn Thorlacius. */smh*



Tryggingar sem henta þínu fyrirtæki

Nánar á **sjova.is**



FRÉTTIR

Ef bændur veikjast vegna COVID-19 er afar mikilvægt að hægt sé að bregðast skjótt við til hjálpar við að sinna skepnum. Mynd / HKr.

Bændasamtök Íslands með viðbrögð vegna COVID-19:

Óska eftir framlengingu á afleysingaþjónustu

Í ljósi ástandsins vegna COVID-19 faraldursins hafa Bændasamtökin farið þess á leit við Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga að samkomulag við sjóðinn um að standa undir kostnaði við afleysingaþjónustu á búum þar sem COVID-19 sýking kemur upp verði framlengt til áramóta.

Þeir bændur sem ekki geta sinnt sínum störfum vegna sýkingarinnar, ættu með því kost á að sækja um afleysingu að hámarki í 14 daga en Búnaðarsamböndin sjá um utanumhald. Fyrra samkomulag sama efnis gilti frá 15. mars–31. maí sl.

Svar við beiðninni hefur ekki borist enn, en greint verður frá því strax og til þess kemur. */ehg*

Mjólkursamsalan fagnar októbermánuði:

Ostóber – tími til að njóta osta

Þriðja árið í röð heldur Mjólkursamsalan októbermánuð hátíðlegan undir yfirskriftinni Ostóber – tími til að njóta osta.

Ostóber er tími til að fagna gæðum og fjölbreytileika í íslenskri ostagerð og vill MS með þessu framtaki hvetja landsmenn til að borða sína uppáhaldsosta, smakka nýja og prófa sig áfram með ostana í matargerð. Hvað er betra en að hafa það hugguleg heima í skammdeginu, kveikja á kertum og gæða sér á íslensku ostagóðgæti?

Á uppskriftasíðunni gottimatinn.is er að finna heilan hafsjó af uppskriftum þar sem íslenskir ostar koma við sögu og ber þar hæst að nefna uppskriftir með Óðalsostum, Dalaostum, rjómaostum og rifnum ostum, en nýverið bættust í safnið uppskriftir sem innihalda Goðdala ostana Feyki, Gretti og Reyki sem eru sælkeraostar úr Skagafirði. Í tilefni af Ostóber koma nokkrir nýir ostar á markað og verða þeir í boði í takmörkuðu magni nú í október. Þeirra á meðal eru Búri með sinnepsfræjum og kúmeni auk Tinds sem geymdur hefur verið lengur en venjulega eða í 12 mánuði.

Tilboðsmarkaður með mjólkurkvóta haldinn 2. nóvember:

Að hámarki hægt að óska eftir 50 þúsund lítrum til kaups

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur tilkynnt um næsta tilboðsmarkað fyrir greiðslumark mjólkur og verður hann haldinn þann 2. nóvember næstkomandi.

Reglur kveða á um að hægt sé að óska eftir 50 þúsund lítrum til kaups að hámarki á hverjum slíkum markaði, eða alls 150 þúsund lítrum árlega. „Þá má hlutdeild framleiðanda eða framleiðenda sem eru í eigu einstakra aðila, einstaklinga, lögaðila eða tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli en 1,2% af árlegu heildargreiðslumarki mjólkur,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins.

Sem fyrr eiga nýliðar forkaupsrétt á fimm prósentum af því greiðslumarki sem boðið er til sölu á hverjum markaði, svo lengi sem þeir uppfylla skilyrði reglugerðarinnar um gilt kauptilboð og að því gefnu að þeir bjóði verð sem er jafnt eða hærra en jafnvægisverð.

Einungis er heimilt að skila inn einu tilboði um kaup eða sölu fyrir hvert lögbýli og af sama aðila eða tengdum aðila.

Eitt tilboð fyrir hvert lögbýli

„Einungis er heimilt að skila inn einu tilboði um kaup eða sölu fyrir hvert lögbýli og af sama aðila eða tengdum aðila. Tilboðsgjöfum er skylt að gæta að því að einungis eitt tilboð komi frá aðilum sem teljast tengdir. Óheimilt er að bjóða fram mismunandi verð í sama tilboði. Óheimilt er aðilum að gefa upp magn og verð sem tiltekið er í tilboðunum, sem opnuð eru á markaðsdegi. Sé það gert skal þeim tilboðum vikið til hliðar,“ segir í tilkynningunni.

Á síðasta tilboðsmarkaði, þann 1. september síðastliðinn, bárust 13 gild tilboð um sölu á greiðslumarki mjólkur, en gild tilboð um kaup voru 209. Jafnvægisverð fyrir hvern lítra mjólkur var 249 krónur – sem er ákvarðað hámarksverð. Þá bárust 12 gild kauptilboð frá nýliðum.

Lokað fyrir tilboð á miðnætti 10. október

Kaupendum er skylt að inna af hendi staðgreiðslu fyrir andvirði greiðslumarksins fyrsta virka dag næsta mánaðar eftir opnun tilboða. Heimilt er að krefjast frekari upplýsinga og gagna ef tilefni þykir til þess. Þá er heimilt að senda kröfu til innheimtu fyrir kauptilboði ef hún er ekki greidd á gjalddaga á kostnað tilboðsgjafa. Einnig er heimilt að leggja fram með kauptilboði eða fyrir upphaf markaðsdags staðgreiðslu fyrir andvirði greiðslumarksins.

Tilboðum um kaup og sölu greiðslumarks skal skila rafrænt á afurd.is, en opnað verður fyrir tilboð þann 28. september 2020. Tilboðsfrestur rennur út á miðnætti 10. október næstkomandi. */smh*

Fjórar sveitarstjórnir hafa skorað á afurðastöðvar að gefa út afurðaverð 2021 fyrir komandi áramót. Skapa þurfi greininni stöðugleika í rekstri til lengri tíma og styðja á öflugan hátt við innlenda matvælaframleiðslu. Mynd / MÞÞ

Húnaþing, Dalabyggð, Strandabyggð og Reykhólahreppur:

Þungar áhyggjur af lágu afurðaverði til sauðfjárbænda

„Í heimsfaraldri vegna COVID-19 fengu Íslendingar áminningu um mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu,“ segir í bókun frá Byggðarráði Húnaþings vestra og sveitarstjórnum Dalabyggðar, Strandabyggðar og Reykhólahrepps sem lýst hafa yfir þungum áhyggjum af lágu afurðaverði til sauðfjárbænda. Þá átelja sveitarstjórnir einnig seinagang við birtingu afurðastöðvaverðs nú í haust.

Sauðfjárrækt er mikilvæg búgrein í öllum sveitarfélögunum fjórum og ein af forsendum búsetu í dreifbýli. Rúmlega 21% af framleiðslu kindakjöts í landinu árið 2019 fór fram í þessum sveitarfélögum.

Vilja sjá afurðaverð fyrir 2021 gefið út um áramót

„Á undanförnum árum hafa orðið ábúendaskipti á þónokkrum bújörðum í sveitarfélögunum og yngra fólk með fjölskyldur tekið við. Þessar fjölskyldur efla samfélagið, styðja við þjónustu ásamt því að halda uppi atvinnustigi. Líkt og í öðrum rekstri er mikilvægt að sauðfjárbændur fái viðunandi verð fyrir sína vöru og hafi þannig forsendur til áætlanagerðar og ákvarðanatöku“, segir í bókuninni og er skorað á afurðastöðvar að gefa út afurðaverð 2021 fyrir komandi áramót.

Bent er á að samkvæmt samantekt Landssamtaka sauðfjárbænda var afurðaverð til íslenskra sauðfjárbænda á síðasta ári það lægsta sem finnst í Evrópu og miðað við nýbirtrar verðskrár 2020 er vegið meðalverð 502 krónur fyrir kílóið. Hefði afurðaverð fylgt almennri verðlagsþróun frá 2014 ætti það að vera 690 krónur. Því vantar enn tæpar 200 krónur upp á afurðastöðvaverð fylgi verðlagsþróun.

„Skapa þarf greininni stöðugleika í rekstri til lengri tíma og styðja á öflugan hátt við innlenda matvælaframleiðslu.“ */MÞÞ*

VÉLFANG – VERKIN TALA

Framúrskarandi fyrirtæki

Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT

Fer fremstur

CLAAS

Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi

KUHN

Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland

Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini

Schäffer

Styrkur - afköst- skilvirkni

JCB

Nýsköpun - metnaður - framsækni

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.200 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 − **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** − **Vefur blaðsins: www.bbl.is** − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Það er ljótt að ljúga

Í æsku var manni kennt að það væri ljótt að segja ósatt og því klingja ævinlega viðvörunarbjöllur þegar maður verður var við að fólk er að kynna fyrir öðrum hluti sem það veit jafnvel sjálft að eru ósannir. Þá er sérlega sárt þegar flutningsmenn „sannleikans“ er fólk í háum embættum og þjónar almennings sem skreyta sig með fínum titlum.

Í æsku var manni líka kennt að maður ætti að nota eigið hyggjuvit til að rýna til gagns og þá vera sérstaklega á varðbergi þegar aðrir fullyrða að eitthvað sé hinn eini rétti sannleikur. Reynslan hefur síðan kennt manni að þegar hart er lagt að manni að meðtaka sannleikann, þá er oftar en ekki maðkur í mysunni og stutt í ósannsögli og staðlausa stafi.

Því miður hefur maður alltof oft horft upp á fólk fara frjálslega með staðreyndir svo ekki sé fastar að orði kveðið. Því til staðfestingar má nefna mörg mál og eitt þeirra kom upp í hugann við lestur á Morgunblaðinu mánudaginn 5. október. Þar var greint frá því að ESA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA, hafi sent Íslandi lokaviðvörun. Sú viðvörun er sett fram vegna þess að íslenska ríkið hefur þráast við að tryggja, að við innleiðingu laga vegna framkvæmdar EES-reglna frá Evrópusambandinu, þá standi þær reglur ávallt framar íslenskum lögum. Það eru ekki einhverjir heilalausir hálfvitar sem halda þessu fram, þó svo mætti skilja af orðræðu sumra, heldur lögfræðingastóð með allt ESB-veldið á bak við sig.

Málið snýst einfaldlega um að ef ágreiningur verður um lagatúlkun á milli EES-reglna og annarra settra laga, skuldbindi EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði um að það séu EES-reglurnar sem gildi. Undir þetta hafa íslensk stjórnvöld skrifað samkvæmt bókun 35 með EES-samningnum.

Þetta þýðir í raun að ætlast er til að allar reglur og lög sem innleidd eru samkvæmt EES-samningi á Íslandi, lúti lögmálum EES og ESB, en ekki sérislenskum lögum og lagatúlkunum Alþingis.

Hvað sögðu menn við innleiðingu á orkupökkum Evrópusambandsins og þá sér í lagi þeim þriðja? Þá var bent á að með innleiðingunni væru íslensk stjórnvöld að afsala sér valdi yfir stjórn orkumála á Íslandi. Samt fullyrtu sumir íslenskir ráðherrar, þingmenn og hagsmunaaðilar, sem nú reyna að hasla sér völl í orkugeiranum, að það væru fráleitar áhyggjur. Það væru alltaf íslensk lög sem réðu ferðinni og Alþingi hefði þar síðasta orðið. Nú er deginum ljósara að Eftirlitsstofnun EFTA er þeim ekki sammála, hvorki í því máli né nokkru öðru er varðar innleiðingu á reglugerðum og löggjöf Evrópusambandsins. Með slíkum innleiðingum er, samkvæmt þeirra skilningi, verið að afsala valdi til erlendrar ríkjasamsteypu og færa það undir erlenda löggjöf.

Í 21. grein stjórnarskrár Íslands segir orðrétt:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.“

EES lítur greinilega svo á að hnykkja þurfi með ótvíræðum hætti á ákvæðinu um afsal og skilur það svo að með samþykkt 46 alþingismanna á orkupakka 3 og mörgum fleiri málum hafi þeir um leið verið að samþykkja að undirgangast þau lög ESB. Sem sagt, afsal á valdi þar sem EES-reglur eru alltaf rétthærri íslenskum lögum.

Það er ljótt að ljúga og ef þingmenn samþykkja lög sem fela í sér valdaafsal til erlendra ríkja, þá ber þeim skylda til að segja þjóðinni sannleikann. */HKr.*

COVID-19 á haustdögum

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is

Nú gengur yfir okkur þriðja bylgja veirunnar með umtalsverðum áhrifum á allt atvinnulíf og mannlíf. Fyrirtæki verða að bregðast við með því að hólfaskipta starfsemi og vaktaskipta með þeim afleiðingum að það dregur úr afköstum og eykur kostnað. Þar eru fyrirtæki í landbúnaði ekki undanskilin né bændur sjálfir.

Ég vil hvetja bændur til að gæta vel að sóttvörnum heima fyrir svo komist verði hjá smitum heima á búum. Gætum að eigin hreinlæti, nýtum okkur leiðbeiningar sem finna má á heimasíðu Bændasamtakanna, á heimasíðu RML og eins má finna mjög ítarlegar reglur og leiðbeiningar á síðu Landlæknisembættisins. Þetta ástand hefur gert það að verkum að enn verðum við að slá því á frest að hitta bændur vegna útfærslu á félagskerfinu. En það koma tímar og koma ráð og við munum auglýsa það þegar þar að kemur.

Gáleysi og skammsýni

Undanfarinn mánuð hafa miklar verðlækkanir dunið á íslenskum nautakjötsframleiðendum. Hafa sláturleyfishafar borið fyrir sig harðnandi samkeppni við innflutning á lægri aðflutningsgjöldum á sama tíma og markaðurinn dregst saman sökum fækkunar ferðamanna.

Bændasamtök Íslands óskuðu eftir því við stjórnvöld í fyrri bylgju COVID-19 að ekki yrði úthlutað tollkvótum fyrir seinni hluta árs þar sem þá þegar var orðið ljóst að eftirspurn yrði mun minni en áður og úthlutun tollkvóta með óbreyttum hætti myndi grafa undan innlendri framleiðslu og mögulega veikja stoðir hennar verulega. Íslenskt atvinnulíf þyrfti ekki á því að halda í þeirri djúpu efnahagslægð sem landið var þá þegar komið í. Var erindinu hafnað með öllu en sagt að ríkisstjórnin hefði hins vegar ákveðið að ráðast í úttekt á samningnum og í framhaldi af því yrði tekin ákvörðun um hvort óskað yrði eftir viðræðum við ESB um endurskoðun tollasamningsins.

Nú er kominn október og lítið er að frétta af þeirri úttekt en stoðir íslenskrar nautakjötsframleiðslu hafa sannanlega veikst til muna. Þá hafa fundir okkar með ráðamönnum ekki gefið vonir um að samningurinn við ESB verði endurskoðaður í bráð, þrátt fyrir fullkominn forsendubrest hans og þá staðreynd að hið minnsta þrír ráðherrar sitjandi ríkisstjórnar hafa sagt opinberlega að endurskoða þurfi samninginn.

Tekjumissir um 150 milljónir króna

Það sem af er þessu ári hefur innlend framleiðsla dregist saman um 4,6% og innflutningur nautakjöts dregist saman um 16,4% frá árinu áður. Tollkvótar fyrir nautakjöt – sem og aðrar landbúnaðarvörur – hafa hins vegar aukist og verð á þeim fallið hratt, nú síðast um tæp 40% með nýrri úthlutunaraðferð sem var í fyrsta sinn beitt um mitt þetta ár. Tekjumissir greinarinnar vegna þeirra verðlækkana sem hafa dunið yfir kúabændur undanfarið ár nemur um 150 milljónum króna. Það hefði verið ráð hjá íslenskum stjórnvöldum að hið minnsta bíða með að taka upp nýja úthlutunaraðferð, sem ljóst var að hefði verðlækkandi áhrif á bændur, þar til fram yfir heimsfaraldurinn sem nú geisar.

Við útdeilingu tollkvóta frá ESB fyrir seinni hluta þessa árs var sóst eftir 545 tonnum af nautakjöti, tæplega tvöföldu magni á við tollkvótann sem í boði var. Það er því ljóst að ekki er neinn hugur í innflutningsaðilum að draga úr innflutningi þrátt fyrir minnkun markaðarins. Samkeppnin er því í hæstu hæðum og mun ekki minnka, þar sem ljóst er að innflutningsaðilar munu þurfa að koma þessu magni á markaðinn áður en nýir tollkvótar verða boðnir út fyrir fyrrihluta næsta árs.

Verndum íslenska frumframleiðslu

Þegar litið er til allra þeirra aðgerða sem ráðist hefur verið í til að vernda íslenskt atvinnulíf, ásamt hvatningarátökum til Íslendinga um að velja íslenskt og „láta það ganga“ er furðulegt andvaraleysi gagnvart því að vernda íslenska frumframleiðslu á borð við landbúnaðinn. Bændur geta fæstir nýtt sér COVID-19 úrræði stjórnvalda eins og hlutabætur, lokunarstyrki, sértæk lán, laun á uppsagnarfresti og fleira. Bændur reka margir hverjir starfsemi sína á eigin kennitölu. Heimilið og reksturinn er þá undir sama hatti og tapast hvort tveggja ef illa fer. Sú staðreynd hefur reyndar valdið ýmsum vandkvæðum því úrræðin gera yfirleitt ekki ráð fyrir einstaklingsfyrirtækjum. Besta leiðin til að styðja við íslenska framleiðslu á tímum sem þessum er að vernda samkeppnisstöðuna, hið minnsta að tryggja að samkeppnin sé á sanngirnisgrundvelli.

Aðeins 10% af landbúnaðarframleiðslu heimsins eru seld á milli ríkja. Hin 90% eru til neyslu og vinnslu á heimamarkaði. Allir þurfa að borða og allar ábyrgar ríkisstjórnir vita að það má ekki bregðast að íbúarnir hafi aðgang að nægum mat. Um allan heim tíðkast að ríki verndi og styðji innlenda matvælaframleiðslu og þar er Ísland engin undantekning. Rökin að baki eru einkum þau að almenningur og stjórnvöld, í umboði hans, meta það svo að mikilvægt sé að tryggja framleiðsluna í viðkomandi löndum. Menn vilja ekki standa frammi fyrir því að hafa fórnað matvælaframleiðslunni fyrir skammtímagróða, né stóla á innfluttar matvörur eingöngu. Til þess að ná þessum markmiðum nota ríki meðal annars tollvernd. Það er þó ekki nóg að tollvernd sé til staðar, hún þarf að virka.

Sanngjarna samkeppni

Fyrr í vikunni birtust fréttir af máli fyrirtækis sem grunað er um tollalagabrot þar sem innflutt kjöt var ranglega skráð í tollskráningu. Nemur mismunur vegna rangrar skráningar á tollnúmeri tæpum tuttugu milljónum króna í því tilfelli. Bændablaðið hefur undanfarið sagt frá því að misræmi er í magntölum sem sýna innflutningstölur Hagstofunnar til Íslands og útflutningstölur frá löndum Evrópusambandsins á ýmsum landbúnaðarvörum. Þá er ljóst að munurinn í magntölum sumra vöruflokka er gríðarlega mikill. Ef hægt er að rekja það misræmi til rangra skráninga við tollskráningu þá kemur það augljóslega niður á möguleikum íslenskra bænda að koma vörum sínum á markað. Á meðan staðan er með þeim hætti er seint hægt að segja að samkeppnin sé sanngjörn.

Menn geta sagt að þessi grein eigi bara að þola samkeppnina. En hún þarf að vera sanngjörn. Aðstæður verða að vera þannig að vilji sé til framleiðslunnar hérlendis. Sé ekki gætt að því, bresta undirstöður hennar og hún hverfur á endanum að mestu. Þegar hún er einu sinni farin kemur hún ekki svo auðveldlega aftur. Þá verður ekkert val. Viljum við það?

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Horft yfir Húsavík og Skjálfandaflóa til vesturs af Húsavíkurfjalli. Handan flóans blasa við Kinnafjöll og Víknafjöll. Örnefnið Húsavík er talið vera eitt hið elsta á Íslandi. Í Landnámabók (Sturlubók) segir frá Garðari Svavarssyni, sænskum víkingi, sem sigldi til landsins og umhverfis það og uppgötvaði að það var eyja. Nefndi hann landið Garðarshólma. Garðar hafði vetursetu á Húsavík, byggði sér hús og af því er nafnið talið dregið. Þegar Garðar sigldi burt, vorið eftir, sleit frá honum bát sem á var maður nefndur Náttfari, ásamt þræl og ambátt. Þingeyingar hafa löngum litið á Náttfara sem fyrsta landnámsmanninn og því fögnuðu þeir 11 alda afmæli Íslandsbyggðar árið 1970, fjórum árum fyrr en flestir aðrir landsmenn.
Mynd / Hörður Kristjánsson.

HLAÐAN HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS

Anna María Björnsdóttir er viðmælandi Berglindar í Havarí hlaðvarpi. Þær ræða um lífræna ræktun í Danmörku og heimildamynd sem Anna vinnur nú að um lífræna framleiðslu á Íslandi.

Havarí hlaðvarp – samtal um lífræna ræktun og framleiðslu:

Lífræn framleiðsla í hæstu hæðum í Danmörku

– Anna María vinnur að heimildamynd um lífræna framleiðslu á Íslandi

Hlaðvarpið Havarí – samtal um lífræna ræktun og framleiðslu, er komið úr sumarfríi og fór fimmti þáttur í loftið á Hlöðunni í byrjun vikunnar.

Þátturinn að þessu sinni er helgaður „dönsku leiðinni“ svokölluðu, en það er sú leið sem Danir hafa farið í viðleitni sinni til að auka og efla lífræna framleiðslu og er sú leið leidd af samtökunum Lífræn Danmörk. Berglind Häsler er umsjónarmaður hlaðvarps Havarí og talar hún við Önnu Maríu Björnsdóttur. Anna María bjó í Danmörku í tíu ár og er mikil áhugakona um lífræna framleiðslu. Frá því í vetur hefur Anna María unnið að heimildamynd um lífræna framleiðslu á Íslandi og nú í sumar þvælst um landið og spjallað við framleiðendur.

Kú í selfie-myndatöku á Neðra-Hálsi.

Hægt er að hlusta á hlaðvarpið á öllum helstu streymisveitum veraldarvefsins en auk þess má finna grein á vefsíðu Bændablaðsins, bbl.is, með uppskrift að þættinum.

Ástand grunnvatns leiddi til heildrænnar stefnu

Danir eiga heimsmetið í markaðshlutdeild á lífrænum vörum, sem er þó aðeins 12%. Anna María hefur kynnt sér „dönsku leiðina“ og samtökin Lífræn Danmörk sem leiða það verkefni.

„Það sem ég veit um það er að Danir voru fyrstir í heiminum til að setja sér reglur um lífræna framleiðslu, svo settu þeir sér stefnu í kringum 1990 um að efla lífrænan landbúnað og lífræna framleiðslu. Þær upplýsingar sem ég hef fengið frá ýmsum er að þetta hafi sprottið upp úr neyð vegna þess að grunnvatnið var orðið svo mengað og það kemur mikið til úr nítrati úr tilbúnum áburði sem lekur niður í grunnvatnið – ástandið var orðið þannig að það voru ekki lengur til ómenguð vatnsból í Danmörku og þá þurftu þeir að setjast yfir þetta og leita lausna.“

Úr varð heildræn stefna sem teygði sig yfir alla stjórnsýsluna og langt út fyrir hana. Jafnframt var hrint af stað markaðsátaki. „Því þeir vissu að ef þeir ætluðu að efla lífrænan landbúnað þá þyrfti að vera markaður fyrir hann. Þannig að upplýsingamiðlun til neytenda var efld.“

Vill auka áhuga á lífrænni framleiðslu á Íslandi

Áhugi Önnu Maríu á lífrænni framleiðslu jókst enn meira eftir að hún flutti aftur heim. Hún fann að hana langaði til að hafa áhrif og hjálpa til við að ýta undir áhuga hér á landi. Það var þá sem hún ákvað að vinna heimildamynd um efnið. Með því vildi hún jafnframt kanna hver

Hvítkálsuppskera á lífrænu býli í Danmörku.

staða lífrænnar framleiðslu sé á Íslandi og hvert við stefnum.

„Hér eru aðeins í kringum 30 lífrænir framleiðendur af 3.000 að mér skilst. Það er auðvitað mjög lítið og þar af eru margir af þeim bændum sem hafa unnið að þessu í 30 ár og sumir þeirra eru farnir að íhuga að hætta, komnir á þann aldur, og þá hugsar maður auðvitað, hver tekur við? Þessir bændur búa líka yfir mikilli vitneskju um íslenskar aðstæður og að eigin sögn hafa þeir svolítið synt á móti straumnum, í áratugi, og verið oft einir í sinni sveit – lífrænir. Mér finnst það mjög aðdáunarvert og að sjá að á þessum 30 árum sem hér hefur verið stunduð lífræn ræktun þá erum við enn bara með 1%. Þetta hefur ekki aukist eins og í löndunum sem við berum okkur saman við þar sem lífræn framleiðsla fer vaxandi – sérstaklega á síðustu fimm árum. En við stöndum í stað og þá velti ég því fyrir mér að ef Ísland fylgir með þessari þróun, þ.e.a.s ef neytendur fara að kalla eftir lífrænum vörum í auknum mæli – þurfum við þá að snúa okkur

Ólafur Dýrmundsson í viðtali fyrir heimildamynd Önnu Maríu.

að enn meiri innflutningi?“ Það sé því til mikils að vinna með því að efla lífræna framleiðslu á Íslandi.

Við vinnslu á heimildamynd sinni komu umhverfismálin Önnu Maríu mest á óvart og hvað það er til mikið af vitneskju þarna úti um ágæti lífrænnar framleiðslu en hún hefur ekki skilað sér til neytenda, til almennings.

„Það kannski vantar stundum þessa miðlunarleið. Ég held að það eigi alveg við um allan heiminn en það hefur verið erfitt, hef ég komst að með mínum samtölum, að það virðist vera svolítið erfitt að fá fólk á þennan vagn og fá fólk til að hlusta,“ segir Anna María.

Evrópusambandið hefur sett sér markmið um að hlutfall lífræns vottaðs lands verði 25% árið 2030 og Danir stefna enn hærra, 30%, og sama gildir um markaðshlutdeild á lífrænum vörum. Á Íslandi er hlutfallið 1% og hefur lengi staðið í stað en ekki hafa verið sett nein markmið um að hækka hlutfallið.

Hægt er að lesa sér til um dönsku leiðina á vefsíðunni organicdenmark.com. Þess má geta að nú hefur átaksverkefni verið hrundið af stað hér á landi undir heitinu Lífrænt Ísland. Verkefnið er stutt af atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu auk Bændasamtaka Íslands og það er VOR sem leiðir verkefnið.

Hlaðvarp Havarí – samtal um lífræna ræktun og framleiðslu, eru unnir í samstarfi við VOR, félag lífrænna framleiðenda og Bændablaðið.

MÆLT AF MUNNI FRAM 259

Friðbjörn Björnsson, bóndi í Staðartungu í Hörgárdal, f. 1873, d. 1945, var einn albesti hagyrðingur síns tíma. Hvergi hef ég komist yfir neitt heildstætt af vísum hans, en sem betur fer er þó að finna vísur hans í tímaritum og bókum. Það sem lifir þáttar verða birtar vísur eftir Friðbjörn í Staðartungu.

Eitt sinn fór trúboði um sveitina, Halldór að nafni. Hugðist hann umvenda bónda nokkrum er **Þórður** hét. Þá orti Friðbjörn:

Hugsa ég það Halldóri
harðsótt verði glíma.
Að gera Þórð að guðsbarni
getur kostað tíma.

Friðbjörn var á ferðalagi og mætti manni sem rausaði mjög og óbærilega:

Mikið þvældi þornagrér,
þvaðri ældi framúr sér,
kjaftinn skældi, kjálkaber,
klárinn fældi undir mér.

Þessa mergjuðu mannlýsingu formaði **Friðbjörn** í vísu:

Krepptar að mér krumlur skók
kauði einskis nýtur.
Húfa, treyja, buxur brók,
beinagrind og skítur.

Nágranni **Friðbjörns** var sæmdur riddarakrossi og var sá harla drjúgur yfir. Friðbjörn kvað:

Karli til um krossinn fannst,
frá kónginum var hann fenginn.
En fyrir hvað sú vegsemd vannst,
það vissi nú bara enginn.

Sveitungi **Friðbjörns** fór með sláturfé sitt til Akureyrar. Hann kom síðan heim með öll slátrin úr fénu en sagðist hafa selt alla hausana. Þá Friðbjörn heyrði af viðskiptunum orti hann:

Sigmundur í Seli er
síst af öllu vitur;
hraklegasta heim með sér
höfuðið ‘ann flytur.

Sami **Sigmundur** þurfti einhvern tímann að heiman. Var honum bent á að hafa fataskipti, en hann vildi fara í gegningagallanum, sem víst var farið að falla verulega á. **Friðbjörn** hlustaði á samtalið og lagði eftirfarandi til málanna:

Sýnist mér að Sigmundi
sæmi galli skrítinn.
Hann er meir en helmingi
hlýrri fyrir skítinn.

Friðbjörn samdi við bónda einn um kaup á kú fyrir ákveðið verð. Annar bóndi kom hins vegar og bauð sjötíu krónum hærra, og fékk kúna. Þetta gramdist Friðbirni svo að hann orti:

Orðheldnin er ýmsum hjá
ekki í háu verði núna.
Kristján seldi sína á
sjötíu krónur- upp í kúna.

Eftir kosningu fulltrúa á Sambandsþing orti **Friðbjörn**:

Vina minna vitfirring
varla spáir góðu,
að kjósa og senda á Sambandsþing
sjálfsálit í skjóðu.

Og eftir einhverjar aðrar kosningar orti **Friðbjörn**:

Illa kaustu, Manni minn,
mér þótti það skitið
hvernig blessuð brjóstgæðin
bældu niður vitið.

Friðbirni mun hafa þótt gott að fá sér í staupið:

Verum kátir öls við ál,
eyðum gráti og trega.
Nú má láta sál við sál
svigna mátulega.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Fire blight leggst á plöntur af rósaætt og getur leikið þær mjög illa.

MAST rannsakar plöntusjúkdóma:

Ólíklega eldibrandur

Í sumar kom upp sjúkdómur í plöntum sem mögulega var talinn vera það sem kallast Fire blight, eða eldibrandur, eins og sjúkdómurinn var kallaður. Niðurstaða rannsókn Mast sýna að líklega er ekki um þann sjúkdóm að ræða þrátt fyrir að hann finnist víða í nágrannalöndum okkar.

Brynjar Rafn Ómarsson, fagsviðsstjóri eftirlits með plöntuheilbrigði, segir að eftir að umræða um sjúkdóminn kom upp hafi Matvælastofnun tekið svokölluð hrað- eð strimlapróf af sýktum sýnum í Reykjavík, austur á Selfoss og upp í Borgarnes, sem er svæði sem þeir fengu tilkynningar um að smit gæti verið að finna. „Strimlapróf að þessu tagi eru mjög sértæk og öll sýnin 22 sem við tókum reyndust vera neikvæð hvað varðar þennan ákveðna sjúkdóm og því líklegt að ekki sé um Fire blight að ræða.“

Sýni verða send til Noregs

Þar sem strimlapróf eins og Mast notaði skimar eingöngu fyrir ákveðnum sjúkdómum er ekki útilokað að um annan sjúkdóm en eldibrand sé að ræða.

Að söng Brynjars gefur augaleið að það er eitthvað að hrjá plönturnar þótt það sé ekki akkúrat Fire blight. „Hugmyndir er að senda sýni til nákvæmrar greiningar til Noregs næsta vor. Ástæðan fyrir því að það er ekki gert í ár er að það var talsvert liðið á sumarið og því fylgir skriffinnska að fá leyfi til að senda sýkta plöntuhluta til greininga milli landa og það ferli tekur nokkrar vikur. Það skekkti tímarammann og

Brynjar Rafn Ómarsson, fagsviðsstjóri eftirlits með plöntuheilbrigði.

sú greining ekki orðið nógu markviss. Við ákváðum því að hafa vaðið fyrir neðan okkur og sækja um leyfið tímanlega og senda sýnin út til greiningar næsta vor eða snemma næsta sumar.“

Ekki í viðauka reglugerða um innflutning plantna

„Fire blight er ekki, frekar en ýmsir aðrir plöntusjúkdómar, sérstaklega tilgreindur á Íslandi sem vandamál og ekki í viðauka við reglugerð um innflutning á plöntum. Hann er það í nágrannalöndum okkar og á varúðarlista EPPO, European and Mediterranean Plant Protection Organization, sem fylgist með plöntuheilbrigði og útbreiðslu plöntusjúkdóma í Evrópu og full ástæða til að hafa auga með honum.“

/VH

Ullin nýtist í fjölbreytta hönnun og handverk

Í Hönnunarsafni Íslands á Garðatorgi í Garðabæ stendur nú yfir sýningin 100% ull þar sem þátttakendur koma frá ólíkum sviðum hönnunar og handverks. Sýnendurnir eiga það sameiginlegt að vinna af hugvitssemi með íslensku ullina í sínum afurðum.

Sýningin stendur til 15. nóvember þar sem hægt er að sjá vörur úr íslenskri ull, hinu klassíska og náttúrulega efni sem býður upp á marga möguleika. Sýnendur eru Ásthildur Magnúsdóttir vefari, Magnea Einarsdóttir fatahönnuður, verslunin Kormákur & Skjöldur, fyrirtækið Kula by Bryndís, sem sérhæfir sig í hljóðvistarlausnum, samstarfsverkefnið Ró ásamt ullarvinnslufyrirtækinu Ístex. Sýningarstjórar eru Birgir Örn Jónsson og Signý Þórhallsdóttir.

Þóra Sigurbjörnsdóttir, sérfræðingur hjá Hönnunarsafni Íslands, var að undirbúa komu nemenda af miðstigi í grunnskóla í Garðabæ sem vefja ullarbandi um greinar sem safnað er saman á sýningunni.

Á sýningunni 100% ull er efniviðurinn sýndur í ýmsum litum og útfærslum.

Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar fékk árið 2018 fatahönnuðinn Gunnar Hilmarsson til liðs við sig til að framleiða vaðmál úr íslenskri ull.

Ullin mikilvægur gjaldmiðill

Í kynningu frá Hönnunarsafni Íslands segir eftirfarandi: Ullarvinnsla hefur löngum verið samofin handverks- og iðnaðarsögu þjóðarinnar. Í dag telur íslenski sauðfjárstofninn hálfa milljón kindur. Um 750 tonn af ull eru nýtt í ullarframleiðslu á hverju ári. Ullarvörur voru um langt skeið ein helsta útflutningsvara Íslendinga og á miðöldum var vaðmál, sem ofið var úr ull og mælt í álnum, mikilvægur gjaldmiðill. Enn í dag er talað um að komast í álnir í þeirri merkingu að verða efnaður.

Vinnsla á ull fór fram á heimilum samhliða bústörfum til loka 19. aldar þegar hún færðist yfir í vélvæddar verksmiðjur. Á 20. öld var blómleg framleiðsla á fatnaði og vefnaðarvöru á Íslandi. Með breyttri heimsmynd færðist slík framleiðsla til annarra heimshluta þar sem framleiðslukostnaður er lægri. Í dag sér fyrirtækið Ístex um að þvo, meðhöndla og spinna um 99% af allri íslenskri ull en minni og sérhæfðari ullarvinnslur eins og Uppspuni og Þingborg hafa skotið upp kollinum á seinni árum.

/ehg

Samkomutakmarkanir vegna COVID-19 hafa áhrif á handverkssýningu í Eyjafirði:

Sýningu í Hlíðarbæ breytt í minni sýningar og netverslun

„Stemningin á þeim viðburðum sem við höfum haldið í Hlíðarbæ í Eyjafirði hefur verið virkilega góð. Þetta hafa verið mjög fallegar sýningar og handverkið og vörurnar fengið að njóta sín. Hlíðarbær er mátulega stórt hús og það myndast þarna mjög jákvætt, hlýtt og notalegt andrúmloft,“ segir Sigrún Björg Aradóttir, sem ásamt Kristínu B. Bjarnadóttur stendur í brúnni í félagsskapnum Norðlensk hönnun og handverk.

Þær hafa staðið fyrir sýningum þar sem saman koma hönnuðir, handverksfólk og matargerðarfólk.

Kristín S. Bjarnadóttir hjá Blúndum og blómum sem ásamt Sigrúnu Björgu Aradóttur hjá Agndofa hönnunarhúsi hugðust efna til sýningar í Hlíðarbæ um helgina. Vegna hertra samkomutakmarkana leita þær annarra leiða.

Sýningin í Hlíðarbæ breytist í minni sýningar og netverslun

Til stóð að halda sýningu 16 smáfyrirtækja í Hlíðarbæ nú um komandi helgi en vegna hertra samkomutakmarkana í upphafi vikunnar varð kúvending þar á.

„Við vorum undirbúnar fyrir allt sem gat gerst, nema bara ekki 20 manna samkomuhámark, það ráðum við ekki við,“ segir Kristín og bætir við að sem betur fer sé hönnunar- og handverksfólk svo skapandi og fljótt að hugsa. Nú þegar hafi orðið til minni viðburðir í stað Hlíðarbæjarsýningarinnar, auk þess sem boðið verður upp á vörur sýnenda í netverslunum sem finna má á heimasíðu Norðlenskrar hönnunar og handverks. Sýningin í Hlíðarbæ átti að verða þriðja sýningin af þessu tagi sem þær stöllur setja sameiginlega upp, en tvær sýningar voru haldnar á liðnu ári og tókust einstaklega vel að sögn Sigrúnar. Í kjölfarið bárust fyrirspurnir frá fólki sem vildi gjarnan taka þátt enda mikil gróska í hönnun og handverki hér á Norðurlandi og það hefur myndast skemmtilegt og hvetjandi andrúmsloft á milli sýnenda og gesta. Allir hjálpast að, nýjar hugmyndir verða til og tengslanetið styrkist.

„Stefnan hjá okkur er fyrst og fremst að gefa listafólki og frumkvöðlum á þessu sviði tækifæri á að kynna sig, stækka og eflast,“ segir hún.

Nokkrir sýnendur sem ætluðu að vera í Hlíðarbæ standa fyrir opnum húsum og taka á móti fólki undir ströngum viðmiðum sóttvarna á nokkrum stöðum um næstu helgi. Bryndís Fanný Halldórsdóttir hjá Línuland og Sigrún Björg Aradóttir hjá Agndofa hönnunarhús verða í Njarðarnesi 2 á Akureyri. Opið verður í Sigluvík á Svalbarðaströnd í samvinnu við Flóamarkaðinn og Gistiheimilið í Sigluvík en þar verða þær Guðríður Baldvinsdóttir með Mórúnir – jurtalitun og handverk, Hulda Ólafsdóttir með Hjartalag, Kristín S. Bjarnadóttir með Blúndur og blóm og Ragna Erlingsdóttir með R-rabarbara.

Einnig bjóða þó nokkrir sýnenda fólki upp á að nálgast vörur í gegnum netverslun en nánari upplýsingar má finna á vef- eða Facebook-síðum norðlenskrar hönnunar.

/MÞÞ

HAUGMELTA FYRIR BÚSKAPINN

- Örugg og auðveld meðhöndlun búfjáráburðar.
- Meiri einsleitni sem bætir flæði í leiðslum og auðveldar dreifingu áburðarefna.
- Myndar himnu á mykju í haughúsum.
- Bindur köfnunarefni (N) og takmarkar útskolun áburðarefna, sem gerir mykjuna að betri áburði.
- Auðveld í notkun og minnkar lykt.
- Auðveldar vinnuferlið!

SeoFoss®

SeoFoss er haugmelta úr vandlega samsettum steinefnum sem hafa framúrskarandi hæfileika til jónaskipta.

NÝ VARA!

freshFoss

DREGUR ÚR HITAMYNDUN Í FÓÐRI

HITNAR Í HEILFÓÐURBLÖNDUNNI?

Tryggðu þér hágæða fóður með því að blanda FreshFoss í skammtinn áður en fóðrið hitnar.

FreshFoss dregur úr hitamyndun í fóðri eftir blöndun. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar raki er til staðar í fóðrinu eða heitt er í veðri.

FreshFoss er laust við eiturefni og ætir ekki fóðurblöndunartæki.

Búvörur SS | Fosshálsi 1, Reykjavík - 575-6070 | www.buvorur.is | buvorur@ss.is

FRÉTTIR

Svínapest innan landamæra Þýskalands breiðist hratt út – Yfirvöld sökuð um seinagang:

Stórútflutningur Þjóðverja á svínakjöti í uppnámi

– Sjö stærstu ríkin í kaupum á þýsku svínakjöti banna innflutning og Matvælastofnun á Íslandi er með málið í skoðun

Julia Klöckner, landbúnaðarráðherra Þýskalands, staðfesti þann 10. september að fyrsta tilfellið af afrísku svínapestinni (ASF) hafi fundist í landinu. Þá hafði fundist hræ af smituðum villigelti í ríkinu Brandenburg í austurhluta Þýskalands. Þann 23. september höfðu fundist 32 smituð villisvín í Þýskalandi og voru staðfest smit orðin 46 þann 7. október. Illa virðist ganga hjá yfirvöldum að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

Þjóðverjar líta málið mjög alvarlegum augum, enda hefur svínapestin leikið svínarækt í mörgum ríkjum grátt. Þó hvergi eins illa og í Kína þar sem hollenski bankinn Robobank hefur áætlað að meira en 40% af 360 milljóna dýra svínastofni hafi drepist. Svínapestarvírusinn hefur nú fundist í 10 Evrópulöndum.

Villisvínum hefur farið fjölgandi í Evrópu. Dýr sem smitast af afrísku svínapestinni geta m.a. borið smit í fóður á ökrum sem síðan ratar inn í svínabú.
Mynd / Eruonews

Margar þjóðir hafa orðið illa fyrir barðinu á svínapestinni, en þessi mynd er frá Rússlandi.

Skammt frá pólsku landamærunum

Hræið af smitaða villigeltinum sem fyrst fannst í Þýskalandi var í 6 km fjarlægð frá pólsku landamærunum og í um 30 km fjarlægð frá þeim stað sem slíkt smit var síðast staðfest í Póllandi. Sýni úr hræinu var tekið til rannsóknar hjá rannsóknastofu Loefflerstofnunarinnar í Þýskalandi sem staðfesti að um afrísku svínapestina (AFS) væri að ræða. Engin lyf eru enn til við þessum mjög svo smitandi sjúkdómi sem er með 100% dánartíðni. Hann dregur svín nær undantekningarlaust til dauða á innan við sjö dögum.

Verið er að koma upp um 120 km löngum rafmagnsgirðingum til að hefta för villisvína í Þýskalandi og útbreiðslu á afrísku svínapestinni.

Þjóðverjar að missa tökin á svínapestinni

Síðustu fréttir af útbreiðslu afrísku svínapestarinnar í Þýskalandi eru taldar alvarlegt bakslag fyrir þýska svínaframleiðendur og sláturiðnaðinn. Þar með einnig fyrir dönsku svínaframleiðendurna sem senda smágrísi til Þýskalands eða eiga á annan hátt viðskipti við kollega í suðri.

Nýjustu tíðindi af útbreiðslu pestarinnar sýna að þýsk yfirvöld hafa ekki stjórn á málinu og eykur þetta verulega áhyggjur af frekari útbreiðslu. Alls hefur nú verið staðfest að 38 villisvín eru smituð af afrísku svínapestinni og óttast menn nú að pestin sé búin að herja á svín á svæðinu mun lengur en talið var. Á hinn bóginn eru enn engar fregnir af faraldri í eldisdýrum í Þýskalandi.

Varaði við andvaraleysi

Stig Mellergaard, aðalráðgjafi um dýraheilbrigði hjá dönsku dýralæknis- og matvælastofnuninni, hafði áður varað við andvaraleysi Þjóðverja eftir að smit hafði greinst í svínum Póllandsmegin við landamærin. Sagði hann þá að þegar menn uppgötvuðu svona sjúkdóm væri líklegt að hann hafi þegar verið á svæðinu í einn til tvo mánuði. Auk þess hefur verið bent á að smit hafi getað borist á önnur svæði með skrokkum villisvína sem veiðimenn hafi verið að skjóta. Eftirlit hefur nú verið hert með villisvínaveiðum á smituðum svæðum.

Smit hefur borist minnst 80 km á tíu dögum

Nú hafa smituð villisvín fundist í norðurhluta Bleyen, eða í um 80 kílómetra fjarlægð frá þeim stað sem fyrsta smitið fannst. Hafa þýsk yfirvöld þannig fengið enn stærra svæði til að fylgjast með smiti. Bráðabirgðatilkynningar benda til þess að setja eigi upp rafmagnsgirðingar á Bleyensvæðinu, rétt eins og komið var fyrir í Neuzelle.

Þjóðverjar gerðu sér vonir um að kínversk yfirvöld myndu samþykkja að kaupa áfram svínakjöt af svæðum utan skilgreindra sýkingarsvæða, en þær vonir virðast orðnar að engu.

Tugum þúsunda eldissvína slátrað í Póllandi

Í Póllandi heldur svínapestin áfram að breiðast út og tölur í síðustu viku sýna að slátra þurfi 846 eldissvínum í Mið-Póllandi. Hafa nú tæplega 100 hjarðir orðið fyrir áhrifum pestarinnar síðan í janúar, samkvæmt frétt þýska fjölmiðilsins Fleischwirtschaft. Vegna þessa hefur 56.800 innlendum eldissvínum verið slátrað til að reyna að hemja útbreiðslu sýkinnar.

Þjóðverjar langstærstu svínakjötsframleiðendur í Evrópu

Þýskaland er langstærsti svínakjötsframleiðandinn í Evrópu. Áætlað er að svínakjötsframleiðsla Þjóðverja á árinu 2020 muni nema um 5,2 milljónum tonna, sem er örlitlu minna en á síðasta ári.

Um 50 þúsund tonn á mánuði til Kína

Þýskaland er stærsti útflytjandi í álfunni á svínakjöti til Kína. Hafa Þjóðverjar flutt þangað yfir 50.000 tonn af svínakjöti á mánuði samkvæmt frétt á vef National Hog Farmer í lok september. Þá er þýskt svínakjöt um 14% af öllu svínakjöti sem flutt er inn til Kína. Þýskaland er fjórði stærsti svínakjötsútflytjandi í heimi á eftir Bandaríkjunum, Spáni, og Kanada, með yfir 9% hlutdeild á útflutningsmarkaði.

Helstu kaupendur banna svínakjötsinnflutning frá Þýskalandi

Fréttin af svínapestinni í Þýskalandi hafði strax þau áhrif 11. september að bæði Suður-Kórea og Japan settu bann á innflutningi á svínakjöti frá Þýskalandi. Á árinu 2019 fluttu Japanir inn yfir 40 þúsund tonn af svínakjöti frá Þýskalandi. Í kjölfarið bönnuðu yfirvöld í Kína, Brasilíu, Argentínu, Mexíkó og á Filippseyjum líka innflutning á svínakjöti frá Þýskalandi.

Samtök bænda gagnrýna seinagang yfirvalda

Samtök bænda í Þýskalandi (Deutscher Bauerverband - DBV) hafa kallað eftir því að yfirvöld kæmu upp villisvínalausu belti meðfram pólsku landamærunum. Hafa samtökin harðlega gagnrýnt yfirvöld í Brandenburg fyrir skilningsleysi á málinu. Haft er eftir Bernhard Krüsken, formanni samtakanna, að það hafi nákvæmlega enginn skilningur verið á málinu frá fyrsta degi. Viðbrögð hafi verið mjög sein og fjöldi viðbragðssveita væru að vinna að málinu hlið við hlið án nokkurrar samræmingar. Landbúnaðarráðherrann, Julia Klöckner, reyndi að hughreysta bændur og sagði að þeir yrðu ekki skildir eftir með þennan vanda. Þar yrðu m.a. tekin upp úrræði varðandi geymslu á kjöti sem ekki yrði hægt að selja úr landi.

Risabanki reynir að róa markaðinn

Hollenski fjölþjóðabankinn Rabobank, sem er næststærsti banki Hollands, reyndi að hughreysta fjárfesta á hrávörumarkaði í fyrri viku með að langtímaáhrif á svínakjötsmarkaðinn yrðu kannski ekki eins alvarleg og ætla mætti. Hljómaði það dálítið sérkennilega í ljósi innflutningsbanns fjölda ríkja á svínakjöti frá Þýskalandi. Þá höfðu smit greinst á tveimur stöðum í ríkinu Brandenburg við landamærin að Póllandi, þ.e. í OderSpree og Spree-Neissde.

Landbúnaðarráðuneyti Þýskalands setti af stað hæsta viðbúnaðarstig, enda talið erfitt að koma í veg fyrir útbreiðslu veikinnar í Þýskalandi með villtum svínum. Danir höfðu áður brugðist við með því að reisa sérstaka girðingu á landamærunum að þýskalandi sem á að koma í veg fyrir að villt svín frá Þýskalandi ráfi mögulega yfir landamærin.

Búið er að koma upp tvöföldu kerfi rafmagnsgirðinga í kringum svæðin þar sem smit hafa fundist í Þýskalandi, en það virðist ekki hafa dugað. Þá hafa yfirvöld sett í gang leit að villisvínum í því augnamiði að reyna að komast að því hversu útbreidd svínapestin sé orðin. Er notast við hunda og þyrlur við leitina. Hundarnir hafa verið fluttir á svæðið frá Rínarhéraðinu Palatinate og frá Schleswig-Holstein. Eru þeir sérþjálfaðir í að finna svínahræ en snerta þau ekki. */HKr*

Afurðaverð til sauðfjárbænda – Leiðréttingar

Í umfjöllun um afurðaverð til sauðfjárbænda á blaðsíðu 4 í síðasta blaði slæddust inn nokkrar villur í töflu sem þar fylgdi. Þar kom fram að reiknað landsmeðal afurðaverðs væri 444 krónur á kíló dilka, en það var hins vegar 502 krónur. Síðan hefur Norðlenska hækkað hjá sér afurðaverð fyrir dilkakjöt um 2,2 prósent á kílóið þannig að landsmeðaltal stendur nú í 504 krónum.

Breytingar frá 2019

Sláturleyfishafi	Lömb	Fullorðið
SS	8,5%	-2%
NL	6,4%	0%
SAH	9%	0%
KS og SKVH	6%	0%
Fjallalamb	5,7%	-8,6%
SV	8,5%	0%
Landsmeðaltal	**7,1%**	**-0,83%**

Verð 2020

Sláturleyfishafi	Lömb	Fullorðið
SS	505 kr.	121 kr.
NL	490 kr.	111 kr.
SAH	503 kr.	114 kr.
KS og SKVH	508 kr.	139 kr.
Fjallalamb	483 kr.	111 kr.
SV	507 kr.	117 kr.
Landsmeðaltal	**502 kr.**	**124 kr.**

Þá var hækkunin á afurðaverði fyrir fullorðið hjá KS og SKVH sögð vera 18,5 prósent frá síðasta ári, en hið rétta er að verðið er það sama á milli sláturtíða.

Verð hjá Fjallalambi fyrir fullorðið á að vera 111 krónur á kílóið, en ekki 122 krónur, og breyting Fjallalambs er því lækkun um 8,6 prósent en ekki hækkun um 8,6 prósent eins fram kom í töflunni í síðasta blaði. */smh*

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Hlýtt og gott í vetur

30%

Hitablásari
2000W, hvítur.
1841267
2.790 kr
~~3.990 kr~~

Hitablásari
1000W/2000W.
1807593
2.295 kr
~~2.890 kr~~

20%

20%

Olíufylltur rafmangsofn
7 eininga, 1500W. 1807590
8.312 kr
~~10.390 kr~~

Olíufylltur rafmangsofn
9 eininga, 2000W. 1807591
9.112 kr
~~11.390 kr~~

Olíufylltur rafmangsofn
11 eininga, 200W. 180759
10.872 kr
~~13.590 kr~~

Olíufylltir rafmagnsofnar
Olíufylltir rafmangsofnar 7-11 ein., 3 hitastillingar,stillanleg termostat, sjálfvirkur öryggis útsláttarofi. 1807590-91-92



20%

HENRAD

HENRAD OFNAR 10 ÁRA ÁBYRGÐ

Afkastamiklir miðstöðvar-ofnar sem nýta hitann vel

HAUSTTILBOÐ

Síðasta sendingin á gamla verðinu

Næsta sending mun hækka um 15-25% - Eigum öll garðhús á lager núna

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR

www.volundarhus.is

44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöð-var Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

GARÐHÚS 4,4m²

GARÐHÚS 4,7m²

GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs

GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

VH/20-02

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

MasterCard Staðgreiðslu lán

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

FRÉTTIR

Snorri Sigurðsson frá Kína til Arla Foods í Nígeríu

Snorri Sigurðsson, sem er lesendum Bændablaðsins að góðu kunnur fyrir reglubundin skrif um fagleg málefni landbúnaðar, hefur undanfarin ár gegnt stöðu eins af framkvæmdastjórum Arla Foods í Kína og haft yfirumsjón með rekstri hins Dansk-kínverska Mjaltatækniseturs. Snorri hefur nú verið ráðinn til Arla Foods í Nígeríu og mun flytjast þangað, ásamt konu sinni, Kolbrúnu Önnu Örlygsdóttur, eftir áramótin.

Snorri Sigurðsson.

Arla Foods, sem er fjórða stærsta fyrirtækið í mjólkurvinnslu í heiminum og með nærri 100-falda mjólkurinnvigtun á við allt Ísland, hefur á undanförnum árum lagt mikla áherslu á uppbyggingu starfsemi sinnar utan Evrópu. Hingað til hefur félagið lagt mesta áherslu á Mið-Austurlönd þar sem hefur náðst einstakur árangur og félagið er langstærsti söluaðili mjólkurvara þar í dag. Þá hefur undanfarið verið lögð mikið áhersla á kínverska markaðinn og nú er svo komið að félagið er stærsti innflytjandi á mjólk til landsins og hefur þar með sett hið þekkta Fonterra afturvfyrir sig. Nú hafa forsvarsmenn félagsins hins vegar ákveðið að setja mikinn kraft í uppbyggingu Arla Foods í Vestur-Afríku. Þar hefur orðið ör breyting á undanförnum árum og sér í lagi í Nígeríu með mikilli hlutfallslegri aukningu á tekjum með tilheyrandi fólksfjölgun og aukinni almennri velmegun.

Nígería er sú þjóð sem vex hvað örast í heiminum og er talið að þar muni um 400 milljónir búa árið 2050. Svo ör vöxtur kallar á stóraukna framleiðslu á matvælum og Arla Foods hefur alltaf þá stefnu að bæði flytja inn mjólkurvörur frá eigendum sínum í Norður-Evrópu en einnig að byggja upp eigin vinnslu í viðkomandi landi.

Þar sem mjólkurframleiðslan í Nígeríu er næsta lítil, einungis 0,4 milljarðar lítra, eru mikil sóknarfæri í mjólkurframleiðslu í landinu fyrir Arla Foods. Það verður einmitt verkefni Snorra að sjá um þessa þróunarstarfsemi félagsins, sem m.a. felst í því að byggja upp og efla mjólkurframleiðslu landsins í samstarfi við þarlend stjórnvöld og mun Arla Foods samhliða byggja upp eigin afurðavinnslu til þess að vinna úr allri mjólkinni sem verður framleidd á komandi árum. */HKr.*

Einangrunarstöðin á Stóra-Ármóti. Mynd /MHH

Sex Anguskálfar í Stóra- Ármóti komnir í 9 mánaða einangrun

Nýlega voru þeir sex Anguskálfar sem fæddust í sumar á Einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti í Flóahreppi teknir undan kúnum og settir í einangrun þar sem þeir verða næstu níu mánuðina.

Kálfarnir eru rúmlega þriggja mánaða en þeir eru undan Emil av Lillebakken 74028, sem er eitt besta Angusnautið í Noregi í dag. Kvígurnar eru 3 og heita Emelía, Endurbót og Etna. Nautin eru líka þrjú og heita Emmi, Erpur og Eðall. Þetta kemur m.a. fram á vefsíðu Búnaðarsambands Suðurlands. Þar kemur líka fram að sú nýbreytni verður tekin upp að kálfarnir verða viðraðir af og til í útigerði á þessum níu mánuðum. */MHH*

RAFSKUTLUR

Verð frá
kr. 595.000 m/vsk.

Fyrstu sinnar tegundar á Íslandi.

www.sigmundsson.is
Desjamýri 1, 270 Mosfellsbæ
S. 856 4871

SIGMUNDSSON
www.sigmundsson.is

Fjárlagafrumvarp 2021:

Aukin framlög til jöfnunar dreifikostnaðar raforku, þrífösunar og úrbóta á varaafli

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021, og fjármálaáætlun 2021–2025, koma fram áform ríkisstjórnarinnar um aukin framlög til jöfnunar dreifikostnaðar raforku, flýtingu á jarðstrengjavæðingu og þrífösun dreifikerfis raforku og úrbóta á varaafli.

Þetta eru allt atriði sem mjög hafa brunnið á fólki víða um land sem oft hefur orðið illa úti á liðnum misserum og árum vegna slitinna raflína og rofs á fjarskiptum. Í kynningu á þessu máli segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra:

„Þessi þrjú verkefni styðja öll við þá stefnu okkar að tryggja öllum landsmönnum jafnan aðgang að raforku. Síðasti vetur gerði öllum ljóst að innviðir okkar eru viðkvæmir og aðstaða landsmanna ólík gagnvart bæði orkuöryggi og orkuverði. Því er mikilvægt að stíga afgerandi skref til úrbóta eins og hér er gert.“


Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

Jöfnun dreifikostnaðar

Fram kemur að þessi áform séu í samræmi við stefnu stjórnvalda um jöfnun orkukostnaðar á landsvísu í frumvarpi til fjárlaga 2021, og fjármálaáætlun 2021 til 2025, kveðið á um 730 milljóna króna hækkun á framlagi til jöfnunar á dreifikostnaði raforku á árinu 2021. Er þar annars vegar um að ræða hækkun á jöfnunargjaldi um 130 milljónir króna vegna verðbólgu og hins vegar 600 milljóna króna framlag úr ríkissjóði.

Vaxandi dreifingarkostnaður eftir upptöku jöfnunargjalds

Frá upptöku jöfnunargjalds árið 2015 hefur dreifingarkostnaður haldið áfram að aukast í dreifbýli umfram kostnað í þéttbýli. Jafnvel þó notendur í dreifbýlinu séu oft mun nær framleiðslustað raforkunnar en notendur í þéttbýlinu. Um þetta segir í útlistun ráðherrans:

„Færri notendur eru í dreifbýli til að standa undir nauðsynlegum fjárfestingum í dreifikerfinu og hefur þróunin leitt til hækkana á gjaldskrám. Þörf fyrir aukið framlag til jöfnunar í dreifbýli hefur því vaxið á síðustu árum. Hins vegar er gert ráð fyrir að ákveðnu hámarki í fjárfestingarþörf í dreifbýli verði náð á næstu fimm árum.

Núverandi hlutfall jöfnunar dreifikostnaðar í dreifbýli, samanborið við þéttbýli, er tæp 50%. Samkvæmt þeim áformum sem kynnt voru í dag er miðað við að þetta hlutfall fari í 85% á næsta ári.“

Jarðstrengjavæðingu og þrífösun dreifikerfis flýtt verulega

Í útlistun ráðuneytisins segir að í fjármálaáætlun sé gert ráð fyrir að 500 milljónum króna verði varið úr ríkissjóði í að flýta fyrir jarðstrengjavæðingu og þrífösun dreifikerfis raforku. Er það í samræmi við tillögur átakshóps ríkisstjórnarinnar um úrbætur í innviðum sem kynntar voru fyrr á árinu í kjölfar þess fárviðris sem gekk yfir landið síðasta vetur.

Samkvæmt fyrri áætlunum á jarðstrengjavæðingu dreifikerfisins að ljúka eftir 15 ár en lagt er til að verkið verði unnið þrefalt hraðar.

Þrífösun innleidd samhliða jarðstrengjavæðingunni

Áætlað er að jarðstrengjavæðingin muni fækka truflunum í dreifikerfinu um 85% og að þær verði að mestu óháðar veðri. Á þessu ári var 100 m.kr. varið úr ríkissjóði í verkefnið og er það þegar hafið. Miðað er við að árið 2022 verði fjárveiting ríkisins 200 m.kr. og 100 m.kr. á ári næstu tvö ár á eftir, eða samtals 500 m.kr.

Úrbætur gerðar á varaafli

Í fjárlagafrumvarpi 2021 og fjármálaáætlun er gert ráð fyrir sérstökum fjármunum í átak á sviði varaafls, en þær tillögur koma einnig úr átakshópi stjórnvalda um uppbyggingu innviða. Um er að ræða 20 m.kr. á ári yfir þriggja ára tímabil sem fari í að auka yfirsýn og eftirlit með varaafli og að hafa tiltæk stjórntæki til að bregðast við skorti á varaafli. */HKr.*

Myndin er tekin við undirritun fyrsta lánsins í samstarfi við EIF vegna kynslóðaskipta í landbúnaði, sem veitt var ungum bændum til kaupa á jörðinni Dæli í Skíðadal í Dalvíkurbyggð. Frá vinstri á myndinni eru: Arnar Már Elíasson, forstöðumaður fyrirtækjasviðs Byggðastofnunar og Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri ásamt Hjálmari Birgi Jóhannssyni og Brynhildi Heiðu Jónsdóttur og dætrum þeirra.

Byggðastofnun undirritar samning við European Investment Fund:

Betri lánakjör eiga m.a. að auðvelda kynslóðaskipti á bújörðum

Byggðastofnun hefur undirritað samstarfssamning við European Investment Fund (EIF) um aðild að ábyrgðakerfi sjóðsins á grundvelli s.k. COSME áætlunar sem hefur það að markmiði að bæta aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að lánsfjármagni á samkeppnishæfum kjörum.

EIF er sjóður í eigu Evrópubankans, Evrópusambandsins og annarra minni opinberra og einkaaðila. Ísland á aðild að EIF í gegnum aðild að EES-samningnum.

Samningurinn veitir Byggðastofnun 50% bakábyrgð á lánum veittum úr tilteknum lánaflokkum. Gerir þetta stofnuninni kleift að útvíkka þessa lánaflokka og mæta þar með lánsþörfum landsbyggðanna enn betur en áður.

Sérstakur lánaflokkur vegna kynslóðaskipta í landbúnaði

Þannig hefur verið stofnaður sérstakur lánaflokkur vegna kynslóðaskipta í landbúnaði, en ungum bændum hefur reynst erfitt að fjármagna kaup á bújörðum sökum hefðbundinnar 25% eiginfjárkröfu. Mun ungum bændum nú standa til boða allt að 90% fjármögnun vegna kynslóðaskipta með tilkomu ábyrgðakerfis EIF.

Allt að 90% lán vegna verkefna í umhverfisvernd

Að sama skapi mun stofnunin bjóða allt að 90% lán vegna verkefna sem stuðla að umhverfisvernd. Þar með talið nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, bættrar orkunýtni, mengunarvarna, bættrar auðlindanotkunar, lífrænnar matvælaframleiðslu o.s.frv.

Þá mun viðkvæmum sjávarbyggðum standa til boða hagstæð lán til fiskvinnslu og útgerðar með allt að 75% veðsetningu í fiskiskipum með kvóta.

Til viðbótar verða núverandi lánaflokkar stofnunarinnar enn í boði á starfssvæði hennar. Má þar helst nefna sérstök lán til stuðnings atvinnurekstri kvenna sem notið hafa mikilla vinsælda og lán vegna nýsköpunar í landsbyggðunum.

Allar nánari upplýsingar um lánaflokka Byggðastofnunar má finna á vefsíðunni undir „Fjármögnun“, eða hjá Arnari Má Elíassyni, forstöðumanni fyrirtækjasviðs

. */HKr.*

Alla leið á öruggari dekkjum

Pantaðu tíma í dekkjaskipti á n1.is

Nýtt

Michelin X-ICE Snow

Nýjasti meðlimurinn í vetrardekkjalínu

Michelin Aukið grip hvort sem í hálku, snjó eða slabbi

Endingargott grip út líftímann

Einstakir akstureiginleikar og þægindi við erfiðustu aðstæður

MICHELIN

Michelin X-ICE North 4

Besta hemlun í hálku, hvort sem dekkin eru ný eða ekin 10.000 km

Betri aksturseiginleikar m.v. helstu samkeppnisaðila

Hámarks grip með sérhönnuðu mynstri fyrir hverja stærð

Einstök ending

Michelin Alpin 6

Nýr mynsturskurður sem opnast eftir því sem dekkið slitnar

Endingargott grip út líftímann

Lagskipt gúmmíblanda sem veitir hámarks grip

Notaðu N1 kortið

Verslanir N1
440 1000
n1.is

N1 ALLA LEIÐ



EAB

HILLUR • BRETTAREKKAR • HURÐIR

Gott skipulag og gott aðgengi

Með brettarekkum og hillum frá EAB verður skipulag og hagnýti rýmis í vöruhúsinu, geymslunni, skemmunni eða bílskúrnum hámarkað.

Fellihurðir frá EAB henta verkstæðum og öðrum iðnaðarhúsum. Sterkur hurðabúnaður og hágæða yfirborðsáferð.

Margvíslegt úrval aukahluta er í boði fyrir rekka- og hillukerfi EAB.

Vörur frá EAB eru byggðar á prófunum og reynslu þar sem öryggi og virkni eru í fyrirrúmi.

Nánari upplýsingar hjá sölumönnum áltaks

Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík
Sími: 577-4100 • www.altak.is

ÁLTAK

FRÉTTIR

Kolbeinn Lárus Sigurðsson tekur við viðurkenningunni frá ráðherra.
Mynd / umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Matarbúðin Nándin fékk Bláskelina:

Sjálfbært matvælakerfi og niðurbrjótanlegar umbúðir

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra veitti Matarbúðinni Nándinni Bláskelina á dögunum, sem er viðurkenning fyrir framúrskarandi plastlausa lausn og prýðilegt fordæmi. Fær Nándin viðurkenninguna fyrir það markmið að skapa sjálfbært matvælakerfi, þar sem sett er upp hringrás fyrir glerumbúðir ásamt því að selja matvöru í niðurbrjótanlegum og moltuhæfum umbúðum.

Um fjölskyldufyrirtæki er að ræða sem stendur að rekstri verslunarinnar en hún er staðsett við Austurgötu í Hafnarfirði og í Kolaportinu í Reykjavík. „Fjölskyldan leggur áherslu á að hvetja viðskiptavini og samstarfsaðila til að vinna með sér að plastlausum heimi og um leið að vekja fólk til umhugsunar um áhrif umbúða á náttúruna og framtíðina," segir í tilkynningu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Ómetanlegt að fá opinbera hvatningu

Það var Kolbeinn Lárus Sigurðsson hjá Matarbúðinni sem tók við viðurkenningunni fyrir hönd fjölskyldunnar. „Í því vandasama verkefni að setja upp plastlausa matarbúð, finna og flytja inn umbúðir, þróa ferla og pakka nánast öllum vörum, er það ómetanleg hvatning að fá opinbera viðurkenningu sem þessa," sagði Kolbeinn Lárus af þessu tilefni.

Í úrslitahóp dómnefndar komust þrír aðilar auk Matarbúðarinnar Nándarinnar; Bioplastic Skin, Krónan og Plastplan. Bioplastic Skin er verkefni sem snýr að hönnun umhverfisvænna umbúða úr dýrahúðum sem nota má til að pakka kjötvörum, Krónan hefur unnið markvisst að því að draga úr magni plasts sem fellur til í verslunum og auka endurvinnslu og Plastplan sérhæfir sig í plastendurvinnslu, hönnun og fræðslu.

Bláskelin var veitt í fyrsta skipti í fyrra og er viðurkenningunni ætlað að draga fram það sem vel er gert varðandi plastlausar lausnir og veita nýsköpun aukinn slagkraft. */smh*

Finnska leiðin í tillögum um betri merkingar matvæla:

Allt ferskt kjöt verði með sýnilegum upprunamerkingum

Í síðasta Bændablaði var fjallað um tillögur samráðshóps um betri merkingar matvæla, sem var skilað til ráðherra á dögunum. Tillögurnar eru tólf, en ein þeirra er kölluð „Finnska leiðin" og gengur út á að skylda staði sem selja óforpökkuð matvæli til að upplýsa viðskiptavini sína með sýnilegum upplýsingum um uppruna þess ferska kjöts og kjöthakks sem þeir hafa í boði.

Þær þurfi þó ekki að vera á matseðli heldur geti verið á töflu eða í bæklingi. Í dag er einungis skylt að veita slíkar upplýsingar munnlega. Reglugerðin, sem tók gildi í Finnlandi þann 1. maí 2019, hefur tveggja ára gildistíma og skulu Finnar skila inn umsögn um áhrif og virkni hennar til framkvæmdastjórnar ESB að honum loknum.

Bæta skilyrði og stöðu neytenda

Að sögn Oddnýjar Önnu Björnsdóttur, formanns samráðshópsins, fjallaði hópurinn ítarlega um þessa tillögu. „Markmiðið með henni er að bæta skilyrði og stöðu neytenda til að taka meðvitaða og upplýsta ákvörðun tengda uppruna þess ferska kjöts sem er á boðstólum á veitingastöðum, mötuneytum og öðrum stöðum sem selja óforpökkuð matvæli og tekur til þess kjöts sem skylt er að upprunamerkja þegar því er forpakkað. Eins og fram kemur í skýrslunni voru skiptar skoðanir



Samkvæmt „Finnsku leiðinni" er skylda að upplýsa neytendur um uppruna ópakkaðs kjöts.

meðal þeirra veitingamanna sem hópurinn ræddi við. Rekstraraðilar lítilla veitingastaða sáu mestu hindranirnar sem tengdust fyrst og fremst mögulegum viðbótarkostnaði tengdum auknu eftirliti sem og aukinni vinnu, þar sem uppruni kjöts í sama réttinn getur verið breytilegur milli sendinga og matseðlar sumra breytast reglulega."

Tillagan beinir því til ráðherra að taka til skoðunar hvort taka eigi upp slíkar reglur hér á landi verði reynsla Finna góð. En óháð því vildi hópurinn að rekstraraðilar yrðu hvattir til að eiga frumkvæði að því að upplýsa neytendur um uppruna þess kjöts sem þeir hafa á boðstólum," segir Oddný enn fremur. */smh*

Dóra Ólafsdóttir, sem er 108 ára og elst allra Íslendinga, ásamt syni sínum, Áskeli Þórissyni (sem heldur á fræsöfnunarboxinu) og Kristni H. Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Kópavogs, og barnabarni hans, Andreu Lind, sem er átta ára gömul, þegar þau hittust í Hveragerði og söfnuðu birkifræi. Mynd/MHH

Elsti Íslendingurinn lagði birkifræsverkefninu lið með fræsöfnun

Dóra Ólafsdóttir, elsti Íslendingurinn, sem er 108 ára gömul, fædd 6. júlí 1912, brá sér nýlega bæjarferð úr Reykjavík, þar sem hún býr, í Hveragerði til að safna birkifræi og leggja þar með landsátaki um söfnun fræja lið.

Dóra hefur alltaf verið mikil landgræðslu og skógræktarkona og vill að útbreiðsla birkiskóga verði aukin en talið er að þeir hafi þakið a.m.k. fjórðung landsins við landnám. Birkifræinu sem safnast verður dreift á völdum svæðum í öllum landshlutum. Allar nánari upplýsingar um hvernig best er að tína fræ, varðveita og dreifa er að finna á vefnum birkiskogur.is. */MHH*

Á myndinni eru nemendur í 3. og 4. bekk í Waldorfskólanum Lækjarbotnum. Nöfn þeirra frá vinstri: Stella, Kría, Edda, Nóah, Benedikt, Úlfur, Birkir og Óskar. Þá eru á myndinni Hafdís Hrund Gísladóttir, kennari í Waldorfskólanum, Kristinn H. Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Kópavogs, Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, Bergljót Kristinsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi, Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogs og Hrefna Einarsdóttir frá Skógræktarfélagi Kópavogi. Mynd / Kópavogsbær

Fyrstu fræjunum sáð í Kópavogi í landssöfnun birkifræja

Fyrsta sáningin sem tengist landssöfnun birkifræja fór fram föstudaginn 25. september í landi Kópavogs í Lækjarbotnum. Nemendur í 3. og 4. bekk í Waldorfskólanum tóku sáninguna að sér ásamt Ármanni Kr. Ólafssyni, bæjarstjóra Kópavogs, og fulltrúum aðstandenda verkefnisins.

Landssöfnun birkifræja var hleypt af stokkunum 16. september en það er Landgræðslan og Skógræktin sem eru aðstandendur verkefnisins, Kópavogsbær er einn samstarfsaðila þess, en fræjum sem safnast á höfuðborgarsvæðinu verður sáð í örfoka land í Selfjalli í Lækjarbotnum. Söfnunarkassar fyrir birkifræ eru aðgengilegir víða á starfsstöðvum Skógræktarinnar, Landgræðslunnar, Terru og í verslunum Bónuss, þá eru söfnunartunnur komnar í verslanir Bónuss. Upplýsingar um verkefnið og hvernig á að safna fræjunum eru á heimasíðu verkefnisins, birkiskogur.is. */MHH*

GOES

DRIFLÆSING FRAMAN OG AFTAN / HÁTT OG LÁGT DRIF / RAFLÉTTISTÝRI / DRÁTTARKÚLA / SPIL / STÓR DEKK / STILLANLEG FJÖÐRUN

Eigum hjól á lager til afhendingar strax!

IRON 450 MAX LTD
Kr. 1.298.000
með vsk.
Götuskráð 1.590.000 m/vsk.

COBALT 550 MAX LTD
Kr. 1.469.000
með vsk.
Götuskráð 1.790.000 m/vsk.

JÖTUNN LANDBÚNAÐARDEILD AFLVÉLA
Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 // 210 Garðabær // 480 0000 // aflvelar.is // sala@aflvelar.is

Hausttilboð

Gildir til 16. oktober

Steinn og sökkull, grátt granít
Grafskrift og skrautmynd (efst)
Uppsetning á höfuðborgarsvæði og N-landi
Frí sending um allt land
Geymum steina ef óskað er

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is
minnismerki.is

Tilboð 1

Blómarammi - innanmál 45 cm

Verð:
Sett eins og á mynd : 445.000
Sett án blómaramma : 345.000
Steinn : 245.000

Tilboð 2

Blómarammi - 45 cm innanmál

Verð:
Sett eins og á mynd : 530.000
Sett án blómaramma : 430.000
Steinn : 330.000

Tilboð 3

Verð:
Sett eins og á mynd : 180.000
Steinn án aukahluta : 140.000

nr 113

Tilboð 4

Verð:
Sett eins og á mynd : 180.000
Steinn án aukahluta : 140.000

nr 111

STEKKUR

Haustlaukaval

Haustið er tíminn til að setja niður haustlauka og undirbúa blómstrandi og litríkt vor. Mikið úrval tegunda er í boði og fjölbreytileiki hvað varðar lit, lögun og hæð við allra hæfi.

Keisarakróna er glæsileg planta sem verður allt að einn metri á hæð. Til í appelsínugulum eða gulum lit. Blómgast í maí til júní. Kýs þurran, sólríkan og skjólgóðan stað í garðinum undir stærri trjám eða runnum sem skýla henni gegn næturfrostum á vorin. Keisarakróna lifir árum saman hér í görðum þar sem henni hafa verið búnar réttar aðstæður, til dæmis í skjóli við húsvegg.

Laukur keisarakrónu er stundum kallaður músafælulaukur vegna þess að af honum er sterk lykt sem mýs fælast. Skera skal laukinn í nokkra bita og dreifa honum innandyra þar sem hætta er á músagangi, til dæmis í húsbílum, tjaldvögnum, sumarbústöðum og útihúsum. Viðkvæm planta sem blómgast eingöngu við bestu skilyrði.

Krókus blómgast snemma á vorin en einnig eru til tegundir sem blómgast að hausti. Lágvaxnir og til í mörgum litum. Fallegt að planta krókusum í litlar þyrpingar, 10 til 20 saman, í grasflötina eða dreifa þeim handahófskennt og fylgjast með þegar þeir koma upp á vorin.

Hátíðarliljur fást í ótal tilbrigðum og í mörgum flokkum eftir blómgerð og uppruna. Þeim þykir gott að standa lengi á sama stað. Yfirleitt mjög harðgerðar og fjölga sér mikið með tímanum. Páskaliljur blómgast yfirleitt í lok maí og verða 40 til 50 sentímetra háar. Til er fjöldi afbrigða en gul afbrigði þrífast best. Aðrar narsissur blómgast fyrr, jafnvel seint í mars eða byrjun apríl, til dæmis hin smágerða 'Tete-á-Tete' sem mikið er selt af í pottum um páskaleytið. Eftir blómgun má gróðursetja plöntuna eins og hún kemur fyrir í pottinum úti í garðinum og þar kemur hún upp og blómgast á hverju vori.

Perluliljur eru 10 til 20 sentímetrar á hæð. Blómin blá, perlulaga og í klösum. Náttúruleg heimkynni í Litlu-Asíu og Suður-Evrópu. Fara vel sem bryddingar með túlípönum og páskaliljum sem blómgast á svipuðum tíma og þær. Nokkuð viðkvæmar, þola illa raka og rask en þar sem vel fer um þær eflast þær með hverju ári.

Skrautlaukar eru nokkrar mismunandi tegundir af laukaættkvíslinni. Blómsveipurinn efst á lauflausum stöngli sem getur orðið allt að einn og hálfur metri að hæð, en er yfirleitt mun lægri. Dafna best á sólríkum og skjólgóðum stað. Allir skrautlaukar þurfa frjóan og vel framræstan jarðveg, stórvöxnustu tegundirnar þurfa að fara um 20 til 25 sentímetra djúpt,en smágerðari tegundum nægir 10 sentímetra dýpi.

Vetrargosar eru harðgerðir og með fyrstu laukunum sem koma upp á vorin. Fjölga sér mikið svo að hægt er að skipta þeim upp á nokkurra ára fresti. Vetrargosar eru hvítir á litinn og verða 10 til 20 sentímetra háir. Skuggþolnir og fallegt að planta þeim í beð milli trjáa og runna.

Vorboði blómstra gulum blómum eldsnemma á vorin, jafnvel í febrúar eða snemma í mars. Mjög harðger og á það til að þroska fræ og fjölga sér með sáningu. Hnýðin eru fremur smágerð og því gróðursett grunnt, 5 til 7 sentímetra. /VH

NYTJAR HAFSINS

Hart deilt um boðaða kvótasetningu grásleppu:

Nauðsynleg skilvirkni veiða eða aðför að smærri byggðum

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com

Ef lagafrumvarp sjávarútvegsráðherra um að fella grásleppuveiðar inn í aflamarkskerfið nær fram að ganga er grásleppan ein af síðustu verðmætu fisktegundunum við Ísland til þess að verða kvótasett. Mjög skiptar skoðanir eru meðal grásleppukarla með þessa fyrirhuguðu ráðstöfun. Er ýmist talað um nauðsynlega skilvirkni og sveigjanleika eða aðför að smærri byggðum landsins vegna samþjöppunar veiðiheimilda.

Umræðan um nauðsyn kvótasetningar á grásleppu fór á flug í vor þegar vertíðin var skyndilega stöðvuð í miðjum klíðum vegna þess að leyfilegur afli var uppveiddur. Veiðarnar hefjast jafnan fyrst á norðausturhorni landsins og þar fiskaðist svo vel fyrstu vikurnar að þegar grásleppan gekk upp að landinu fyrir vestan nokkru síðar var svo lítið eftir af hámarksaflanum að sumir náðu ekki að nýta leyfi sín og sátu uppi með fjárhagslegan skell.

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra lýsti því þá þegar yfir að hann vildi breyta fyrirkomulagi grásleppuveiða þannig að í stað þess að stýra veiðunum með ákveðnum fjölda samfelldra veiðidaga yrði sérhverjum grásleppubáti úthlutað kvóta sem menn gætu nýtt þegar hverjum og einum hentaði. Þeir sem andvígir voru þeirri hugmynd bentu á að unnt hefði verið að koma í veg fyrir uppákomuna síðastliðið vor með því að svæðaskipta aflanum og fylgjast betur með framvindu veiða og grípa fyrr inn í þannig að allir fengju eitthvað að veiða.

Alls eru grásleppuveiðileyfin 450, en á síðustu þremur vertíðum tóku 200–240 bátar þátt í veiðunum. Mynd / VH

Veiðireynsla ráði

Samkvæmt frumvarpi ráðherrans skal kvóti hvers báts miðast við veiðireynslu á þremur bestu veiðitímabilunum á sex árum, frá 2013 til 2018. Sú skýring er gefin að vertíðir grásleppuveiða standi yfir í stuttan tíma og frátafir á einni vertíð geti því haft mikið að segja varðandi veiðireynslu báts það ár. Þá séu aflabrögð misjöfn milli ára og eftir svæðum. Sá mismunur jafnist út með lengra viðmiðunartímabili. Miðað er við „veiðireynslu“ veiðileyfisins ef það hefur skipt um hendur á tímabilinu.

Grásleppuleyfi hafa verið bundin við þá báta sem voru með slíkt leyfi árið 1997 eða báta sem komið hafa í þeirra stað síðan. Alls eru þetta 450 leyfi og hefur verið hægt að selja þau eða leigja en þó þannig að ekki má vera nema eitt leyfi á hverjum báti. Ekki nærri öll leyfin hafa verið nýtt. Á síðustu vertíð tóku til dæmis 201 bátar þátt í veiðum, en þeir voru 240 árið 2019 og 222 á vertíðinni 2018. Leyfishafar, sem ekki hafa nýtt leyfi sín á tímabilinu 2013-2018, munu ekki eiga tilkall til kvótaúthlutunar.

2% kvótaþak

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sameina megi tvo eða fleiri grásleppukvóta á einn bát öfugt við það sem leyfilegt er í núverandi kerfi hvað dagana áhrærir. Til þess að sporna gegn of mikilli samþjöppun veiðiheimilda og fækkun báta er miðað við að enginn einstaklingur eða félag megi eiga hærra hlutfall af heildaraflahlutdeild í grásleppu en 2%. Bent er á að hlutdeild aflahæsta grásleppubátsins á árunum 2013-2018 hafi verið á bilinu 1,0%-1,40%. Þess séu dæmi að menn geri út 2-3 báta til þessara veiða og því segi hámarksafli á bát ekki endilega hver sé hámarksafli á útgerð.

> Leyfishafar, sem ekki hafa nýtt leyfi sín á tímabilinu 2013–2018, munu ekki eiga tilkall til kvótaúthlutunar.

Þá er ráðherra heimilt, samkvæmt frumvarpinu, að ákveða staðbundin veiðisvæði fyrir grásleppuveiðar þannig að aðeins geti þar stundað veiðar bátar sem skráðir séu frá byggðarlagi við hlutaðeigandi veiðisvæði og útgerð bátsins eigi þar heimilisfesti.

Ókostir núverandi kerfis

Í greinargerðinni með frumvarpinu segir að kostirnir við kvótasetningu grásleppuveiða séu ótvíræðir: ábyrgari og fyrirsjáanlegri fiskveiðistjórnun, meiri sveigjanleiki fyrir þá sem stundi veiðarnar og einfaldari stjórnsýsla. Ókostirnir við núverandi kerfi felist í því að erfitt sé að halda veiðinni innan leyfilegs heildarafla. Þá séu veiðarnar bundnar ákveðnum samfelldum dögum sem þýði að þegar leyfi sé virkjað á bát byrji dagarnir að telja óháð veðri sem geti ýtt undir að veitt sé þótt veður séu slæm eða óæskilegur meðafli sé mikill, svo sem fugla og sjávarspendýra sem aftur leiddi til þess að veiðarnar hafi misst umhverfisvottun. Þá sé ekki unnt að taka tillit til bilana, veikinda eða annarra ófyrirsjáanlegra tafa. Auk þess sé breytilegt milli ára hversu margir virki leyfi til veiðanna.

„Auðlindaþjófnaður“

Frumvarp sjávarútvegsráðherra var í samráðsgátt stjórnvalda 4.-18. september síðastliðinn og bárust alls 64 umsagnir. Af þeim voru 37 jákvæðar gagnvart kvótasetningu, 22 neikvæðir og 5 á báðum áttum. Einna harðasta gagnrýnin á frumvarpið kom frá smábátafélaginu Hrollaugi á Hornafirði. Þar er frumvarpið lýst sem *„aðför að nýliðun og auðlindaþjófnaður, svo ekki sé meira sagt.“*

Í umsögninni segir ennfremur: „Það eru ekki almannahagsmunir að kvótasetja grásleppu heldur sérhagsmunir ætlaðir örfáum aðilum. Sagan segir okkur að samþjöppunin hefst á fyrsta degi og aðgengi sjávarbyggða og íbúa þeirra að nýtingu auðlinda sinna hverfur skref fyrir skref. Örfáir aðilar munu njóta ávinningsins en heildin ekki.“

Það er álit félagsins að eina breytingin sem gera þurfi á núverandi kerfi sé að svæðaskipta heildarafla grásleppu og miða við fjölda báta innan hvers svæðis á hverju ári.

Álit Landssambands smábátaeigenda

Síðasti aðalfundur Landssambands smábátaeigenda (LS) í október 2019 lýsti sig mótfallinn kvótasetningu grásleppu. Árið áður leiddi skoðunarkönnum sem LS gerði meðal félagsmanna í ljós að 54,8% svarenda vildu áfram núverandi veiðistjórnun en 45,2% vildu kvóta. Í umsögn LS um frumvarpið í samráðsgátt stjórnvalda er bent á að málið sé áfram til umræðu innan samtakanna og framundan séu aðalfundir svæðisfélaga og aðalfundur LS boðaður 15. október n.k.

Í umsögninni er þess getið að LS hafi á undanförnum árum lagt til ýmsar lagfæringar á fyrirkomulagi veiðanna, m.a. að sameina leyfi, en á milli 25 og 35 bátar geri út 2 báta eða fleiri á hverri vertíð. Við sameiningu yrði þess gætt að hún myndi ekki leiða til sóknaraukningar með því að dagafjöldi ykist aðeins um 50% þegar leyfi tveggja jafnstórra báta yrði að einu.

Annar þáttur hagræðingar fyrir grásleppusjómenn fælist í því að hægt yrði að gera hlé á veiðum með því að taka upp netin. Dagar sem liðu þar til þau yrðu lögð aftur teldust ekki til veiðidaga. Með því mætti minnka hættu á netatjóni fyrirsjáanlegrar brælu, draga úr hættu á óæskilegum meðafla og taka tillit til veikinda og bilana svo eitthvað væri nefnt.

LS segir að sjávarútvegsráðherra hafi ekki orðið við óskum LS um þessi tvö atriði.

Þá bendir LS einnig á í umsögn sinni að veiðistjórn m.t.t. aflaráðgjafar Hafró hafi tekist prýðilega. Á 10 ára tímabili 2011 – 2020 hafi samanlög ráðgjöf Hafró verið 50.100 tonn á móti 50.000 tonna afla.

Á komandi aðalfundi Landssambands smábátaeigenda verða vafalaust heitar umræður um þetta umdeilda frumvarp sjávarútvegsráðherra.

Bændablaðið
Kemur næst út
22. október

Ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins:

Veiðar verði auknar á norsk-íslensku vorgotssíldinni

– en dregið úr makríl- og kolmunnaveiðum

Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) hefur birt ráðgjöf sína um veiðar ársins 2021 fyrir uppsjávarstofna. Leggur það til meiri veiðar á norsk-íslenskri vorgotssíld en minna af makríl og kolmunna.

Ekki er í gildi samkomulag milli þeirra þjóða sem stunda veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum, makríl og kolmunna um skiptingu aflahlutdeildar og hver þjóð því sett sér aflamark. Það hefur haft þær afleiðingar að frá árinu 2013 hafa veiðar verið umfram ráðgjöf ICES.

Lagt er til að veiðar á norsk-íslensku síldinni verði auknar um 24%.

Norsk-íslensk vorgotssíld

Ráðgjöf ICES hvað varðar norsk-íslenska vorgotssíld er í samræmi við samþykkta aflareglu strandríkja að afli ársins 2021 verði ekki meiri en 651 þúsund tonn. Ráðgjöf yfirstandandi árs var 526 þúsund tonn og er því um að ræða 24% hækkun í tillögum ráðsins um afla næsta árs.

Á vefsíðu Hafrannsóknastofnunar segir að ástæða þess sé fyrst og fremst að 2016-árgangur í stofninum reynist sterkur og gert er ráð fyrir að hann komi inn í veiðina á næsta fiskveiðiári af meiri þunga. Áætlað er að heildarafli ársins 2020 verði um 694 þúsund tonn sem er 32% umfram ráðgjöf.

Ráðgjöf ICES miðar við 8% samdrátt í makrílveiðum.

Makríll

ICES leggur til, í samræmi við nýtingarstefnu á makríl sem mun leiða til hámarks afraksturs til lengri tíma litið, að afli ársins 2021 verði ekki meiri en 852 þúsund tonn. Ráðgjöf yfirstandandi árs var 922 þúsund tonn og því er um að ræða tæplega 8% lægri ráðgjöf nú.

Það skýrist af bæði minnkandi hrygningarstofni og lægra mati á honum nú en á síðasta ári. Lækkun á ráðgjöf hefði orðið meiri ef ekki hefði komið til endurmat og hækkun á veiðihlutfalli viðmiðunarmarka sem ráðgjöfin byggir á.

Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) vill að dregið verði úr veiðum á kolmunna.

Kolmunni

ICES leggur til, í samræmi við langtímanýtingarstefnu á kolmunna, að afli ársins 2021 verði ekki meiri en 929 þúsund tonn. Ráðgjöf yfirstandandi árs var 1,2 milljón tonn og er því um að ræða 20% lækkun á ráðgjöf frá í fyrra.

Ástæðan fyrir lækkun á aflamarki er minnkandi hrygningarstofn sökum lítillar nýliðunar síðustu fjögur ár.

Áætlað er að heildarafli ársins 2020 verði tæplega 1,5 milljón tonn, sem er 27% umfram ráðgjöf. */VH*

Aðalfundur Strandveiðifélagsins Króks:

Slæleg stjórnun grásleppuveiða

Einhugur var á aðalfundi Strandveiðifélagsins Króks, sem haldinn var á Patreksfirði fyrir skömmu, um að hafna með öllu frumvarpi sjávarútvegsráðherra um að stjórna grásleppuveiðum með aflamarki.

Í umræðum um frumvarp sjávarútvegsráðherra um atvinnu- og byggðakvóta kom fram mikil gagnrýni á uppsetningu varðandi skiptingu 5,3% pottsins. Menn töldu hana ruglingslega, meðal annars að skiptingin væri ekki útskýrð meðtölum sem sýndu hvernig hún hefði orðið miðað við veiðiheimildir á yfirstandandi fiskveiðiári.

Fundurinn var sammála um að hvika ekki frá samþykkt aðalfundar LS 2019 að allir dagróðrabátar fengju línuívilnun.

Hlutfall línuívilnunar verði aukið

Strandveiðifélagið Krókur leggur til að línuívilnun verði haldið fyrir línubáta og hlutfall hennar aukið í samræmi við ályktanir LS; 30% fyrir handbeitta línu, 20% sé lína stokkuð upp í landi og 10% fyrir vélabáta.

Auk þess leggur Strandveiðifélagið Krókur til að tryggðir verði 48 dagar í strandveiðikerfið, svæðisskipting verði afnumin og ráðherra verði heimilt að banna sókn á rauðum dögum.

Strandveiðifélagið Krókur leggur til að undanþága fyrir „eldri menn“ verði leyfð varðandi notkun afladagbókarappsins og krefst auk þess að það verði einfaldað til muna.

/VH

FRÉTTIR

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur af stað verkefnastjórn við mótun landbúnaðarstefnu fyrir Ísland:

Tillaga á að liggja fyrir í lok mars 2021

Í september var kynnt skipan Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í verkefnisstjórn um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Gert er ráð fyrir að tillaga að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland muni liggja fyrir þann 31. mars 2021.

Vakti nokkra athygli að í verkefnisstjórninni sitji ekki í forsæti sérfræðingar úr landbúnaðargeiranum heldur Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra og þingmaður, ásamt Hlédísi Sveinsdóttur, ráðgjafa og verkefnastjóra.

Kristján Þór Júlíusson.

Byggt á greiningarskýrslu KPMG um framtíð landbúnaðar

Ýmsir hafa gagnrýnt í gegnum tíðina að ekki skuli vera ný fastmótuð stefna um íslenskan landbúnað sem taki meira mið af nútímanum en það sem felst í lögum um stuðning við landbúnað og í búvörusamningum. Í tengslum við vinnu samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga lét ráðherra KPMG vinna sviðsmyndagreiningu um framtíð landbúnaðarins til ársins 2040. Þar er miðað við tölur um stöðu landbúnaðar fram til 2018. Í framhaldinu var talið nauðsynlegt að móta heildstæða stefnu greinarinnar, landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Á grunni þessa ákvað ráðherra að setja vinnu við mótun stefnunnar formlega af stað.

„Metnaðarfull vinna sem hefur skapað grundvöll fyrir því að móta landbúnaðarstefnu“

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra segir um tilurð þessarar nýju verkefnisstjórnar að á undanförnum misserum hafi átt sér stað metnaðarfull vinna sem hefur skapað grundvöll fyrir því að móta landbúnaðarstefnu fyrir Ísland, m.a. með sviðsmyndagreiningu KPMG um framtíð landbúnaðarins árið 2040.

„Af þeirri greiningu er ljóst að íslenskur landbúnaður stendur að mörgu leyti á krossgötum. Því er ég sannfærður um nú sé rétti tíminn til að fara í þessa vinnu og skapa sameiginlega sýn og áherslur til framtíðar. Móta það hvernig við ætlum að takast á við það verkefni að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum, en á sama tíma horfa til þess að íslenskur landbúnaður er ekki aðeins framleiðsluferill á matvælum heldur hvílir greinin á breiðari grunni. Það er því allra hagur að við förum í þá vinnu að móta landbúnaðarstefnu fyrir Ísland: bændur, neytendur, smásöluaðila, framleiðendur og stjórnvöld,“ segir Kristján Þór.

Ekki fyrsta sviðsmyndaframsetningin

Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem reynt er að búa til sviðsmyndir um mögulega þróun byggðar og þar með landbúnaðarmála á Íslandi. Þar hafa vaknað spurningar um hversu mikið sé á slíkri sviðsmyndaaðferðafræði byggjandi varðandi stefnumótun. Eins hversu miklum opinberum fjármunum stjórnvöld eru tilbúin að eyða í spunavinnu af þeim toga.

Skýrslan „**Sveitalíf 2025**“ er ágætt dæmi um það, en hún var byggð á sviðsmyndaspuna um mögulega framtíð, en að auki ræðum og skýrslum allt frá 1976 til 2006.

Grunnurinn að henni er vinna sem Guðni Ágústsson, þáverandi landbúnaðarráðherra (1999–2007), lét hefja, en stöðvaði síðan útgáfu á vegna mikillar óánægju ráðherrans með vinnubrögð. Eigi að síður var lokið við að setja saman þessa skýrslu í febrúar 2007 og hefur Bændablaðið fengið af henni afrit. Sterk tengsl eru við framkvæmd þeirrar skýrslu og vinnu við nýju skýrslu KPMG þar sem verkefnastjórinn er sá sami.

Hefðbundin innlend landbúnaðarframleiðsla sé að mestu horfin?

Á köflum eru sviðsmyndir í skýrslunni frá 2007 afar sérstök lesning og skrifaðar í stíl við vísindaskáldsögu eða völvuspá þar sem sögumaður lýsir á ýktan hátt orðnum hlutum langt inni í framtíðinni. Þar fer sögumaður oft á kostum en sýn hans hefur þó á köflum reynst afar fjarri þeim veruleika sem Íslendingar hafa síðan upplifað. Ekki er þar öll framtíðarsýn í sviðsmyndaframsetningunni sérlega uppbyggileg og kannski ekki skrítið að þáverandi landbúnaðarráðherra hafi verið brugðið. Enda er sviðsmyndin í raun byggð á fjórum sögum þar sem í einni sögunni er m.a. lýst áhrifum þess að opnað hafi verið fyrir óheftan innflutning matvæla og hefðbundin innlend landbúnaðarframleiðsla sé að mestu horfin. Þá segir á einum stað:

„Bændum hefur fækkað verulega og meginhluti þeirra eru leigutakar á jörðum og stunda þeir búskap í hjáverkum með öðrum störfum eða starfa sem landbúnaðarverkamenn á verksmiðjubúum sem reist hafa verið í kjölfar samþjöppunar. Talað er um þessi verksmiðjubú sem minni mest á lítil iðnaðarhverfi og stingi í stúf við umhverfið. Í tengslum við þessa þróun hefur afurðastöðvum fækkað og ein afurðastöð starfrækt í landinu árið 2025.“

Aðild að ESB og kúabúum fækkar í 20

Í sviðsmynd fyrir 2011 er sagt að Ísland hafi sótt um aðild að ESB og hafi verið tekið inn í bandalagið ári síðar. Þar með hafi verið heimilaður kvótalaus influtningur á öllum landbúnaðarafurðum frá ESB-löndunum. Þá hafi evra verið tekin upp 2012. Síðan segir:

„Undir lok árs 2025 eru fyrirtæki í mjólkurframleiðlsu orðin 20 og eru þau mynduð af klösum mjólkurbænda. Fjárbændur eru orðnir 100 á sama tíma og hafa meðalbú stækkað verulega og eru nú að jafnaði um 3.000 ærgildi hvert um sig.“

Þá má líka sjá lýsingu á því að álver hafi verið tekið í notkun í Skagafirði árið 2017 og í kjölfar þess hafi verið ráðist í gerð jarðganga undir Öxnadalsheiði. Að jarðgöng undir Hellisheiði hafi verið opnuð 2018 og að jarðgöng til Vestmannaeyja hafi verið opnuð 2024. Um atvinnuhætti í dreifbýli segir í þeirri skýrslu m.a.:

„Nokkur uppstokkun varð í stjórnsýslunni eftir alþingiskosningarnar 2013. Stofnað var eitt atvinnuvegaráðuneyti sem sameinaði verkefni þriggja ráðuneyta undir einn hatt. Í kjölfar þess dró úr vægi hefðbundins landbúnaðar í atvinnustefnu stjórnvalda. Þetta leiddi meðal annars til þess að dregið var úr framlögum til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og árið 2016 var skólinn seldur Háskólanum á Bifröst.“

Þar segir einnig að árið áður, eða 2015, hafi Hólaskóli breytt um nafn og sé orðin sérhæfður í náttúrutengdri ferðamennsku. Um ferðamennsku er sagt að árið 2021 hafi ferðamenn til landsins í fyrsta og eina skiptið farið yfir milljón, en farið hafi að bera á neikvæðri ímynd Íslands á alþjóðavettvangi árið 2020. Því hafi ferðamönnum farið að fækka eftir 2021.

Ísland skuli vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum

Í nýju skýrslu KPMG er lagt upp með jákvæða stefnumótun, en byggt á sömu aðferðafræði og áður. Þar segir m.a. að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar komi fram að Ísland skuli vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum. Þá skuli leggja áherslu á nýsköpun, vöruþróun, verðmætasköpun, sjálfbærni og að velferð búfjárstofna sé tryggð. Einnig á að stuðla að náttúruvernd og nýjum áherslum í rannsóknum og menntun.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga þann 7. febrúar 2018 í þeim tilgangi að taka til skoðunar þessi sjónarmið stjórnvalda og horfa til framtíðar í málefnum landbúnaðar. Notuð var sviðsmyndagreining til þess að skoða mögulegt starfsumhverfi íslensks landbúnaðar til ársins 2040.

Gerð sviðsmynda hófst á sumarmánuðum 2018 og fól í sér breiða aðkomu aðila úr landbúnaði og frá neytendum. Samráðshópur um búvörusamninga var skipaður á eftir farandi hátt:

Haraldur Benediktsson og Brynhildur Pétursdóttir formenn. Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson og Elín Heiða Valsdóttir frá Bændasamtökum Íslands. Halldór Árnason frá SA, Jóhanna Hreinsdóttir frá Samtökum afurðastöðva, Hafdís Hanna Ægisdóttir tilnefnd af umhverfisráðherra, Þórlindur Kjartansson tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Með hópnum starfaði Rebekka Hilmarsdóttir til hausts 2018 og síðar Ása Þórhildur Þórðardóttir. Sérfræðingar af ráðgjafarsviði KPMG voru fengnir til þess að sjá um faglega framkvæmd verkefnisins undir stjórn Sævars Kristinssonar. Vinnuferlið fól í sér gagnaöflun með viðtölum, netkönnun, opnum fundum á sex landsvæðum og greiningu á opinberum gögnum. Haldnar voru vinnustofur þar sem grunngerð sviðsmynda um framtíð landbúnaðar var mótuð og í kjölfarið hófst úrvinnsla og samantekt niðurstaðna. Alls tóku um 400 einstaklingar þátt í verkefninu.

Samvinnuverkefni bænda, neytenda og atvinnulífs

Með verkefnisstjórninni sem Kristján Þór skipaði starfa Bryndís Eiríksdóttir, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, og Sigurgeir Þorgeirsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, sem þekkir mjög vel til landbúnaðarmála. Ekki eru tilgreindir neinir sérfræðingar úr landbúnaðargeiranum eða fulltrúar Bændasamtaka Íslands, en samt tekið fram að mótun landbúnaðarstefnu sé samvinnuverkefni stjórnvalda, bænda, neytenda og atvinnulífs.

Efnt til funda með bændum og öðrum hagaðilum

Verkefnisstjórn mun efna til funda með bændum og öðrum hagaðilum í því skyni að virkja þá til þátttöku í stefnumótuninni, að því er fram kemur í tilkynningu ráðuneytisins. Fyrir milligöngu ráðuneytisins verður stofnað til samráðs við þingflokka. Samráð verður haft við fulltrúa Bændasamtaka Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Neytendasamtakanna og Alþýðusambands Íslands og þeim gefinn kostur á að fylgjast með framvindu verksins á vinnslustigi.

Samkvæmt skipunarbréfi verkefnisstjórnarinnar skal við mótun landbúnaðarstefnu litið til eftirfarandi meginþátta:

Með öflugum landbúnaði verði Ísland leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum – sérstaklega verði hugað að fæðu- og matvælaöryggi og samkeppnishæfum rekstrarskilyrðum í sátt við umhverfi og samfélag.

Byggðafesta verði tryggð

Tryggð verði byggðafesta með nýtingu tækifæra í krafti nýsköpunar og vöruþróunar sem taki mið af grænum lausnum, matarmenningu og sjálfbærni.

Menntun, rannsóknir og þróun mótist af hæfilegri samþættingu fræðilegra viðfangsefna og ráðgjafar í þágu þeirra sem stunda landbúnað og vinnslu landbúnaðarafurða.

Með hvötum og stuðningi verði dregið úr umhverfisáhrifum og stuðlað að verndun, endurheimt og nýtingu landvistkerfa í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun frá árinu 2016.

Tilllaga liggi fyrir í marslok 2021

Gert er ráð fyrir að tillaga að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland muni liggja fyrir þann 31. mars 2021.

Skýrsla KPMG heitir **„Íslenskur landbúnaður 2040 – sviðsmyndir um mögulega framtíð landbúnaðar á Íslandi“.** Þar eru settar fram fjórar sviðsmyndir, eða eins og segir í skýrslunni:

„Þær draga fram óvissuna í þeim drifkröftum sem taldir eru hafa mest áhrif hverju sinni. Virði sviðsmyndanna felst í að þær birta ólík sjónarhorn sem geta verið andstæð óskum okkar og skoðunum, en einmitt þannig örva þær umræður og vonandi aðgerðir.“ Þá segir að lykilspurningin sem unnið var með hafi verið:

„Hver verður framtíð íslensks landbúnaðar árið 2040?“

Til að nálgast svar við þessari spurningu voru rýndir ýmsir óvissir drifkraftar en að lokum staldrað við tvo. Það varðar annars vegar viðhorf neytenda og hvort kauphegðun byggi á verði eða gæðum landbúnaðarafurða. Hins vegar var það mismunandi aðkoma stjórnvalda að íslenskum landbúnaði.

Opinn markaður, Beint frá býli, Stöðnun og Gróska

Sviðsmyndunum var gefið nafn í takt við þá þróun á hverju sviði. Ein sviðsmyndin heitir „**Opinn markaður**“. Um hann segir í skýrslunni:

„Starfsumhverfið einkennist af mikilli samkeppni í landbúnaði innanlands og erlendis frá og hörð verðsamkeppni knýr framleiðendur til að auka skilvirkni. Ísland er opinn markaður á grundvelli tollfrelsissamninga á landbúnaðarvörum víða um heim. Bændum hefur fækkað í flestum greinum landbúnaðar en bú hafa samhliða stækkað.

Önnur sviðsmynd er nefnd „**Beint frá býli**“ en um hana er sagt:

„Smáir og stórir framleiðendur í landbúnaði þrífast vel. Samband neytenda og framleiðenda er sterkt og verslun beint frá býli er algeng í nærsamfélaginu. Íslenskir bændur eru lífsstíls- og ástríðubændur sem framleiða hágæða afurðir og neytendur eru tilbúnir að greiða verð í samræmi við gæði vörunnar.“

Þriðja sviðsmyndin heitir „**Stöðnun**“ en þar segir:

„Aðgerðir stjórnvalda felast í niðurgreiðslum landbúnaðarvara til þess að mæta kröfum neytenda um lágt verð á matvælum. Óveruleg breyting hefur átt sér stað í stærð búa.“

Fjórða sviðsmyndin er kölluð „**Gróska**“ en um hana er sagt í skýrslu KPMG:

„Mikil fjölgun og endurnýjun í bændastéttinni hefur átt sér stað. Fólk án bakgrunns í landbúnaði laðast að sveitinni og getur fengið styrki til þess að kaupa jarðir og hefja búskap eftir eigin höfði. Meðalstór bú og smábú þrífast vel þar sem hreinleiki landbúnaðar og rekjanleiki afurða byggir undir traust neytenda til framleiðenda.“

/HKr.

Alhliða þjónusta
til sjávar og sveita

Við höfum allt frá upphafi haft að markmiði að sinna orkuþörf einstaklinga og fyrirtækja hratt og örugglega í sátt við umhverfið.

Skeljungur hf.
Borgartún 26, Reykjavík, 444 3000
Oddeyrarskáli, Akureyri, 444 3160
Strandgata 2, Eskifirði, 444 3171
Kleifar 3, Vestmannaeyjum, 444 3181
Suðurgata 9, Ísafirði, 444 3141

Þrymur hf.
Suðurgata 9, Ísafirði, 456 3711

Verkstæði Svans ehf.
Finnsstaðir, Egilsstöðum, 895 2196

Vélsmiðja Grindavíkur ehf.
Seljabót 3, Grindavík, 426 8540

Bílaaðstoð og flutningar ehf.
Norðurtangi 3, Ólafsvík, 895 4558

Skeljungur hf. | Borgartún 26 | 105 Reykjavík | 444 3000 | skeljungur@skeljungur.is | skeljungur.is

Shell Lubricants
Skeljungur

LANDSTÓLPI 20 ára —2000—2020—

Afmælistilboð **Landstólpa**
MS DryCare Plus og Keto Protect á
20% AFSLÆTTI Í OKTÓBER
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

MS DryCare Plus
- Sótthreinsar bása.
- Dregur í sig tvöfalda þyngd sína í raka.
- Dregur úr júgurbólgu.
- Hreinni kýr.
- Lægri frumutala.
- Lægri líftala.

Undirburður - MS DryCare Plus - 25 kg
Verð kr. 6.990 (**20% afsl.** - kr. 5.592)
*Öll verð eru með vsk

Keto Protect
- Mjög lystugt fyrir kýr.
- Hjálpar kúm að komast fyrr í hámarks nyt.
- Minnkar líkur á súrdoða.
- Þar sem að kýr ná ekki fullri átgetu fyrr en 80-100 dögum eftir burð þá er Keto Protect góður valmöguleiki til þess að koma jafnvægi á orkubúskap kýrinnar.

Súrdoðavörn - Keto Protect - 25 kg
Verð kr. 19.990 (**20% afsl.** - kr. 15.992)
*Öll verð eru með vsk

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610

FRÉTTASKÝRING

Ört vaxandi fjárfestingar í nýrri hátækni í landbúnaði þrátt fyrir COVID-19

Fjárfestar keppast nú við að dæla fjármunum inn í hátæknigeirann í landbúnaði sem ýmist er nefndur „Agtech“ eða „Agritech“.

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Hátækni í landbúnaði, sem ýmist er kölluð „Agtech“ eða „Agritech“ er tiltölulega ný skilgreining. Hún snýst um að auka skilvirkni og sjálfbærni í landbúnaði með innleiðingu á nýjustu tækni, ekki síst í líftækni og jafnvel gervigreind. Þessi geiri hefur vaxið gríðarlega á síðustu fimm árum. Undir þessari skilgreiningu hefur sprottið upp fjöldi sprotafyrirtækja um allan heim og er vöxtur þeirra mjög hraður þrátt fyrir COVID-19.

Samkvæmt fjármálariti Forbes jókst veltan í greininni um 40% á árinu 2018, eða í 17 milljarða dollara. Í júní síðastliðnum var búið að fjárfesta fyrir 8,8 milljarða dollara í greininni í 798 samningum í Bandaríkjunum á fyrstu sex mánuðum ársins. Enda er talið að hátæknilandbúnaður geti skipt sköpum við að brauðfæða ört vaxandi mannfjölda á jörðinni.

Um 130 milljarðar dollara í hátæknilandbúnað á heimsvísu

Agtech-skilgreiningin nær yfir nánast alla þætti tækniinnleiðinga, allt frá hugbúnaði til jarðvegsrannsókna, plöntuþróunar, gróðureftirlits, vaxtarstýringa og nýtingu gervihnatta í þágu landbúnaðar og gervigreind. Forbes hefur eftir stjórnanda hjá Better Food Ventures að í ágúst síðastliðnum hafi verið áætlað að um 130 milljarðar dollara væru í stýringu fjárfestingasjóða í Agtech-iðnaði á heimsvísu. Undir þessa skilgreiningu fellur líka innleiðing sjálfvirkni í ýmsum greinum landbúnaðar.

Hátækni innleidd í hamrækt

Á Íslandi hefur mikið farið fyrir ræktun á iðnaðarhampi á undanförnum misserum. Þessi grein er ekki undanskilin í umræðum um innleiðingu á hátækni til að auka enn meira á skilvirkni í ræktun á þessari hraðvaxta jurt. Það er þó ekki bara á Íslandi sem áhuginn á ræktun iðnaðarhamps er mikil. Sem dæmi þá varð 600% aukning í ræktun á iðnaðarhampi í Evrópu frá 1993 til 2018, einkum vegna áhuga á CBD-olíu og að nýta hamp í matvælaframleiðslu og margvíslegar iðnaðarvörur. Ræktun iðnaðarhams hefur verið viðurkennd lengi í bandarískum lögum og nú einnig víða á ræktun kannabis sem inniheldur virka efnið THC. Sömu sögu er ekki að segja frá Evrópu þó líkt og á Íslandi hafi verið slakað á löggjöf um ræktun á iðnaðarhampi í mörgum Evrópuríkjum.

Gríðarlegur vöxtur

Vegna gríðarlegs vaxtar í greininni hafa fjárfestar verið að sýna hamprektinni einstaklega mikinn áhuga. Kannski ekki skrítið ef litið er til þess að markaður fyrir CBD-vörur hefur vaxið úr 0,3 milljörðum dollara árið 2017 í 5,7 milljarða dollara árið 2019. Á þessu ári er talið að veltan verði 11,2 milljarðar dollara og vaxi í 22,9 milljarða dollara á árinu 2022.

Meðal fyrirtækja sem fengið hafa stór viðskiptalán vegna hátækniinnleiðingar í hamprektinni er AgTech Scientific sem fékk 30 milljónir dollara í lok síðasta árs. Fyrirtækið var stofnað 2015 en rekur nú 2 milljóna ferfeta hátæknigróðurhús í París í Kentucky í Bandaríkjunum, eða um 667 þúsund fermetra. Fyrirtækið er sagt leiðandi í rannsóknum og tilraunum í hamprækt.

Hátæknilandbúnaður er nú innleiddur í hamprektina enda er veltuaukningin í þeim geira, eins og á vörum sem innihalda CBD-olíu, ævintýralegur. Hefur veltan í þeim geira 37-faldast frá 2017 ef áætluð velta 2020 er tekin með.

Risagróðurhús AgTech Scientific í Kentucky í Bandaríkjunum. Fyrirtækið hefur verið að sérhæfa sig í hátæknilausnum í þróun og tilraunum í ræktun á hampi.
Mynd / AgTech Scientific

Líftæknigeirinn á kafi í hátæknilandbúnaði

Meðal fyrirtækja sem hafa verið að fjárfesta í hátæknilandbúnaðarlausnum er Sound Agricultural sem er líftæknidrifið efna- og plöntuþróunarfyrirtæki sem setti 22 milljónir dollara í slíka tækni í maí. Fyrsta vara fyrirtækisins er kölluð SOURCE og virkjar örverur í jarðvegi til að framleiða meira af köfnunarefni og fosfór. Þannig er ætlunin að draga úr notkun á tilbúnum áburði. Fyrirtækið Pivot Bio hafði áður kynnt um 100 milljóna dollara fjárfestingu í apríl, en fyrirtækið sérhæfir sig, líkt og Sopund Agricultural, í tækni til að draga úr notkun tilbúins áburðar. Hafa rannsóknir Pivot Bio í um 50 ára skeið þróað hvata til að auka köfnunarefni í jarðvegi. Er þessi tækni sögð eiga að auka uppskeru og tekjur bænda.

Sound Agricultural sem er líftæknidrifið efna- og plöntuþróunarfyrirtæki sem setti 22 milljónir dollara í hátækni í maí. Fyrsta vara fyrirtækisins er kölluð SOURCE og virkjar örverur í jarðvegi til að framleiða meira af köfnunarefni og fosfór. Þannig er ætlunin að draga úr notkun á tilbúnum áburði.

Fleiri fyrirtæki, eins og Geltor í Bandaríkjunum, safnaði um 91 milljón dollara fjármögnun í gegnum CPT Capital inn í þennan geira í júlí. Þarna er um að ræða líftæknifyrirtæki sem vinnur að þróun í sjálfbærri ræktun án tilbúins áburðar, bæði fyrir matvæla- og snyrtivöruiðnaðinn og framleiðslu bætiefna. Þar er m.a. um að ræða framleiðslu á próteinum eins og collagen og elastin, en eingöngu úr jurtaríkinu. Collagen er þó oftast framleitt úr fiski, fiskroði, eggjum og nautgripabeinum, enda má segja að collagen sé límið sem heldur bandvef, húð og brjóski saman og er um þriðjungur alls próteins í mannslíkamanum. Orðið collagen er meira að segja dregið af gríska orðinu kólla (κόλλα) sem þýðir lím.

Fyrirtækið iFarm er líka nefnt í þessu sambandi, en það er með höfuðstöðvar í Finnlandi og sérhæfir sig í gróðurhúsatækni. Það var stofnað 2017, en fyrir skömmu var tilkynnt um 4 milljóna dollara innspýtingu í það fyrirtæki í gegnum fjárfestingasjóði. Fyrirtækið er með um 50 vörur í framleiðslu fyrir viðskiptavini í Evrópu og Mið-Austurlöndum. Það hefur verið að gera tilraunir með ræktun á jarðarberjum, cherry-tómötum, papriku, radísum og fleiru.

Nefna má enn eitt fyrirtækið í hátæknigeiranum. Það er Unfold sem sérhæfir sig í tækni er varðar lóðrétta ræktun (vertical farming). Fjárfestingaarmur Bayer kom núverið með 30 milljónir dollara inn í þetta fyrirtæki. Þessi tegund ræktunar er stöðugt að aukast, ekki síst í þéttbýli.

Náttúruvæn varnarefni

Kanadíska líftæknifyrirtækið MustGrow Biologic er líka dæmi um nýja hugsun í þróun varnarefna í stað eiturefna í landbúnaði. Eiturefnageirinn er sagður velta 65 milljörðum dollara á ári og því eftir miklu að slægjast ef hægt er að þróa efni sem valda ekki skaða á náttúrunni. Í því augnamiði hefur MustGrow Biologic verið að þróa náttúruvænt varnarefni sem unnið eru úr fræjum sinnepsjurtarinnar.

Hátæknin er líka í dýraeldi

Hátæknin er líka að ryðja sér til rúms í dýraeldi, kjöt- og mjólkurframleiðslu. Verið er m.a. að innleiða tölvutækni sem fylgist með fóðrun, vaxtarhraða og líðan nautgripa í fjósum. Vaxandi áhersla er líka lögð á innleiðingu á tækni til að auka dýraheilbrigði. Genatækninni er þar líka beitt til að fá fram hagkvæmari gripi. Markaðsvirði nautgriparæktarinnar í Bandaríkjunum einum er metið á 30 milljarða dollara á ári, en þar eru um 9 milljónir mjólkurkúa. Fjárfestar eru nú farnir að sýna þessari grein verulegan áhuga.

Þá hefur verið bent á að um 12% kúabúa í heiminum noti nú sjálfvirka mjaltaþjóna. Búist er við að sú tala hækki í 20% á næstu fimm árum. Þar standa íslenskir bændur einna fremstir á heimsvísu.

Hátækni í vélbúnaði

Margvísleg þjónustufyrirtæki eru að spretta upp í kringum landbúnaðinn og allt snýst þetta um að auka skilvirkni og spara dýrmætan tíma. Eru sum fyrirtæki eins og dráttarvélaframleiðandi John Deere farin að tala um að bændur muni í æ ríkara mæli stíla á miðlægar þjónustumiðstöðvar og fylgjast með öllum búnaði í rauntíma í gegnum tölvur. Þar með t.d. samtengingu á mannlausum dráttarvélum úti á akrinum og allan mælaaflestur t.d. varðandi eldsneytiseyðslu yfir netið, þráðlausa bilanagreiningu og jafnvel viðgerðir í gegnum tölvur frá sérstökum þjónustumiðstöðvum. Flestir framleiðendur dráttarvéla og annarra landbúnaðartækja hafa líkt og John Deere verið að tileinka sér hátæknina í þróun á sínum búnaði.

Airbus áætlar að vetnisknúnar flugvélar geti verði komnar í loftið árið 2035

Flugvélaframleiðandinn Airbus hefur kynnt hönnun þriggja vetnisknúinna flugvéla sem allar eiga það sameiginlegt að skilja ekki eftir sig neina loftmengun. Áætlað er að slíkar vélar verði að veruleika eftir 15 ár.

Airbus hefur gert áætlun sem miðar að því að vetnisknúnar flugvélar fyrirtækisins verði teknar í notkun árið 2035. Þær skilji ekki eftir sig neina loftmengun og virðast talsmenn Airbus sannfærðir um að þetta muni verða að veruleika, að því er fram kemur á vefsíðu Business Insider.

Flugrekstur, eins og hann var fyrir útbreiðslu COVID-19, var sagður standa fyrir 2–3% af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum. Samkvæmt spá um stóraukið flug og tvöföldun flugfarþega í 8,2 milljarða manna á ári árið 2037, má búast við töluverðri aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda frá fluginu. Að vísu eru nýrri gerðir flugvéla sparneytnari og eyða minna eldsneyti, en þær brenna eigi að síður jarðefnaeldsneyti.

Airbus hefur gert áætlun sem miðar að því að vetnisknúnar flugvélar fyrirtækisins verði teknar í notkun árið 2035. Þær skilji ekki eftir sig neina loftmengun og eru talsmenn Airbus sannfærðir um að þetta muni verða að veruleika. Myndir / Airbus

Vetnisvélar ekki einu sinni í umræðunni fyrir fimm árum

Glenn Llewellyn, sem hefur umsjón með þessu mengunarlausa hönnunarverkefni Airbus, segir að fyrir fimm árum hafi vetnisknúnar flugvélar alls ekki verið í umræðunni. Sannfærandi niðurstöður með notkun vetnis í öðrum geirum flutninga hafi gjörbreytt stöðunni og sannfært menn um að þetta væri fýsilegur möguleiki í fluginu líka.

Flugvélarnar þrjár sem nú er verið að leggja drög að hjá Airbus verða ætlaðar til mismunandi verkefna. Félagið miðar við að vera búið að tileinka sér alla þætti vetnistækninnar fyrir árið 2025 til að geta farið á fullt í hönnun, þróun og tilraunir með vetnisflugvélar. Ráðgert er að hönnunarferli og prófanir fyrir tilskilin leyfi taki um 10 ár. Gert er ráð fyrir að frumgerð vetnisflugvéla ætti að vera tilbúin á síðari hluta komandi áratugar.

Horft er á tvær meginleiðir í hönnun hreyfla fyrir vetnið. Annars vegar er gert ráð fyrir smíði sprengihreyfla, svipað og eru í notkun í dag, nema að þeir noti vetni í stað jarðefnaeldsneytis. Bílaframleiðendur hafa þegar gert tilraunir með slíkar vélar, en skiptar skoðanir eru um ágæti þeirra. Hin leiðin er að nota efnarafala til að umbreyta vetni í raforku líkt og þekkist í vetnisknúnum bílum í dag. Slíkir hreyflar geta hentað vel fyrir flugvélar með hefðbundna hreyfla. Þær gætu mögulega borið allt að 100 farþega og verið með drægni upp á um 1.000 sjómílur. Vetnið yrði þá geymt í fljótandi formi í tönkum fyrir aftan farþegarýmið. Það er svipað fyrirkomulag og var í gasknúnu Tuplev-155 farþegaþotunni sem tilraunir voru gerðar með á tímum Sovétríkjanna.

Þotuhreyflar (turbofan) er síðan annað mál. Airbus hefur gert áætlun sem miðar að því að vetnisknúnar flugvélar fyrirtækisins verði teknar í notkun árið 2035. Þær skilji ekki eftir sig neina loftmengun og eru talsmenn Airbus sannfærðir um að þetta muni verða að veruleika og væntanlega líta út svipað og hefðbundnar farþegaþotur í dag, nema að vængirnir yrðu með annarri lögun. Slíkar flugvélar gætu tekið um 120 til 2000 farþega og yrðu með flugdrægni upp á um 2.000 sjómílur. Gert er ráð fyrir að slíkar vélar yrðu svipaðar og Airbus 320 vélarnar fyrir utan að ganga fyrir vetni.

Þriðja og mest spennandi gerð flugvéla sem Airbus hefur kynnt til sögunnar er eins konar fljúgandi vængur. Þessa gerð kalla Airbus „The ZEROe blended-wing aircraft“ og tæki hún 200 farþega.

Vetnisknúin allt að 100 farþega skrúfuþota yrði í útliti svipuð að gerð og þær flugvélar sem mikið eru notaðar á styttri leiðum í dag, m.a. í innanlandsflugi á Íslandi.

Fljúgandi vængur

Þriðja og mest spennandi gerð flugvéla sem Airbus hefur kynnt til sögunnar er einsckonar fljúgandi vængur. Þar er flugstjórnarklefi og farþegarými hluti af vængnum sem gefur aukna lyftigetu. Þessa gerð kalla Airbus „The ZEROe blended-wing aircraft“.

Þessi gerð flugvéla er sögð gefa hönnuðum mun meiri möguleika til að leika sér með. Hún gæti borið allt að 200 farþega og hefði svipaða drægni og hefðbundnar skrúfuþotur sem mikið eru notaðar á styttri leiðum eins og á Íslandi í dag.

Á mynd sem Airbus hefur sent frá sér virðist vél af þessari gerð vera búin tveim hreyflaeiningum sem hvor um sig er með fjórum skrúfuhreyflum aftast á vængnum og verða væntanlega rafknúnir. Ekkert stél er á þessari hönnun og líklega er stefnu einfaldlega breytt með mismunandi hraða á hreyflunum sjálfum. */HKr.*

Vetnisknúin þota af svipaðri gerð og Airbus 320 vélarnar, nema hvað lögun vængjanna yrði með talsvert breyttu sniði.

Ertu með áætlun
til að bregðast við óvissu?

Við bjóðum viðskiptavinum okkar upp á fullkomið öryggi í rekstri með öflugum varaafllausnum frá EATON.

Tryggðu þér hnökralausa orku og hugarró í vetur.
Skoðaðu vöruúrvalið á okbeint.is eða
hafðu samband í síma 570 1000.

EATON | Opin Kerfi

UTAN ÚR HEIMI

Frá Bürger-Grebe fjölskyldubúinu í Norður-Hesse í Þýskalandi. Mynd / HKr.

Könnun þýsku matvöruverslunarinnar Rewe:

Þýskir neytendur vilja svæðisbundnar vörur

Nýlega kynnti þýska matvöruverslunin Rewe niðurstöður könnunar sem gerð var á 2.500 neytendum verslunarinnar, 18 ára og eldri, sem veitir innsýn í kaupendahegðun. Áherslan var á svæðisbundnar vörur í matvöruverslunum og sýna niðurstöðurnar skýrt af hverju þýskir neytendur velja svæðisbundnar vörur.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að 86 prósent svarenda sögðu að það væri mikilvægt eða mjög mikilvægt fyrir þá að styðja við bændur og svæðisbundna birgja. Svör þátttakenda sýndu einnig að meirihluti þeirra kaupir reglulega svæðisbundnar vörur í matvöruverslunum, einungis 1,6 prósent svarenda myndu aldrei versla slíka vöru.

Flutningur varanna um styttri veg ásamt ferskleika þeirra voru ein af aðalrökum neytendanna fyrir því að kaupa svæðisbundnar vörur í matvöruverslunum. Framboð á svæðisbundnum vörum í matvöruverslunum var mikilvægt eða mjög mikilvægt fyrir flesta þátttakendur. Þeir þættir sem þátttakendum fannst mikilvægt við svæðisbundnar vörur samkvæmt niðurstöðu könnunarinnar eru að vörurnar eru ferskar, að framleiðendur fái sanngjarna þóknun og að vörurnar séu staðbundnar og jafnvel sérstakar fyrir það svæði sem þær koma frá.

/ehg- organic-market.info

Verðhjöðnun ríkir í efnahagskerfi ESB

– Ekki góðar horfur miðað við hagfræðikenningar

Verðhjöðnun ríkir nú í hagkerfi Evrópusambandsins þar sem verðbólga mældist í ágústlok mínus 0,4% samkvæmt tölum Eurostat. Hefur staðan ekki verið verri á þessu ári frá sjónarhóli hagfræðinnar ef janúar er undanskilinn, en þá fór verðhjöðnunin í – 0,7%. Miðað við hagfræðikenningar gæti þetta verið ávísun á langvarandi stöðnun eða jafnvel efnahagssamdrátt.

Verst hefur staðan verið á Kýpur, en þar hefur verið verðhjöðnun yfir heilt ár, eða neikvæð verðbólga, sem nemur -2,9% miðað við heilt ár á meðan hún var 0,1% í Þýskalandi. Mesta verðbólgan var hins vegar í Ungverjalandi, eða 4% og 3,7% í Póllandi.

Hagfræðingar hafa iðulega talað um að of lítil verðbólga geti reynst hagvaxtardrifnum hagkerfum hættuleg og leitt til efnahagslegrar stöðnunar sem erfitt geti verið að snúa við. Löngum hefur verið bent á Japan í því sambandi, en þar hefur ríkt efnahagsleg stöðnun að heita má allar götur síðan við hrun bankanna 1991 með afar litlum og stundum neikvæðum hagvexti. Árið 2010 var talað um glötuðu 20 árin í Japan og nú hafa 10 ár bæst við með efnahagslegri stöðnun. Frá 1995 til 2007 var efnahagssamdráttur í Japan þar sem þjóðarframleiðsla dróst saman úr sem nam 5,33 billjónum dollara í 4,36 billjónir dollara að meðaltali á ári. Kaupmáttur launa féll um 5% og stöðnun var í vöruverði. Staðan hefur ekki mikið skánað síðan. Vextir í Japan hafa verið um og undir núlli síðustu fimm ár. Það er mikil breyting frá því sem áður var því árið 1990 voru langtímavextir á japönskum ríkisskuldabréfum 10% og bankavextir nálægt 6%. Ekki er þó óumdeilt að hagvaxtarviðmið sé endilega besta mælieining á afkomu og félagslega líðan þjóðfélaga.

Framkvæmdir í ríkjum Evrópusambandsins hafa dregist saman í COVID-19 faraldrinum og um 3,9% á milli ára. Miðað við framkvæmdavísitöluna 100 árið 2015, þá var hægur stígandi allt fram í byrjun árs 2020 þegar framkvæmdir hröpuðu frá því í febrúar vegna lokana í kjölfar COVID-19. Var fallið um 30 prósentustig fram í apríl þegar staðan var verst. Samkvæmt tölum fyrir júlí sem birtar voru 17. september síðastliðinn hefur verktakageirinn aðeins tekið við sér frá því í apríl og var vísitalan komin í um 105 stig í júlí sem telst samt vera afar slök staða.

/HKr.

Brugðist við miklum samdrætti í sölu á írsku nautakjöti í Evrópu:

Efnt til söluherferðar á írskum nautasteikum í þrem löndum

Samdráttur í ferðamennsku og lokanir veitingastaða valda víðar vanda en á Íslandi vegna COVID-19. Frændur vorir Írar reyna nú að bregðast við miklum samdrætti í sölu á nautasteikum með sölu- og kynningarherferð í Þýskalandi, Ítalíu og á Spáni sem hófst 15. september síðastliðinn.

Sala til veitingastaða hefur staðið undir þriðjungi af sölu á öllum nautakjötsútflutningi Íra til meginlands Evrópu. Hins vegar hefur sala á írskum steikum til veitingastaða staðið undir um helmingi af söluverðmæti nautakjötsútflutningsins. Steikurnar hafa því verið afar mikilvægar í þessum útflutningi og því hefur spáðum 33% samdrætti á veitingastöðum á þessu ári mikil áhrif á írskan nautakjötsútflutning.

Vegna samdráttar á veintingahúsum út af COVID-19 hefur sala dregist mjög saman á nautasteikum frá Írlandi. Með söluherferð á írsku nautakjöti í þrem Evrópulöndum er ætlunin að efla sölu á írskum nautasteikum í verslunum utan mesta grilltíma sumarsins. Mynd / Bord Bia

Herferðin nær til 6.000 verslana

Það er írska markaðsskrifstofan Bord Bia sem fer fyrir söluherferðinni á írska nautakjötinu í samstarfi við 11 smásölufyrirtæki í Evrópu. Nær það til allt að 6.000 verslana í Þýskalandi, Ítalíu og á Spáni. Ætlunin er að efla sölu á írskum nautasteikum í verslunum utan mesta grilltíma sumarsins. Þó steikur séu aðeins um 13% af nautskrokknum, þá hefur salan á steikunum skilað um 33% af verðmæti hvers nautaskrokks.

Aikish Forde, viðskiptaþróunarstjóri Bord Bia, segir í samtali á vefsíðu AgriLand, að reynt sé að vinna með viðskiptavinum á Evrópumarkaði við að efla neytendamarkað á írsku nautakjöti.

Fyrsti áfangi stendur út fyrsta ársfjórðung 2021

„Þetta er aðeins fyrsti áfangi í baráttunni sem mun standa út fyrsta ársfjórðung 2021. Við búumst við að fleiri smásöluaðilar í sölu á nautasteikum gangi í lið með okkur og styrki þannig tengsl okkar við evrópska smásöluverslun.“

Kynningar með fjölbreyttum hætti

Á Ítalíu verður, samhliða söluherferð í verslunum, farið í utanhúss kynningarherferð á 200 strætisvagnaskýlum, á 23 stafrænum auglýsingaskiltum og á 72 rútu- og sporvagnastöðvum á lykilstöðum í Mílanó, Bologna og í Róm. Þá verða einnig virkjaðir áhrifavaldar á samfélagsmiðlum með áherslu á 12 áhrifaleiðtoga á Instagram. Svipaðri aðferðafræði verður beitt í Þýskalandi. */HKr.*

Metinnflutningur Kínverja á svínakjöti

Á síðasta ári jókst innflutningur Kínverja á svínakjöti, vegna svínapestarinnar sem þar geisar, um 156 prósent. Eru það sérstaklega Bandaríkin sem njóta góðs af innflutningnum en frá janúar til maí í ár hafa Kínverjar flutt inn rúmlega 330 þúsund tonn af svínakjöti þaðan.

Bandaríkin njóta góðs af fyrsta áfanga í viðskiptasamningi við Kínverja sem snýr að útflutningi á svínakjöti þrátt fyrir áframhaldandi pólitískar deilur milli landanna. Staða innflutnings frá Bandaríkjunum til Kína hefur snarbreyst frá árinu 2019 en frá janúar til maí á þessu ári hafa Kínverjar flutt inn 333.445 tonn af svínakjöti frá landinu sem er aukning um 531 prósent. Þetta má sjá í nýlegri skýrslu frá Pigprogress, sem safnar saman fréttum úr svínageiranum um heim allan.

Svínakjötsframleiðslan aftur á uppleið

Tölur frá tollayfirvöldum í Kína sýna að til landsins voru flutt inn 1,68 milljónir tonna af svínakjöti fyrstu fimm mánuði ársins. Það er 156 prósentum meira en árið áður. Á eftir Bandaríkjunum er mest flutt inn af svínakjöti frá Spáni, eða rúm 300 þúsund tonn og Þýskaland þar á eftir með tæp 240 þúsund tonn. Þau lönd sem flytja einnig mest út af svínakjöti til Kína eru Brasilía, Danmörk, Kanada, Holland, Chíle, Frakkland og Stóra-Bretland. Fimm ný lönd hafa bæst við á þessu ári sem flytja út til Kína en það eru Argentína, Ítalía, Sviss, Kosta Ríka og Belgía.

Á fyrri helmingi þessa árs flutti risalandið Kína inn 2,12 milljónir tonna af svínakjöti og er það meira en heildarinnflutningur ársins 2019 sem var 2,11 milljónir tonna. Landbúnaðaryfirvöld í Kína reikna með að flytja inn eina milljón tonna til af svínakjöti í ár til að tryggja framboð á innanlandsmarkaði. Fyrstu sex mánuði ársins voru framleiddir 251 milljón grísa í Kína sem er hnignun um 20 prósent frá fyrra ári. Hins vegar hafa kínversk landbúnaðaryfirvöld gefið út að svínakjötsframleiðsla í landinu sé aftur á uppleið. Í lok júní var fjöldi svína í landinu um 340 milljónir, sem er 30 milljónum meira en í upphafi árs. Flokkurinn er nú 77 prósent af því sem hann var í lok árs 2017 þegar svínapestin herjaði í landinu.

/ehg - Bondebladet

Eurostat úttekt á vergri landsframleiðslu í COVID-19 faraldri:

Langmesti samdráttur sem sést hefur í ESB-ríkjunum frá upphafi mælinga

Evrópska hagstofan Eurostat gaf út þann 8. september síðastliðinn tölur um þróun vergrar landsframleiðslu (VLF eða Gross domestic product - GPD) í ESB-löndunum frá ársbyrjun 2008 fram til loka annars árfjórðungs 2020. Þar kemur fram að samdráttur í þjóðarframleiðslu það sem af er ári er sá langmesti sem mælst hefur frá því þessar mælingar voru teknar upp 1995.

Samdrátturinn nú, sem ber dám af heimsfaraldri COVID-19, er mun meiri en í efnahagskreppunni 2008 og bætist við nær engan hagvöxt í byrjun árs 2020. Samkvæmt tölum Eurostat varð 11,8% samdráttur að meðaltali í landsframleiðslu evruríkjanna á öðrum ársfjórðungi 2020 og 11,4% samdráttur hjá ESB-ríkjunum í heild. Borið saman við annan ársfjórðung 2019 og árstíðabundna leiðréttingu VLF, þá nemur samdrátturinn á öðrum ársfjórðungi 2020 að meðaltali 14,7% á evrusvæðinu og 13,9% í evruríkjunum öllum. Kemur það í kjölfar 3,2% samdráttar hjá evruríkjunum á fyrsta ársfjórðungi 2020 og 2,7% samdráttar hjá öllum ESB-ríkjunum.

Skelfileg staða á Spáni og víðar

Staðan í ESB-ríkjunum með árstíðabundinni leiðréttingu er æði mismunandi milli landa en í þeim öllum er landsframleiðslan neikvæð. Samdrátturinn var þó minnstur í Finnlandi, eða 6,3%, en mestur á Spáni, eða 22,1%. Það er hrikaleg staða, en hún er svo sem ekkert miklu skárri í Króatíu, Ungverjalandi, Grikklandi, Portúgal, Frakklandi, Ítalíu, Portúgal, Belgíu Kýpur og á Möltu. Í þeim löndum var samdrátturinn meiri en að meðaltali í ESB-ríkjunum sem var 13,9%. Hefur aukning á atvinnuleysi haldist nokkuð í hendur við efnahagssamdráttinn í þessum löndum. Aðeins í einu ríki ESB hefur orðið lítils háttar fjölgun starfa á öðrum ársfjórðungi, en það var á Möltu.

Í tölum Eurostat kemur líka fram að á Íslandi hafi samdrátturinn á öðrum ársfjórðungi eftir leiðréttingu verið 10,7% sem er betri staða en í Þýskalandi, en svipuð staða og í Póllandi og í Tékklandi.

Í samanburði Eurostat á stöðu mála og þróuninni í Bandaríkjunum sést að samdrátturinn hefur verið meiri í ESB-löndunum. Í Bandaríkjunum var samdrátturinn 9,1% á öðrum ársfjórðungi 2020. Reyndar hefur verg landsframleiðsla alveg frá upphafi bankahrunsins 2008 nær alltaf verið meiri í Bandaríkjunum en í ESB-löndunum. Þá er vinnumarkaðurinn í Bandaríkjunum mun sterkari en í Evrópu og mun minni aukning á atvinnuleysi vegna COVID-19.

/HKr.

UTAN ÚR HEIMI

MERCOSUR-viðskiptasamningur ESB og Suður-Ameríkuríkja að sigla í strand

– Mikil andstaða meðal lykilríkja inna ESB vegna umhverfis- og velferðarmála virðist útiloka fullgildingu samningsins

Írsk yfirvöld og formaður viðskiptanefndar Evrópuþingsins hafa bæst í vaxandi hóp gagnrýnenda á MERCOSUR-samkomulaginu sem náðist milli ESB og Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ á síðasta ári. Áður höfðu ráðherrar í Frakklandi og Þýskalandi lýst andstöðu vegna skorts á sjálfbærni í Suður-Ameríku.

Samningurinn þýðir meðal annars að Mercosur-ríkjunum verður heimilt að flytja 99.000 tonn af nautakjöti til ESB árlega með 7,5 prósenta tolli.

Írland efins um samninginn

Aðstoðarforsætisráðherra Írlands, Leo Varadkar, sagði í viðtali við írska Independent á þriðjudag að bæta yrði við samninginn við ríki Suður-Ameríku ef Írland ætti að fullgilda samninginn. Setja yrði ábyrgðir gegn umhverfisspjöllum og skógareyðingu inn í samninginn.

Varadkar telur að það væri rangt að gera sífellt strangari framleiðslukröfur til írskra bænda og sætta sig um leið við að regnskógurinn í Amasón verði fyrir verulegu tjóni.

Andstaða frá öðrum ríkisstjórnum

Fyrr í haust lýsti franska ríkisstjórnin yfir andstöðu við samninginn. Ástæðan var birting á nýju áhrifamati.

Landbúnaðarráðherra Þýskalands, Julia Klöckner, lýsti því yfir á fundi með kollegum sínum í hinum ESB-ríkjunum í september að hún væri mjög efins um samninginn við Mercosur eins og hann er í dag.

Einnig andstaða í Evrópuþinginu

Yfirmaður viðskiptanefndar Evrópuþingsins, Bernd Lange, lýsti því yfir fyrr í vikunni að samningurinn væri langt frá því að vera tilbúinn til staðfestingar og annaðhvort yrði að breyta honum eða setja í frystinn.

Að mati Lange er of margt ábótavant í samningnum. Til viðbótar við skógareyðingu og umhverfisspjöll nefndi Lange veikar reglur sem gilda í Mercosur-löndunum til verndunar starfsmanna í landbúnaði. Þá væru lítil takmörk fyrir notkun skordýraeiturs, auk þess sem illa væri farið með frumbyggja í Suður-Ameríkuríkjum.

Ferlið endalausa

Það er búið að taka 20 ár að hnoða MERCOSUR-viðskiptasamningnum saman. Búið er að gera talsverðar endurbætur í ferlinu og þýða samninginn á öll tungumál ESB. Næsta skref er að fá fullgildingu allra ESB-ríkjanna og Evrópuþingsins á samningnum.

Eins og staðan er nú virðist útilokað að óbreyttur samningur verði fullgildur. Áhyggjur af einstökum þáttum samningsins innan ESB geta leitt til krafna um að samningaferlið verði hafið upp á nýtt. Það hefur í för með sér bindandi ákvæði um sjálfbæra framleiðslu. Þá munu líða enn fleiri ár í þrotlausu samningaþófi lögfræðinga frá báðum samningahópunum þar til viðskiptasamningur getur mögulega orðið að veruleika.

/Landbruk.no//HKr.

Danmörk:

Danish Crown að fjölga starfsfólki

Eftir mörg ár með stórum hópuppsögnum hjá Danish Crown leita þeir nú eftir hundruðum nýrra starfsmanna vegna aukinnar eftirspurnar, sérstaklega á svínakjöti, til Asíu. Nú ræður fyrirtækið inn 160 nýja starfsmenn í sláturhúsinu í Ringsted, 150 í sláturhúsinu í Horsens og 45 í Blans ásamt nokkrum á skrifstofu fyrirtækisins.

Það er ekki langt síðan fyrirtækið stóð í hópuppsögnum og því eru ráðningarnar nú gleðiefni. Í fyrra var 175 manns sagt upp störfum í sláturhúsinu í Horsens og árið 2018 misstu 140 manns vinnu hjá fyrirtækinu.

„Þetta eru fjölmennustu ráðningarnar hjá okkur síðan við opnuðum sláturhúsið í Horsens fyrir 15 árum. Við höfum not fyrir starfsfólk við slátrun, úrbeiningar og að pakka okkar vörum. Við reiknum með að allir nýju starfsmennirnir fái kennslu og ekki er gerð krafa um sérstaka reynslu svo ef fólk hefur ástríðu fyrir handverki og gæðum þá er góður möguleiki á að það komi sér í vinnu hjá okkur,“ segir Per Laursen, framleiðslustjóri í Danish Crown Pork.

ehg/ politiken.dk

LÍF & STARF

Tryggvi Gunnarsson frá Flatey vill að fólki verði auðveldað að koma sér þaki yfir höfuðið:

Leggur til að byggingarreglugerð verði breytt til að draga úr skriffinnsku og kostnaði

– Samt verði ekki slakað á kröfum um byggingu og viðhald húsa né opnað á neitt fúsk í greininni

Tryggvi Gunnarsson skipstjóri, sem gjarnan er kenndur við Flatey á Breiðafirði, er ófaglærður hagleiksmaður og hefur unnið öll helstu verk er tengjast húsbyggingum. Tryggvi er nú búsettur á Seyðisfirði þar sem hann hefur undanfarið staðið í endurbótum á húsi sem hann keypti þar. Hann hefur velt fyrir sér hvernig megi minnka flækjustig við endurnýjun húsa og nýbygginga með því að einfalda regluverk, án þess þó að slakað sé á byggingarkröfum.

Tryggvi hefur sett saman tillögur að breytingum á núgildandi byggingarreglugerð sem lagðar hafa verið fyrir þar til bær ráðuneyti, en vildi gjarnan sjá almenna umræðu og jafnvel fleiri tillögur til bóta. Hann hefur sent Bændablaðinu þessar tillögur sínar með von um að þær veki umræðu, meðal annars hjá bændum sem þurfa stöðugt að vera í viðhaldi og byggingu húsa fyrir sína starfsemi. Hann leggur þó áherslu á að hvergi verði slakað á kröfum um gæði bygginga.

Tryggvi Gunnarsson ásamt dóttur sinni, Gunnhildi Jöru. Hún ætlar meðal annars að verða „lagaramaður“ eins og pabbi þegar hún verður stór.
Myndir / Úr safni Tryggva

Barbapabbahúsið á Seyðisfirði sem Tryggvi keypti. Það er nokkuð augljóst af hverju húsið fékk þetta nafn.

Tryggvi á fullu við lagfæringar á húsinu.

Byggingarreglugerðin er í sjálfu sér ekki kolómögulegt plagg

„Hafa þarf í huga þegar tillögurnar mínar eru lesnar, að á bak við þær stendur núgildandi byggingarreglugerð, sem er í sjálfu sér ekki kolómögulegt plagg en vonandi ber okkur gæfa til að laga hana svolítið til þannig að hún virki hvetjandi en ekki letjandi inn í samfélag okkar.“

Keypti Barbapabbahúsið

– Hver er aðdragandinn að þessum tillögum þínum?

„Jú, ég keypti Barbapabbahúsið, eins og það er stundum kallað hér á Seyðisfirði, og er búinn að taka það í nefið hvað endurbætur varðar. Það er komið nýtt rafmagn, frárennsli neysluvatns og hitalagnir, innréttingar og svo framvegis. Húsið er tvær hæðir og í því tvær samþykktar íbúðir.

Ég hef gert þetta mest sjálfur en notið aðstoðar við klæðningu utanhúss sem er á lokasprettinum og Barbapabbi blessaður því að hverfa á næstu dögum. Ég nota símann óspart ef einhverjar spurningar vakna og tek þá myndir og spjalla við kunningjana (faglærða) í kjölfarið og fæ góð ráð. Ég hef gaman af svona stússi, eins og svo margir, og vil skila frá mér góðu verki. Í dag búum við fjölskyldan á efri hæðinni og höfum bestu leigjendur sem hugsast getur á þeirri neðri. Auðvitað er ýmislegt eftir en stóra myndin er við það að líta dagsins ljós.“

Vill draga úr skriffinnsku og minnka flækjustig og kostnað

„Með þessum tillögum langar mig til að gera einstaklingum auðveldara að koma sér þaki yfir höfuðið á sínum leigu- eða eignarlóðum og bændum möguleika á að byggja bú sín upp á þeirra hraða og nýta þá verkkunnáttu sem svo margir búa yfir.

Við upplifum nú tíma sem eru harla óvenjulegir vegna heimsfaraldurs og tel ég því mikilvægt að nýta nú sem aldrei fyrr alla þekkingu og verkkunnáttu hvers einasta einstaklings til uppbyggingar og sjálfbærni landi okkar til heilla.

Best væri að draga úr skriffinnsku og minnka flækjustig ef þú hyggst byggja fyrir sjálfan þig til eigin nota. Tel einnig að með þessum tillögum megi draga úr beinum kostnaði og einstaklingar fái að njóta þess að vera á góðu kaupi hjá sjálfum sér til uppbyggingar á svo mörgum sviðum.

Fjöldi bygginga hefur verið byggður í gegnum árin af hugviti og elju einstaklinga og langar mig að nefna eitt dæmi til gamans. Gamla Ríkið á Seyðisfirði var á dögunum afhent af ríkinu bæjaryfirvöldum til uppgerðar og varðveislu ásamt veglegri fjárhæð sem meðgjöf til endurbótanna. Þetta fallega og merkilega hús er byggt kringum mastur af franskri skútu, stendur enn og vonandi um ókomin ár,“ segir Tryggvi Gunnarsson. Hann leggur til á minnisblaði eftirfarandi breytingar á byggingarreglugerð:

Tillögur um breytingar á byggingarreglugerð

„Eftirfarandi eru tillögur mínar um breytingar á gildandi byggingarreglugerð vegna bygginga einstaklinga á mannvirkjum á eigin lóðum og jörðum.



Einkennismynd hússins, Barbapabbinn, að hverfa undir klæðningu.

Barbapabbahúsið áður en Tryggvi hóf að gera á því endurbætur.

Búið að klæða húsið og endurbætur utanhúss langt komnar.

Eftirtaldir aðilar/mannvirki verði undanþegin byggingarleyfi en þó ávallt leyfisskyld:

Einstaklingar á leigu- og einkalóðum:

- Eitt hús til eigin nota með að hámarki 2 samþykktar íbúðir þar sem önnur íbúðin er ætluð til útleigu.
- Bílskúrar + vinnustofur + gestahús + gróðurhús + geymslur og einnig frístundahús á annarri lóð eða landi í hans eigu.

Bændur og jarðaeigendur:

- Eitt hús til eigin nota, að hámarki 2 samþykktar íbúðir þar sem önnur íbúðin er ætluð til útleigu eða til að hýsa starfsfólk.
- Gripahús + vinnustofur + bílskúrar + vélageymslur + gróðurhús og hús til ferðaþjónustu + bátaskýli + veiðihús + önnur hús er nýtast starfsemi innan viðkomandi bújarðar og einnig frístundahús á annarri lóð eða landi í hans eigu.

Undanþága við byggingar til eigin nota

„Skilyrði fyrir undanþágu frá byggingarleyfi verður m.a. að eignin verði ekki seld innan 2 ára frá því að byggingu er lokið að fullu samkvæmt lokaúttekt þar til hún er seld að fullu eða að hluta til þriðja aðila. Sé það gert fyrr skal veita undanþágu vegna sérstakra aðstæðna (t.d. vegna fráfalls eða veikinda innan nánustu fjölskyldu) er upp kunna að koma. Þá skal fara fram úttekt á því sem búið er að framkvæma af viðkomandi byggingaryfirvöldum sé mannvirki óklárað og hafi lokaúttekt ekki farið fram. Undanþágu veitir t.d. viðkomandi sveitarstjórn.

Með þessu ákvæði er tryggt að viðkomandi mannvirki sé byggt til eigin nota en ekki til endursölu.“

Einstaklingum verði gefið færi á að byggja í áföngum

„Gefa verður einstaklingum færi á að byggja í áföngum (á sínum hraða) umræddar byggingar, þó með þeim hætti að gætt sé fyllsta öryggis og ekki stafi hætta af framkvæmdinni á mismunandi byggingarstigum. (Sökklar, plata frágangur lóðar með öllu sem til þarf, bygging fokheld, lokafrágangur að innan o.s.frv.)

Upplýsingatækni verði nýtt eins og kostur er til að sannreyna verklag og frágang ýmissa atriða byggingarinnar, t.d. með myndum úr farsíma á sannanlegan hátt.

Þau gögn mætti hafa til hliðsjónar við úttektir mismunandi byggingarstiga.

Ekki er slakað á neinum kröfum skv. gildandi byggingarreglugerð hverju sinni, né í gæðum úttekta á mismunandi byggingarstigum.“

Ávallt í skjóli þar til bærra hönnuða og iðnmeistara

„Viðkomandi eigandi lóða, bújarða og annars jarðnæðis má vinna við byggingu eða breytingar, alfarið eða að hluta, fyrrnefndra mannvirkja á lóð eða landi í hans eigu, þó ávallt í skjóli þeirra hönnuða og iðnmeistara sem krafist er enda beri þeir ábyrgð á verkþáttum hver á sínu sviði.

Húsbyggjandi, hönnuðir og meistarar hafi allir virkt eftirlit með því að fullnægjandi verklagsþættir séu framkvæmdir eins og kveðið er um í gildandi byggingarreglugerð hverju sinni. Með þessu er komið til móts við þann hóp einstaklinga sem með verkkunnáttu sinni geta unnið við byggingar og breytingar mannvirkja til eigin nota, á lóðum, bújörðum og öðru jarðnæði í þeirra eigu. Þó ávallt í skjóli viðurkenndra hönnuða og iðnmeistara sem bera ábyrgð á verkþáttum hver á sínu sviði. Einnig að draga úr kostnaði fyrrnefndra einstaklinga við byggingar í eigin þágu með vísan til ofanritaðs.

Með vísan til ofanritaðs er einstaklingi heimilt að byggja í eigin nafni eða í nafni félags í meirihlutaeigu hans og nánustu fjölskyldu á bújörðum (ættaróðölum) og öðru jarðnæði fasteign til eigin nota án þess að krafist sé byggingarleyfis.

Þetta ætti einnig við um óskylda aðila sem nýta, reka saman og halda heimili á sömu bújörð í meirihlutaeigu þeirra á ársgrundvelli eða hluta úr ári,“ segir Tryggvi í tillögum sínum. */HKr.*

263 umsóknir í fyrstu úthlutun úr Matvælasjóði

Matvælasjóður var formlega opnaður 2. september og um leið var opnað fyrir umsóknir í hann. Umsóknarfrestur rann út 21. september og þá höfðu 263 umsóknir borist í í alla fjóra styrkjaflokkana.

Matvælasjóður varð til með sameiningu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og AVS-rannsóknarsjóðs í sjávarútvegi. Stofnfé sjóðsins er 500 milljónir króna og er gert ráð fyrir úthlutun í kringum næstu mánaðamót.

Samkvæmt nýbirtu fjárlagafrumvarpi mun Matvælasjóður fá 250 milljón króna viðbótarframlag á næsta ári við þær tæplega 400 milljónir sem áætlað er að sjóðurinn hafi árlega til umráða.

Fjórir styrkjaflokkar

Matvælasjóður hefur fjóra styrkjaflokka, Keldu, Afurð, Báru og Fjársjóð.

Í Keldu bárust 48 umsóknir, sem styrkir rannsóknaverkefni sem miða að því að skapa nýja þekkingu. Tilgangur Keldu er að veita rannsóknastyrki til að hægt sé að afla nýrrar þekkingar sem stuðlar að nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu.

Í Afurð bárust 50 umsóknir, sem styrkir verkefni sem komin eru af hugmyndastigi en eru þó ekki tilbúin til markaðssetningar, en leiða af sér afurð. Líta má á þennan flokk styrkja sem tækifæri til að móta og þróa afurð úr hráefnum sem tengjast matvælaframleiðslu og gera hana verðmætari í ferlinu. Afurðirnar eiga að auka nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu. Verkefnin geta verið á ólíkum stað í ferlinu, á byrjunarreit eða lokastigum.

Í Báru bárust 126 umsóknir, sem styrkir verkefni á hugmyndastigi. Styrkur úr Báru fleytir hugmynd yfir í verkefni. Í Báru leita þeir frumkvöðlar, og fyrirtæki sem eru yngri en fimm ára, sem vilja skoða hugmynd, hráefni eða aðferðir sem stuðla að nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu.

Í Fjársjóð bárust 37 umsóknir, sem styrkir sókn á markað. Fjársjóður er samansafn verðmætra hluta og styrkir fyrirtæki til að koma sínum verðmætum á framfæri. Skilyrði Fjársjóðs er að varan sé afurð úr íslenskum hráefnum sem ætlað er til matvælaframleiðslu. Tilgangurinn er að veita styrk til fyrirtækja til að styrkja markaðsinnviði og markaðssókn afurða tengdum íslenskri matvælaframleiðslu og stuðla þannig að nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu.

Hluti af öðrum aðgerðarpakka vegna COVID-19

Unnið var að stofnun sjóðsins á síðasta ári en þeirri vinnu flýtt til að bregðast við áhrifum COVID-19. Var frumvarp um sjóðinn lagt fram á Alþingi í apríl síðastliðnum sem hluti af öðrum áfanga aðgerða til að skapa efnahagslega viðspyrnu við ástandinu.

Matvælasjóður varð til með sameiningu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og AVS-rannsóknarsjóðs í sjávarútvegi. Stofnfé sjóðsins er 500 milljónir króna.

Stjórn gerir tillögur um úthlutanir

Stjórn Matvælasjóðs skipa Gréta María Grétarsdóttir, formaður stjórnar, Gunnar Þorgeirsson samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, Heiðrún Lind Marteinsdóttir, samkvæmt tilnefningu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, og Karl Frímannsson, án tilnefningar. */smh*

EKKI DETTA ÚR SAMBANDI!
Rafmagnsleysi getur valdið stórtjóni



Eins og dæmin sanna geta bæði fyrirtæki og einstaklingar, ekki síst bændur, orðið fyrir stórtjóni þegar rafmagn dettur út vegna veðurs og náttúruhamfara. Við eigum varaaflstöðvar fyrir allar aðstæður.

Hafðu samband í tæka tíð!

JOHAN RÖNNING

Nánari upplýsingar á ronning.is eða ronning@ronning.is

REYKJAVÍK Klettagörðum 25 Sími 5 200 800
SELFOSSI Eyravegi 67 Sími 4 800 600
AKUREYRI Draupnisgötu 2 Sími 4 600 800
REYÐARFIRÐI Nesbraut 9 Sími 4 702 020
REYKJANESBÆ Hafnargötu 52 Sími 4 207 200
HAFNARFIRÐI Bæjarhrauni 12 Sími 5 200 800
GRUNDARTANGA Mýrarholtsvegi 2 Sími 5 200 830

Alternatorinn eða startarinn bilaður?

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólastillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

Sendum um allt land.

www.pgs.is
pgs@pgs.is
s 586 1260
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík

PG Startþjónustan
Alternatorar & Startarar

TOYO TIRES driven to perform | PIRELLI POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL | Laufenn Journey in Style | MAXXIS DEKK | Mastercraft TIRES | NANKANG FREE YOUR WAY | INTERSTATE TIRES



Skoðaðu nýju heimasíðuna okkar á nesdekk.is

Þar getur þú fundið réttu dekkin sem henta þér best, og gengið frá kaupunum.

Sjáðu úrvalið á nesdekk.is

Breiðhöfði 13 110 Reykjavík 590 2080
Fiskislóð 30 101 Reykjavík 561 4110
Grjóthálsi 10 110 Reykjavík 561 4210
Lyngási 8 210 Garðabæ 565 8600
Njarðarbraut 9 260 Reykjanesbæ 420 3333
Njarðarnesi 1 603 Akureyri 460 4350

NESDEKK

LÍF & STARF

Fanga angan íslenskrar náttúru

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is

Hönnuðirnir Sonja Bent og Elín Hrund Þorgeirsdóttir reka fyrirtækið Nordic angan sem framleiðir vörur úr ilmkjarnaolíum sem eimaðar hafa verið úr íslenskum jurtum og trjám. Þær hófu tilraunastarfsemi fyrir rúmum þremur árum og er nú rannsóknar- og þróunarverkefnið þeirra, Ilmbanki íslenskra jurta, orðið að vörulínu ásamt sýningu á vinnustofu þeirra í Álafosskvosinni í Mosfellsbæ.

„Ég hef sagt að þetta hafi verið svona mitt „happí hobbí“ í byrjun og þetta kviknaði eiginlega út frá blóðbergi. Maður þekkir ekki þessa lykt af blóðberginu sem er mjög sérstök og þess vegna var alveg geggjað að ná henni, að fanga lyktina. Pabbi minn, Þórir Bent Sigurðsson, hafði lært að eima á námsárum sínum í Noregi þannig að hann hafði grunn og ég byrjaði að leita mér upplýsinga. Við breyttum gömlu brugggræjunum hans og eftir nokkrar tilraunir gat ég ekki stoppað. Ég var úti um allar koppagrundir að lykta af öllu og lét Elínu vita af þessu en við þekktumst í gegnum hönnunargeirann sem endaði með að við fórum í samstarf,“ segir Sonja.

Á Hönnunarmars í fyrra frumsýndu þær stöllur ilmsturtuna sem vakti verðskuldaða athygli þar sem fólk baðar sig í íslenskum ilmkjarnaolíum. Hátíðnihljóðbylgjur brjóta olíurnar niður í öragnir en þannig eiga þær greiðari leið inn í líkamann. Ilmkjarnaolíurnar berast að öndunarfærunum sem köld þurrgufa.
Mynd / og Sigtryggur Ari Jóhannsson

Hönnuðirnir Sonja Bent og Elín Hrund Þorgeirsdóttir eima íslenskar jurtir og tré til framleiðslu á ilmkjarnaolíum undir merkinu Nordic angan.
Mynd / ehg

Gamlir mjólkurtankar frá bændum

Jóhannesi Bjarna Eðvarðssyni, frænda Sonju, leist svo vel á hugmyndina að hann kom inn í fyrirtækið með þeim stöllum og standsetti húsnæði fyrir þær í Álafosskvosinni í Mosfellsbæ. Einnig hefur hann hjálpað þeim að nálgast mjólkurtanka og hráefni fyrir vinnsluna.

„Fljótlega urðum við að kaupa alls kyns tilraunatæki og auglýstum meðal annars í Bændablaðinu eftir gömlum mjólkurtönkum því við þurftum stærri tæki fyrir trjáeiningar til eimunar. Við fengum mjög góð viðbrögð við auglýsingunni því gamlir tankar liggja víða uppi í sveit og það kostar að farga þeim. Því voru þeir bændur sem við keyptum af himinsælir með að við vildum kaupa slíka tanka. Það var svolítið skemmtilegt hvað bændunum þótti vænt um tankana sem búnir eru til úr sænsku gæðastáli. Við fengum einn á Kópaskeri og þar þurfti að taka hurðina af fjósinu til að ná honum út, svo það voru dálitlar æfingar,“ útskýrir Elín.

Árið 2017 fengu Sonja og Elín aðstöðu í Hönnunarsafni Íslands þar sem þær voru með lifandi vinnustofu og fyrstu vörurnar litu dagsins ljós.

„Við fengum gríðarlega athygli og vorum hvattar til að sækja um styrki til að fara með hugmyndina lengra. Þannig að við fórum út í þá vinnu og fengum nokkra styrki frá Tækniþróunarsjóði, Hönnunarsjóði, Mosfellsbæ og Atvinnuþróunarsjóði kvenna sem var algjör grundvöllur fyrir okkur til að halda áfram að gera tilraunir og þróa vörur,“ segir Sonja.

Á sýningunni Ilmbanki íslenskra jurta í Álafosskvosinni geta gestir lyktað sig áfram um íslenska náttúru í orðsins fyllstu merkingu.
Mynd / og Sigtryggur Ari Jóhannsson

Fjölbreytt eimingarferli

Það sem byrjaði sem rannsóknarverkefni hjá hönnuðunum fór nú yfir á næsta stig og fengu þær aðstoð efna- og lyfjafræðinga á því sem þær gátu ekki sjálfar leyst.

„Það er ekki hefð fyrir eimingu á Íslandi og við þurftum að finna út úr alls kyns þáttum við að ná ilmkjarnaolíum út úr mismunandi jurtum og trjám. Við þurftum að finna út hvenær sé best að tína og hvaða hluta plöntunnar er best að nýta. Það eru til dæmis margar jurtir hér sem engum hefur dottið í hug að eima og því þurftum við að fara okkar leið í að vinna þær,“ segir Sonja og Elín bætir við:

„Manni mistekst oft í þessu ferli og fær enga olíu og enga lykt og verður þá pirraður yfir því en síðan í næsta skrefi fær maður frábæra

Allar ilmmyndirnar á sýningunni Ilmbanki íslenskra jurta eru ilmvötn sem fanga stemningu og augnablik í gegnum texta og lykt.

GRIPABURSTAR

Easy Swing®

Easy Swing gripaburstar fyrir velferð dýranna

Í samstarfi við Finneasy í Finnlandi býður BYKO nú upp á Easy Swing gripabursta af ýmsum stærðum án mótora. Burstarnir henta gripum allt frá ungum kálfum upp í fullorðin naut. Burstarnir eru smíðaðir með mikið álag í huga. Easy Swing gripaburstarnir eru auðveldir í uppsetningu og kosta mun minna en rafmagnsdrifnir kúaburstar.

Hafðu samband:
bondi@byko.is

byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Eftirlíkingar af mannslungum á sýningunni eru ilmhylki sem innihalda mismunandi lyktartegundir úr skóginum. Þar má meðal annars fræðast um að í Lindifuru eru Ketones, hópur lífrænna efnasambanda sem eru sérstaklega styrkjandi fyrir lungun og hafa góð áhrif á öndunarfærin. Lindifurur voru áður gróðursettar í kringum berklahæli því þær þóttu styrkjandi fyrir lungun.

lykt og það er stórkostleg tilfinning. Eimingarferlið getur tekið allt frá nokkrum klukkustundum og upp í hálfan sólarhring. Maður þarf að vita hvort jurtin eigi að vera þurrkuð eða hvort hægt sé að setja hana beint út í eimingarferlið. Þannig að aðferðirnar eru mismunandi og ferlið ólíkt en mjög skemmtilegt að vinna þetta.“

Lyktir hafa miðju, hjarta og topp

Hönnuðirnir eru sem sagt búnar að þróa eigin aðferð við að ná lyktinni úr yfir 100 plöntum og trjám ásamt meðal annars kindataði og heyi. Úr hefur einnig orðið ilmsýningin Ilmbanki íslenskra jurta sem þær hafa stillt upp í vinnuhúsnæðinu í Álafosskvosinni.

„Við erum stöðugt að þjálfa lyktarskynfærið sem flestir nota í raun ekki mikið. Það hefur ýmislegt komið á óvart í þessu ferli, eins og lykt af þistli sem er hálfgerður arfi en úr honum kemur góð rósalykt. Eins af burnirót, en það er kremkennd og sæt hunangslykt af henni. Síðan eru sumar lyktir mjög rokgjarnar og hverfa fljótt en aðrar eru margslungnari með miðju, hjarta og topp,“ segir Elín og Sonja bætir við:

„Við erum að ná lykttegund sem fólk tengir við eins og öspin er lykt vorsins þegar asparbrumin ilma svo sterkt um allt. Síðan förum við lengra inn í sumarið og þá er birkilaufið ráðandi. Það er svo gaman að ná þessum ilmum sem liggja í dýpstu hjartarótum Íslendinga. Fólk tengir svo mismunandi við lyktir sem það finnur og það er svo gaman fyrir okkur að ná því samtali við fólk því það er svo persónubundið. Við höfum upplifað það að fólk hefur komið hér og fundið lykt og þá rifjast upp einhver minning og einstaklingurinn verður aftur barn þegar það rifjast upp fyrir honum ljóslifandi atburður úr æsku. Skynfærið tengist nefnilega tilfinningu og þess vegna hafa mismunandi ilmir tengsl við minningar og upplifanir.“

Virkjum lyktarskynfærið

Á Hönnunarmars í fyrra vakti ilmsturta Nordic angan mikla athygli en hugmyndin kemur frá japönskum skógarböðum, Shinrin-Yoku, sem ganga út á návist trjáa.

„Í ilmsturtunni baðar fólk sig í íslenskum ilmkjarnaolíum. Hátíðnihljóðbylgjur brjóta olíurnar niður í öragnir en þannig eiga þær greiðari leið inn í líkamann. Ilmkjarnaolíurnar berast að öndunarfærunum sem köld þurrgufa. Rannsóknir japanskra vísindamanna sýna fram á að skógarböð draga úr streituhormónum, bæta ónæmiskerfið og efla almenna vellíðan. Ástæðuna má finna í ilmkjarnaolíum sem trén framleiða og gefa frá sér til að verjast bakteríum og skordýrum. Skógarloftið lætur manni því ekki aðeins líða vel heldur virðist það bæta ónæmiskerfið og urðu því skógarböð hluti af opinberri heilsuáætlun í Japan árið 1982,“ útskýrir Sonja og Elín segir jafnframt:

„Á sýningunni okkar hér sem er Ilmbanki íslenskra jurta erum við að gera um það bil einum fjórða skil en síðan getum við skipt út enda af nógu að taka. Núna erum við að markaðssetja sýninguna hér bæði fyrir einstaklinga og vinnustaða- og vinahópa. Hægt er að panta heimsókn á heimasíðu okkar í ilmupplifun með leiðsögn og léttum veitingum. Einnig erum við í stöðugri vöruþróun og að bæta við í versluninni hjá okkur þannig að við vonumst til að fá sem flesta hérna til okkar í kvosina til að virkja lyktarskynfærin, ilma að sér íslenskri náttúru og framkalla um leið gamlar góðar minningar.“ – Sjá nánar á nordicangan.com

GRÆNU VELFERÐARGÓLFIN

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson
S: 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is

LEIKSKÓLASTJÓRI HEKLUKOTI Á HELLU

Byggðasamlagið Oddi bs óskar eftir að ráða leikskólastjóra við leikskólann Heklukot á Hellu. Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn til að ganga glaður til verka og leiða af dugnaði öflugt leikskólasamfélag með samstöðu og árangur að leiðarljósi.

Á starfssvæði byggðasamlagsins búa um 2000 íbúar en það eru sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur sem standa að Odda bs. Leikskólinn Heklukot er 5 deilda leikskóli með um 80 börn. Á Heklukoti er unnið eftir stefnu Grænfánans og Heilsustefnunnar og mikil áhersla lögð á að vinna gæðastarf með börnum. Í undirbúningi er að reisa nýjan leikskóla á Hellu og því mjög spennandi tímar framundan. Skólastefnu Rangárþings ytra og Ásahrepps má finna á slóðinni: www.ry.is/is/ibuar/skolar/leikskolar-dagvistun

Gildi leikskólans á Heklukoti eru:
Leikur – Gleði – Lífsleikni.

Stefnt er að því að ráða í stöðuna frá 1. janúar næstkomandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Samninganefndar sveitarfélaga (SNS) og Félags stjórnenda leikskóla (FSL).

Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri byggðasamlagsins Odda bs.

Umsóknarfrestur er til 20. október nk. Umsóknum skal skila á netfangið agust@ry.is. Með umsókn skal skila starfsferilskrá, nöfnum 2 umsagnaraðila, stuttri kynningu á umsækjanda og greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir sýn sinni á leikskólamál og faglegri reynslu og getu sem nýtist í starfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri í gegnum netfangið agust@ry.is eða í síma 4887000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Réttur er áskilinn til að hætta við ráðningu og/ eða auglýsa stöðuna að nýju.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veita faglega forystu og leiða þróun skólastarfs til framtíðar í samræmi við skólastefnu sveitarfélaganna sem standa að byggðasamlaginu Odda bs, aðalnámskrá leikskóla og lög um leikskóla.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi leikskólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun.
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagins.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða leyfisbréf skv. núgildandi lögum og farsæl starfsreynsla í leikskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða og/eða farsæl stjórnunarreynsla.
- Færni og reynsla í starfsmannastjórnun, stefnumótun og áætlanagerð.
- Hæfni í samskiptum og metnaður til árangurs.
- Reynsla í fjármálastjórnun kostur.

Á Hellu búa um 900 manns og stendur Leikskólinn Heklukot í hjarta þorpsins á einu fegursta bæjarstæði landsins við hina lygnu Ytri-Rangá. Í næsta nágrenni við leikskólann er Grunnskólinn á Hellu og Tónlistarskóli Rangæinga, Íþróttamiðstöð með frábærri sundlaug, sparkvelli og leik- og útiíþróttasvæði. Á Hellu er margvísleg þjónusta og kraftmikil uppbygging m.a. hvað varðar fjölbreytt íbúðahúsnæði. Þar eru ótal möguleikar til að sinna áhugamálum og útiveru af öllu tagi. Á Hellu er gott mannlíf og þar er tekið vel á móti fólki.

Bændablaðið á bbl.is og líka á Facebook

Rekstrarland | Austurvegi 69 | 800 Selfoss | **480 1306** | rekstrarland.is

olís | REKSTRARLAND

BÆKUR & MENNING

Saga Finns og Mundínu á Ytri-Á á Kleifum og tuttugu barna þeirra komin út:

„Þetta var í hæsta máta mjög sérstakt og forvitnilegt“

– segir höfundurinn Óskar Þór Halldórsson og bendir á að nú til dags eignist hver kona á Íslandi að meðaltali aðeins 1,8 börn

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is

„Mér finnst að þessi saga eigi erindi til fólks. Aðstæður Íslendinga nú eru auðvitað gjörbreyttar frá því sem Ytri-Ár fjölskyldan bjó við á tuttugustu öld. Lífsbaráttan í þá daga laut að því að eiga í sig og á, fólk dró fram lífið af gæðum náttúrunnar til lands og sjávar,“ segir Óskar Þór Halldórsson, sem hefur skrifað bókina Á Ytri-Á. Óskar Þór starfaði lengi við blaða- og fréttamennsku.

Bókarhöfundurinn Óskar Þór Halldórsson.



Mundína og Finnur með sextán börnum sínum sem komust til fullorðinsára. Myndir / Úr einkasöfnum

Ytri-Á vísar til Ytri-Gunnólfsár á Kleifum við vestanverðan Ólafsfjörð. Þar er húsaþyrping og þegar flest var á tuttugustu öld bjuggu þar hartnær hundrað manns sem lifði af landbúnaði, sjóróðrum og fiskverkun.

Þungamiðjan í þessari nýju bók, er saga hjónanna Finns Björnssonar og Mundínu Þorláksdóttur á Ytri-Á á Kleifum og tuttugu barna þeirra sem þau eignuðust á 28 árum, frá 1917 til 1945. Sextán barnanna komust til fullorðinsára, fjögur dóu í æsku. Finnur og Mundína létust á níunda áratug síðustu aldar. Átta af sextán börnum þeirra sem komust til fullorðinsára eru á lífi. Afkomendur Finns og Mundínu eru nú tæplega fjögur hundruð.

Á Ytri-Á er yfirgripsmikil saga þar sem varpað er ljósi frá ýmsum hliðum – í gleði og sorg – á hið daglega líf stórfjölskyldunnar á Ytri-Á. Kleifarnar, Ólafsfjörður, Hvanndalir og Héðinsfjörður koma hér líka við sögu. Bókin er 516 blaðsíður og í henni eru á sjötta hundrað ljósmyndir, sem flestar hafa ekki áður birst.

Sögusviðið stórt og óvenjulegt

„Sagan um Finn og Mundínu og börnin þeirra tuttugu er eðli málsins samkvæmt viðamikil. Sögusviðið er stórt og óvenjulegt, ég þekki þess engin önnur dæmi frá tuttugustu öld að hjón hafi eignast saman tuttugu börn. Þetta var því í hæsta máta mjög sérstakt og forvitnilegt,“ segir Óskar. Skriflegar heimildir um Ytri-Ár fjölskylduna og lífsbaráttu hennar eru af skornum skammti og því var einnig stuðst við munnlegar heimildir.

„Ég tók mikinn fjölda viðtala við afkomendur Ytri-Ár hjónanna og fleiri til þess að fá mynd af þeim og heimilishaldinu á Ytri-Á.“

Í mars 1959 fór Finnur í óvænta flugferð til Kaupmannahafnar. Hann ætlaði að fljúga frá Reykjavík til Akureyrar en fór upp í ranga flugvél Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli sem flaug áætlunarflug til Glasgow og Kaupmannahafnar. Þessi mynd var tekin í þeirri ferð. Flugfreyjur Hrímfaxa, Hólmfríður Gunnlaugsdóttir og Jóhanna G. Ólafsdóttir, bera Finn hér á gullstól. Til vinstri er Jóhannes R. Snorrason flugmaður.

Mundína Þorláksdóttir og Finnur Björnsson.

Sumrin nýtt til að afla matar fyrir veturinn

Óskar bendir á að aðstæður okkar Íslendinga nú séu gjörbreyttar frá því sem Ytri-Ár fjölskyldan bjó við á tuttugustu öld. Sem dæmi eignast konur á Íslandi nú að meðaltali 1,8 börn, ekki ósvipað því sem tíðkast í okkar nágrannalöndum, en langt fram eftir tuttugustu öld var algengt, einkum til sveita, að á hverjum bæ væru 5–10 börn.

„Fyrir íslenska vísitölufjölskyldu á árinu 2020 er það eðlilega áleitin spurning hvernig í ósköpunum hjón gátu eignast tuttugu börn. Þeirri spurningu er eiginlega ekki hægt að svara með öðrum hætti en að þær kröfur sem fólk á þessum tíma gerði til lífsins og

Á neðri hæð hússins á Ytri-Á bjuggu Mundína og Finnur. Þau eignuðust tuttugu börn. Á efri hæðinni bjuggu Anton, bróðir Finns, og Guðrún kona hans. Þau eignuðust tíu börn.

þjóðfélagsins voru á allt öðrum nótum en nú til dags. Fólkið á Ytri-Á bjó við kröpp kjör en það var aldrei skortur á nauðsynjum. Lífsbaráttan laut að því að eiga í sig og á. Fólk dró fram lífið af

gæðum náttúrunnar til lands og sjávar. Sumrin voru nýtt út í ystu æsar til þess að afla matar fyrir veturinn. Stíft var róið til fiskjar á sumrin áður en sláttur hófst og síðan tók heyskapurinn við og loks sláturtíðin.“

Þröngt máttu sáttir sitja

Mundína og Finnur voru samheldin við barnauppeldið og heimilishaldið. Um margt voru þau þó ólík. Finnur var áberandi maður í byggðarlaginu og sagði skoðun sína umbúðalaust á mönnum og málefnum. Mundína var að sögn Óskars jafnlynd kona sem skipti aldrei skapi og gekk að verkum sínum með bros á vör.

„Hún sagði stundum að hún skipti sér ekki af því sem henni kæmi ekki við. Að fæða tuttugu börn er sérstakur kapítuli. Tuttugu fæðingar á tuttugu og átta árum,“ segir hann og bætir við að í barnahópnum voru engir tvíburar.

„Þrátt fyrir mikil þrengsli kvörtuðu krakkarnir ekki. Eldri börnunum var gert ljóst að foreldrarnir kæmust ekki hjálparlaust yfir að annast öll verk sem þyrfti að vinna á heimilinu og því yrðu þau að koma í ríkum mæli að uppeldi yngri systkina sinna. Það þótti eldri börnunum sjálfsagt og eðlilegt og því skapaðist mikil samheldni milli systkinanna sem hefur haldist alla tíð.“

Ummælin eru afkomendum ráðgáta

Mundína var að sögn almennt heilsuhraust og fæddi öll börn sín án teljandi vandkvæða. Sýndi hún börnum sínum og barnabörnum alla tíð mikla ástúð og umhyggju. Ein frægasta setning íslenskrar sjónvarpssögu er að sögn Óskars afkomendum hennar nokkur ráðgáta. Tuttugu barna móðirin sagði í viðtali við Sigrúnu , fréttakonu á Ríkissjónvarpinu, árið 1980 að hún hafi eiginlega ekki haft gaman af börnum! Og bætti svo við: – „Þetta er sjálfskaparvíti manns sjálfs að eiga svona mörg börn.“

Horft til suðurs yfir Kleifar við vestanverðan Ólafsfjörð. Ytri-Á lengst til vinstri á myndinni, sem var tekin sumarið 1969.

Útgáfuhóf Á Ytri-Á í Tjarnarborg í Ólafsfirði. Sex af átta börnum Mundínu og Finns sem eru á lífi veittu fyrstu eintökunum viðtöku. Frá vinstri: Jón Albert, Aðalgeir Gísli, Fjóla Bára, Sólrún Guðrún, Héðinn Kristinn og Óskar Þráinn Finnsbörn.

microlift
Með 4kg Lithium rafhlöðu er Microlift lítið þyngri, en handtjakkur
..... þegar við metum kostina, gæðin og verðið.
Er svarið: microlift

Youtube kynning á:
https://youtu.be/cPx7PPYvNUM
Kraftmikill, léttur og lipur.
50% afsláttur á auka lithium rafhlöðu.
ETNA ehf. Til sýnis hjá Pmt, Krókhálsi 1. Upplýsingar og fyrirspurnir í síma 698 1539 - email: siggi@pmt.is

Næsta Bændablað kemur út 22. október

Smáauglýsingasíminn er: 563 0300

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið

Velferð og vinnuhagræðing
GEA engineering for a better world · KRAIBURG · Big Dutchman
Við höfum vandað vöruúrvalið fyrir fjós með aukna skilvirkni, betri vinnuaðstöðu og vellíðan gripa að leiðarljósi.
Hjá okkur færðu vandaðar fjósainnréttingar, steinbita, kúabursta, mjúkar mottur og fleira sem eykur vellíðan gripa í fjósum.
Við bjóðum einnig upp á loftræstikerfi frá Big Dutchman og annan tæknibúnað eins og mjaltaþjón, fóðurgjafakerfi, flórsköfubúnað og fleira frá GEA sem léttir þér verkin og eykur afköst.
Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 540 1100 eða sendu póst með fyrirspurn á netfangið lifland@lifland.is.
LÍFLAND Stofnað 1917
Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 · www.lifland.is lifland@lifland.is · Reykjavík Lynghálsi · Akureyri Óseyri · Borgarnes Borgarbraut · Blönduós Efstubraut · Hvolsvöllur Ormsvöllur

LÍF & STARF

Veggspjald var búið til með 30 leiðum til að minnka plastnotkun og fór víða á samfélagsmiðlum.

Málþing í lok árvekniátaksins Plastlaus september:

MS og SFG í sífelldri endurskoðun á umbúðamálum

Árveknisátakinu Plastlaus september lauk þann 30. september með málþingi í Veröld – húsi Vigdísar. Yfirskriftin var Frá upphafi til enda – plastnotkun í íslenskri matvælaframleiðslu. Þar kom meðal annars fram að allar plastumbúðir frá bændum innan Sölufélags garðyrkjumanna eru endurvinnanlegar.

Sífelld endurskoðun á framleiðsluferlum og í umbúðaþróun

Það var Sunna Gunnars Marteinsdóttir, samskiptastjóri MS, sem flutti erindi um þær aðgerðir sem þar hefur verið ráðist í – og stefnt er að – til að minnka plastnotkun. Hún sagði að af vinsælustu vöruflokkum þeirra í framleiðslu væru einungis tveir þeirra enn í plastumbúðum; ostur og skyr – annað væri mest í pappaumbúðum. Athugun fyrirtækisins leiddi í ljós að ekki væri slæmt að nota plast ef það væri einungis úr einnig tegund af plasti sem hægt væri að endurvinna. Því fór í gang vinna hjá MS við að laga þær vörur, sem þurfa að vera í plastumbúðum, að þeirri niðurstöðu.

Hjá Sunnu kom fram að bæði í framleiðsluferlunum og í umbúðaþróuninni væri sífelld endurskoðun í gangi um það hvar megi minnka plast og hvernig því sé skilað á sem bestan hátt til endurvinnslu, sem ekki verður í bili komist hjá að nota.

Allt plast í endurvinnanlegt hjá SFG

Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri Sölufélags garðyrkjumanna (SFG), sagði að umbúðir utan um vörur garðyrkjubænda væru af ýmsum ástæðum nauðsynlegar; rekjanleikinn væri meiri og svo gegna þær ákveðnu verndarhlutverki fyrir vörurnar. Reynslan sýndi til dæmis að ópakkað útiræktað grænmeti rýrnaði um allt að 30 prósent – en ekki nema um tvö prósent þegar því væri pakkað. Kristín sagði hins vegar að ljóst væri að það væru bæði kostir og gallar við að pakka grænmeti.

Hún sagði að innan SFG væri stöðug leit að góðum umbúðalausnum. Umbúðaplastið væri orðið þynnra og minna væri notað af plasti utan um vörurnar, þannig að plastnotkunin hefði minnkað um 90–95 prósent í kílóum talið, og svo væri allt plast á vegum þeirra að fullu endurvinnanlegt.

Frá 2009 hafa pappabakkar alveg leyst plastbakkana af hólmi hjá garðyrkjubændum innan SFG, að sögn Kristínar Lindu, en þeir eru allir unnir úr endurvinnanlegum pappa. Þá var á síðasta ári farið að nota niðurbrjótanlegar umbúðir utan um salat og smátómata og -gúrkur. Þar er um að ræða umbúðir úr „lífplasti“ – sem líkjast plasti, en er gert úr jurtasterkju eða sykureyr.

Önnur erindi sem flutt voru í Veröld voru frá Þóru Þórisdóttur í Matarbúðinni Nándinni, sem fékk umhverfisviðurkenninguna Bláskelina á dögunum, Þóru Þorgeirsdóttur hjá Minna sorp og Gyðu S. Björnsdóttur frá SORPU.

30 leiðir til að minnka plastnotkun

Vegna samkomutakmarkana snerist starfið hjá Plastlausum september að þessu sinni um að miðla upplýsingum og hvetja fólk með rafrænum hætti. Veggspjald var til dæmis búið til með 30 leiðum til að minnka plastnotkun og fór víða á samfélagsmiðlum. */smh*

MAKEathon nýsköpunarkeppnin:

Pepperóní úr fiski og blómpappír úr beinum

– voru vinningsafurðirnar sem unnar voru úr hliðarafurðum í sjávarútvegi

Nýsköpunarkeppninni MAKEathon á Íslandi, sem gekk út á að finna lausnir til að bæta nýtingu hliðarafurða í sjávarútvegi, lauk formlega 18. september með lokaathöfn og verðlaunaafhendingu. Tíu teymi kepptu með alls 50 þátttakendum og varð niðurstaðan að tvö lið voru útnefnd sigurvegarar; SOS-hópurinn sem framleiddi eins konar „pepperóní“ úr fiskafgöngum og Otoseed-hópurinn sem framleiddi pappír úr fiskbeinum sem hefur þann eiginleika að upp úr honum spretta blóm, sé hann vökvaður.

Frá vinnustofunni í Bolungarvík.

MAKEathon á Íslandi var í umsjón Matís og stóð yfir í eina viku á fjórum stöðum á Íslandi; Reykjavík, Akureyri, Neskaupstað og Bolungarvík/Ísafirði, þar sem þátttakendur með fjölbreyttan bakgrunn spreyttu sig á verkefninu „Hvernig getum við aukið verðmæti hliðarafurða í sjávarútvegi til að gera vinnsluna sjálfbærari?“



Hópurinn Otoseed, sem gerði pappír úr fiskbeinum sem inniheldur fræ og hægt er að rækta blóm upp úr.

Pappírinn sem Otoseed gerði.

MAKEathon á Íslandi er hluti sambærilegra evrópskra viðburða sem eru rekin undir verkefninu MAKE-it, sem stofnað var af EIT FOOD – sem er hluti af undirstofnun Evrópusambandsins. Í þessum verkefnum er lögð áhersla á sjálfbærni og nýsköpun meðal annars í matvælaframleiðslu í Evrópu.

Viðburðurinn fór að mestu fram með fjarfundarbúnaði og í gegnum samfélagsmiðla – og sömuleiðis lokaathöfnin. Verkefnið var unnið í nánu samstarfi við FabLab á Íslandi og gefur þátttakendum frábært tækifæri til að kynnast nýsköpunarumhverfinu betur og jafnframt tækifæri til að þróa eigin vöru í kjölfar MAKEathon. */smh*

Háskólinn á Bifröst bregst við stöðunni í atvinnumálum vegna COVID-19:

Býður upp á „Námsglugga“ fyrir þá sem misst hafa vinnu

Háskólinn á Bifröst hefur tekið upp viðbrögð vegna atvinnuástandsins sem skapast hefur vegna kórónuveirufaraldursins. Er fólki nú gefinn kostur á því að hefja nám í svonefndum Námsglugga á seinni hluta haustannar. Stjórnendur skólans líta svo á að greiður aðgangur að háskólanámi geti skipt sköpum fyrir fólk sem misst hefur vinnu.

Seinni lota haustannar hefst þann 19. október og býðst nemendum að skrá sig í stök námskeið gegnum símenntunarmiðstöð skólans. Um er að ræða námskeið bæði í grunnnámi og meistaranámi skólans og eru öll námskeiðin einingabær.

Þátttakendur í námskeiðunum þurfa að uppfylla aðgangsviðmið háskóla en hugsunin er sú að þátttaka í námskeiði geti orðið fyrsta varðan í háskólanámi viðkomandi á Bifröst. Strax um áramót geta nemar svo sótt um formlega skólavist á Bifröst og verða námskeiðin þá metin inn í námsferil viðkomandi nema. Þátttaka í námskeiði verður þannig eins og nokkurs konar gluggi þar sem fólki er gert kleift að hefja háskólanám með stuttum fyrirvara á miðri önn. Þeir nemendur sem ekki hefja formlegt nám við Háskólann á Bifröst fá skjal sem staðfestir þátttöku í viðkomandi námskeiði.

Boðið verður upp á eftirfarandi námskeið í Námsglugganum seinni hluta haustannar 2020:

Grunnnám í félagsvísinda- og lagadeild

- Íslensk stjórnmál 6 ECTS einingar. Kennari Eiríkur Bergmann prófessor.
- Skapandi skrif og sala hugmynda. 6 ECTS einingar. Kennari Ingibjörg Rósa Björnsdóttir.
- Upplýsingatækni 4 ECTS einingar. Kennari Jón Freyr Jóhannsson lektor.

Grunnnám í viðskiptadeild

- Upplýsingatækni 4 ECTS einingar. Kennari Jón Freyr Jóhannsson lektor.
- Markaðsfræði 1. 6. ECTS einingar. Kennari Ragnar Már Vilhjálmsson
- Þjónustustjórnun. 6 ECTS einingar. Kennari Brynjar Þór Þorsteinsson lektor
- Vinnusálfræði. 6 ETCS einingar. Kennari Arney Einarsdóttir dósent

Meistaranám í félagsvísinda- og lagadeild

- Húmor og jafnrétti í stjórnun. 6 ECTS einingar. Kennarar Sigrún Lilja Einarsdóttir dósent og Edda Björgvinsdóttir.
- Menning, markaður og miðlun. 6 ECTS einingar. Kennari Vilborg Soffía Kristinsdóttir.

Áætlanagerð og verkefnastjórnun.

- 6 ECTS einingar. Kennari Þórunn Sigurðardóttir.

Meistaranám í viðskiptadeild

- Alþjóðleg markaðsfræði. 6 ECTS einingar. Kennari Ragnar Már Vilhjálmsson.

Vinnuréttur.

- 6 ECTS einingar. Kennari Elín Blöndal.
-

Nánari upplýsingar og námskeiðslýsingar er að finna í námskennsluskrá Háskólans á Bifröst: https://ugla.bifrost.is.

/HKr.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins RML

Viðbrögð við COVID-19:

Starfsemi RML og heimsóknir til bænda haustið 2020

Heimsóknir til bænda á vegum RML vegna hauststarfa 2020 hafa verið með breyttu sniði vegna COVID-19.

Sóttvarnarteymi RML gaf út leiðbeiningar til starfsmanna og verktaka vegna hauststarfa í lok ágúst og hafa þær nú verið uppfærðar. Byggja þær leiðbeiningar á tilmælum yfirvalda og sóttvarnarlæknis.

Sóttvarnarteymi RML hefur í samstarfi við viðbragðsteymi BÍ og LS yfirfarið helstu atriði sem mikilvægt er að hafa í huga í hauststörfunum. Upplýsingar má nálgast á heimasíðu RML, www.rml.is og heimasíðu BÍ www.bondi.is um nánari útlistun á því sem þarf að hafa í huga.

Heimsóknir

Almennt er ekki mælt gegn því að farið sé í heimsóknir til bænda á vegum RML, sé hægt að halda reglu um fjarlægðarmörk eða grímuskyldu þar sem hún á við og hægt er að viðhafa sóttvarnir samkvæmt sóttvarnarreglum https://www.covid.is/flokkar/gildandi-takmarkanir-i-samkomubanni

Varðandi komu erlendra aðila á vegum RML til landsins þá er það metið í hvert skipti í samráði við viðbragðsteymi RML.

Starfsmenn RML munu ekki taka þátt í hrútasýningum í haust í ljósi fjöldatakmarkana frá og með 5. október.

Sóttvarnir

Starfsmenn og verktakar á vegum RML nota grímur í heimsóknum þar sem ekki er hægt að halda eins metra fjarlægð. Mælst er til þess að viðskiptavinir geri slíkt hið sama og í öllum tilfellum verði reglur um fjarlægð og sóttvarnir tryggðar. Sóttvarnarbúnaður verður til staðar í bílum RML

Í vor voru gefnar út leiðbeiningar um sóttvarnir og landbúnað og eru þær leiðbeiningar aðgengilegar á heimasíðu RML á slóðinni https://www.rml.is/is/radgjof/annad/covid-19-og-landbunadur

Starfsmenn og verktakar RML nota rakningarapp (rakning C-19 https://www.covid.is/app/is) í símanum. Þeir starfsmenn sem ekki nota rakningarapp skrá niður upplýsingar um hvar viðkomandi var og hverja hann hitti í heimsóknum á vegum RML utan starfsstöðva.

Smitrakningarappið og góðar sóttvarnir hafa þegar sannað gildi sitt í starfi RML, þegar upp kom smit á bæ þar sem starfsmenn RML voru við störf. Í kjölfarið fóru starfsmennirnir í sóttkví. Sem betur fer var ekki um smit að ræða enda hafði fyllstu sóttvarna verið gætt og starfsmennirnir með grímur og smitrakningarappið virkt.

Starfsmenn og verktakar RML eru jafnframt beðnir að gæta sérstaklega að sóttvörnum og takmarka þátttöku í hvers konar viðburðum eins og kostur er fjóra daga fyrir heimsóknir til bænda og yfir það tímabil sem viðkomandi er að heimsækja bændur.

Finni starfsmenn eða verktakar RML fyrir mögulegum einkennum COVID-19 eru skýr fyrirmæli um að þeir mæti alls ekki til vinnu og láti vita af hugsanlegu smiti hjá sér eða öðrum sem viðkomandi hefur verið í nánum tengslum við.

Aðstæður heima á bæjum

Bændur eru beðnir um að tryggja smitvarnir heima á bæjum og gæta þess að ekki séu fleiri við störf en þeir sem nauðsynlega þurfa að vera þegar ráðunautar koma í lambadóma, sýnatökur eða í öðrum erindum.

Jafnframt er mikilvægt að bændur láti vita strax til RML komi upp smit, grunur um smit eða einkenni hjá heimafólki, hvort sem starfsmenn hafi verið á bænum eða eru væntanlegir í heimsókn. Hringið í síma 516-5000 eða sendið tölvupóst á rml@rml.is

Ef upp koma þær aðstæður að grunur er um smit eða veikindi eða starfsmenn þurfa að fara í sóttkví þá gætu skoðanir eða heimsóknir fallið niður með stuttum fyrirvara.

Við minnum á upplýsingar á heimasíðu okkar rml.is á forsíðunni undir hnappi sem heitir COVID-19 og landbúnaður. Þar eru ítarlegar upplýsingar unnar m.a. af ráðunautum RML til nota fyrir bændur í ýmsum aðstæðum sem upp geta komið. https://www.rml.is/is/radgjof/annad/covid-19-og-landbunadur

Fyrirkomulag haustfunda

Í ljósi aðstæðna reiknum við með að hefðbundnir haustfundir á vegum RML, BÍ og fleiri fari að mestu fram í gegnum fjarfundarbúnað s.s. Teams eða Facebook. Það verður kynnt nánar þegar tímasetningar liggja fyrir.

5. október 2020.
Viðbragðsteymi RML og sóttvarnarteymi BÍ

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjaþjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klið. Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum rafhlöðum. Heyrnartækni hefur um árabil veitt þjónustu víðs vegar á landsbyggðinni. Í október bjóðum við upp á heyrnarmælingar, ráðgjöf og þjónustu á eftirfarandi stöðum:

Akureyri | Borgarnes | Egilsstaðir | Reykjanesbær | Sauðárkókur | Selfoss

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880

STRÚKTÚR

Af sérstökum ástæðum þá eigum við þessar lengdir á lager.

Litað bárujárn
Þykkt: 0,60 mm
Breidd: 1045 mm
Klæðir: 988 mm
3.600 kr m² m/vsk.

Ef keypt er 30 - 100 m²
20% afsláttur
2.880 kr m² m/vsk

Ef keypt er 101 - 1000 m²
30% afsláttur
2.520 kr m² m/vsk

Ef allt er keypt
50% afsláttur
1.800 kr m² m/vsk

RAL 8012
Lengd: 6.700 mm 148 stk
Lengd: 5.900 mm 41 stk
Lengd: 6.940 mm 24 stk

RAL 9005
Lengd: 3.300 mm 71 stk
Lengd: 4.800 mm 151 stk

Nánari upplýsingar hjá sölumönnum.

STRÚKTÚR ehf - Stangarhyl 7 - 110 Reykjavík - struktur@struktur.is - sími: 588 6640

Gámur er góð geymsla

Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- burrgáma
- hitastýrða gáma
- geymslugáma
- einangraða gáma
- fleti og tankgáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.

Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket-og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.

Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík

LÍF & STARF

Íslenska lækningavörufyrirtækið Kerecis – „Vaxtarsproti ársins" – öflugt á markaði í Bandaríkjunum:

Góður árangur af notkun þorskroðs við meðhöndlun þrálátra sára og brunasára

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is

Framleiðsla á vörum Kerecis fer fram á Ísafirði og er roð sem fellur til í fiskvinnslu á Vestfjörðum meginhráefni fyrirtækisins. Myndir / Kerecis

„Við upphaf COVID-19 faraldursins var óljóst hvaða áhrif hann hefði á rekstur fyrirtækisins en við gripum til ýmissa sparnaðar- og niðurskurðaraðgerða í marsmánuði. Þegar leið á sumarið var ljóst að áhrif þessa faraldurs á reksturinn voru hverfandi," segir Guðmundur Fertram Sigurjónsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Kerecis, sem er íslenskt lækningavörufyrirtæki sem hagnýtir náttúruleg hráefni til að viðhalda heilbrigði húðar, græða sár og endurgera líkamsvef.

Raunin hafi orðið sú að alvarlegum sárum fjölgaði í því ástandi sem ríkti, hreyfingarleysi jókst og þar með sykursýki og í kjölfarið tilheyrandi fótasár. „Sjúklingar leituðu sér einnig seinna lækningar en áður, þannig að sárin voru stærri þegar komið var á heilbrigðisstofnanir, sem aftur kallar á dýrari og flóknari meðhöndlunarúrræði, líkt og Kerecis sáraroðið er," segir Guðmundur Fertram.

Fyrirtækið framleiðir afurðir byggðar á affrumuðu þorskroði, sem hafa jákvæð áhrif á frumuvöxt og eru notaðar til meðhöndlunar á þrálátum sárum og brunasárum, einkum hjá fólki með sykursýki. Fiskroðið hefur einnig reynst vel til að græða sár dýra. Framleiðsla á vörum Kerecis fer fram á Ísafirði og er roð sem fellur til í fiskvinnslu á Vestfjörðum meginhráefni fyrirtækisins. Skrifstofur fyrirtækisins eru í Bandaríkjunum, Sviss og á tveimur stöðum á Íslandi, á Ísafirði og í Reykjavík. Tækni Kerecis er að sögn Guðmundar byggð á traustum vísindalegum grunni og sjálfbærri notkun náttúrulegra hráefna, m.a. roði og fitusýrum úr plöntum og fiski. Vörur fyrirtækisins eru einkaleyfaverndaðar og hafa verið notaðar bæði fyrir menn og dýr.

Fyrstu skrefin stigin fyrir vestan

Hugmyndin að því að nota þorskroð til að lækna sár og græða líkamsvef er frá Guðmundi komin. Fyrstu skrefin voru stigin á Ísafirði á árinum 2010 til 2014 þar sem fram fór þróunarvinna og prófanir. Baldur Tumi Baldursson húðlæknir og Hilmar Kjartansson lyf- og bráðalæknir komu til liðs við verkefnið strax í upphafi og eiga stóran þátt í þróun tækninnar ásamt Dóru Hlín Gísladóttur verkfræðingi. Fyrirtækið Kerecis var í lok sumars valið Vaxtarsproti ársins, en sú viðurkenning er veitt fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis. Velta fyrirtækisins á milli áranna 2018 til 2019 jókst um 142%. Kerecis er með starfsemi á Íslandi og Bandaríkjunum. Vaxtarsprotinn er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Samtaka sprotafyrirtækja, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknarmiðstöðvar Íslands.

Kerecis setti nýverið á markað í Bandaríkjunum vörulínu undir heitinu Kerecis Omega3 Vet. Um er að ræða græðlinga eða svokallað sáraroð sem lagt er í blæðandi sár. Heilbrigðar frumur úr umhverfi sársins vaxa inn í sáraroðið og umbreyta roðinu í líkamsvef. Dýralæknar sjá um meðferðina með sáraroðinu, þar sem meðferð hefst á því að allt sýkt og dautt hold er hreinsað eða skorið í burtu og svo er græðlingurinn settur í blæðandi sárbeðinn. Venjulegar sáraumbúðir eru svo settar ofan á hann. Mismunandi er hvort græðlingurinn er saumaður fastur eða hvort látið er nægja að ýta honum vel ofan í sárbeðinn með sáraumbúðum.

Stórt brunasár grætt á hundi í Sviss

Guðmundur segir að á fyrstu mánuðum markaðssetningar í Bandaríkjunum hafi þó nokkur notkun verið á sáraroðinu til að meðhöndla ýmsar dýrategundir. Roðið hafi til dæmis verið notað á hesta,

Guðmundur Fertram Sigurjónsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Kerecis.

hunda, sæskjaldböku, kalkún og fleiri dýr. Hann nefnir sem dæmi að fyrr á þessu ári var sáraroðið notað til að græða stórt brunasár á hundi í Sviss. Hundurinn Peaches fékk 3. gráðu brunasár eftir keisaraskurð þar sem hitateppi sem notað var varð of heitt. Brunasárið náði yfir allt bak hundsins. Sárið var fyrstu tvær vikurnar meðhöndlað með hefðbundinni meðferð sem bar engan árangur. Þá var tekin ákvörðun um að nota Kerecis sáraroðið og strax á þriðja degi meðferðar virtist hundinum líða betur og sárgróning var komin strax af stað. Eftir fjóra mánuði var sárið að fullu gróið og er örvefurinn það teygjanlegur að hann hamlar ekki hreyfingum hundsins.

Kerecis með 100 starfsmenn í Bandaríkjunum

„Meginmarkaður okkar fyrir sáraroðið er í Bandaríkjunum er þar er roðið aðallega notað til að græða sykursýkissár sem eru afskaplega algeng þar," segir Guðmundur. Einn af hverjum ellefu Bandaríkjamönnum er nú talinn vera með sykursýki og árið 2030 er áætlað að einn af hverjum fjórum verði með sjúkdóminn. Sykursýki veldur þrálátum fótasárum sem oft tekst ekki að meðhöndla. Sárameðhöndlun um 6% sykursjúkra endar með aflimun og eru framkvæmdar yfir 100.000 aflimanir í Bandaríkjunum einum sér árlega vegna þessa.

„Við erum með um 100 starfsmenn í okkar þjónustu í Bandaríkjunum, að megninu til í sölu- og markaðsstörfum. Við bjóðum fjórar vörur til sölu þar núna; fyrir þrálát sár, brunasár, skurðsár og dýrasár. Tugir þúsunda sjúklinga hafa verið meðhöndlaðir með vörunni síðan sala hófst fyrir fjórum árum og árangurinn verið framar vonum," segir Guðmundur.

Tíkin Peaches í Sviss fékk 3. gráðu brunasár eftir keisaraskurð þar sem hitateppi sem notað var varð of heitt. Brunasárið náði yfir allt bak hundsins og fyrstu tvær vikurnar meðhöndlað með hefðbundinni meðferð sem bar engan árangur.

Eftir að sáraroð var sett á hundinn virtist honum líða betur og sáragróning fór strax af stað. Sárið greri að fullu á fjórum mánuðum.

Tíkin Peaches með hvolpum sínum, orðin hress eftir meðferð.

Baldur Tumi Baldursson húðlæknir með Trausta Gunnsteinssyni. Baldur og Hilmar Kjartansson lyf- og bráðalæknir komu til liðs við sáraroðsverkefnið strax í upphafi og eiga stóran þátt í þróun tækninnar ásamt Dóru Hlín Gísladóttur verkfræðingi.

Algjört undraefni og flýtti fyrir bata

– segir Trausti Gunnsteinsson á Rauðhólum

„Þetta er náttúrlega algjört undraefni og flýtti verulega fyrir því að sárið fór loksins að gróa," segir Trausti Gunnsteinsson, bóndi á Rauðhólum í Vopnafirði. Ígerð kom ítrekað í skurð yfir kvið hans eftir stóra aðgerð. Sárin ætluðu aldrei að gróa, en eftir að sáraroð frá Kerecis var sett yfir hann færðust málin til betri vegar.

Trausti veiktist jólin 2016, þegar 7–8 sentímetra rof kom á skeifugörn. Var hann í snarhasti sendur með sjúkraflugi frá Vopnafirði og á Sjúkrahúsið á Akureyri. Flug sem komst í fréttir sökum þess hversu hvasst var og tæpt stóð um tíma. Trausti fór í aðgerð sem lukkaðist ekki sem skyldi og var sendur í kjölfarið á Landspítala þar sem hann gekkst undir aðra aðgerð. Eftir nokkurra vikna dvöl þar var hann sendur á ný norður til Akureyrar og þar á eftir í endurhæfingu á Kristnesspítala.

Illa gekk að fá sárið til að gróa

Heim kom Trausti aftur vorið 2017 og var heima fram í nóvember 2018. Þá lá leiðin aftur í aðgerð á Landspítala, sem átti að vera sú síðasta en í henni fólst m.a. að húð var fjarlægð, net sett í kviðvegg og hann saumaður saman á ný. Segir hann að útlitið hafi að lokinni aðgerð verið þokkalegt. Hann hafði viðkomu á Sjúkrahúsinu í Neskaupstað á leiðinni heim í jólafrí, en um jólin fór aftur að leka úr sárinu þannig að enn á ný var haldið í sjúkraferð suður. Mikil sýking var í sárinu og illa gekk að fá skurðinn til að gróa almennilega saman.

Sáraroðið skilaði árangri

Sú hugmynd kom upp í læknahópnum sem annaðist Trausta að nota sáraroð frá Kerecis. Sótt var um leyfi fyrir aðgerð af því tagi og fékkst það.

„Það er loksins eftir að ég fór í aðgerðina þar sem sáraroðið var notað að hlutir fóru að færast til betri vegar og á endanum varð það svo að sárið fór að gróa," segir Trausti en bútar úr húð á handlegg voru líka teknir og græddir ofan í sárið á kviðveggnum.

„Ég var sendur heim með sárasugur og sáraroð og þurfti að segja héraðslækninum til með hvernig græjurnar virkuðu. Við héldum þessu áfram um skeið og það má segja að núna í lok ágúst í sumar hafi ég náð þeim áfanga að sárið var að fullu gróið," segir Trausti, sem notar líka wound-sprey frá Kerecis en það græðir, sótthreinsar og ver gegn sýkingum. */MÞÞ*

Trausti glímdi við þrálát sár á kvið eftir stóra aðgerð, þau greru seint og illa, en hlutirnir fóru loks að gerast þegar sáraroð var grætt á hann. Sjá má árangurinn á myndunum sem teknar eru á tímabilinu frá mars og fram í október, en á þeirri fyrstu er búið að „gróðursetja" litla búta úr handlegg hans með roðinu. Eftir það gerðust hlutirnir hratt og sárið greri að fullu.

Hesturinn var illa særður þegar hann kom í meðhöndlun hjá Berglindi Helgu Bergsdóttur, dýralækni hjá Dýralæknastofu Suðurnesja.

Tveimur vikur síðar, ofholdgunin er nú áberandi minni og húðin byrjuð að skríða yfir sárið.



Fimmtán vikum síðar eftir að roðinu og umbúðum hafði verið skipt 10 sinnum. Sárið greri mjög vel og hesturinn er óhaltur með öllu.

Berglind Helga Bergsdóttir dýralæknir:

Sárin á hrossinu fóru að gróa hægt og örugglega

„Ég er virkilega ánægð með þau góðu áhrif sem efnið hafði á hrossið, það dró úr ofholdgun og hafði græðandi og bólgueyðandi áhrif," segir Berglind Helga Bergsdóttir, dýralæknir hjá Dýralæknastofu Suðurnesja. Hún meðhöndlaði hross sem hafði flækt sig í gaddavír og hlotið af djúp sár framan á leggi.

Hesturinn fékk í fyrstu hefðbundna meðhöndlun þar sem dýpra sárið var saumað en það sprakk upp og var erfitt við það að eiga. Hún hafði á þessum tíma nýlega heyrt af sáraroði og nýtingu þess við að græða upp erfið sár og ákvað að slá til og prófa það á hrossið.

Sárin fóru að gróa hægt og rólega

Helsta vandamálið við sárin á hrossinu segir hún hafa verið mikla ofholdgun, sem mjög erfitt var að fást við, en eftir að sáraroð hafði verið sett yfir sár hestsins sá hún strax mun.

„Ég tók fljótlega eftir því að ofholdgun minnkaði og eins virtist roðið virka verkjastillandi á hrossið, það róaðist til muna eftir að hafa fengið roðið yfir sárið. Sárin fóru að gróa hægt og örugglega. Það kom mér þægilega á óvart hvað virknin hafði jákvæð áhrif, hestinum leið mun betur," segir Berglind Helga.

Hún skipti um sáraroð á 10 daga fresti, hreinsaði sárin vel upp í hvert sinn og lagði svo roðið yfir. Meðhöndlunin tók 15 vikur í allt og segir Berglind Helga að hesturinn sé nú fullfrískur og algjörlega óhaltur. */MÞÞ*

Berglind Helga Bergsdóttir, dýralæknir hjá Dýralæknastofu Suðurnesja.

Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

UTAN ÚR HEIMI

Noregur:

Nýr 750 milljóna króna sjálfbærnisjóður

– á að hjálpa norskum bændum varðandi sjálfbærni

Hugtakið sjálfbærni getur þýtt ýmislegt en Gjensidige og Bændasamtökin norsku hafa skilgreint tilganginn með sjóðnum þannig að hann eigi að ná til loftslags, dýravelferðar og forvarna.

„Markmiðið með sjóðnum er að hann á að leggja sitt af mörkum til að fækka slysum í landbúnaði en á sama tíma að stuðla að sjálfbærari matvælaframleiðslu. Til að skilgreina sjálfbæra matvælaframleiðslu þarf hún að vera loftslagsvæn og leggja áherslu á góða dýravelferð. Bæði þessi þemu eru í fararbroddi í opinberri umræðu nú um mundir. Það er mikilvægt verkefni að fækka slysum í landbúnaði eins og mögulegt er. Sjálfbærni og forvarnir eru samtengd því fátt er jafn sjálfbært eins og að forðast slys, sleppa því að þurfa að byggja eitthvað upp aftur og að koma í veg fyrir að dýr drepist. Loftslagsbreytingarnar munu óhjákvæmilega leiða af sér meiri ofsaveður í framtíðinni og ef við getum lagt okkar að mörkum til að minnka losun frá landbúnaði þá minnkum við einnig hættuna á slysum,“ segir ábyrgðarfulltrúi landbúnaðarmála hjá Gjensidige, Anne Thorine Brotke.

Dýravelferð og brunavarnir

Í byrjun geta bændur sótt um peninga úr sjóðnum til loftslagsráðgjafar, til námskeiða í dýravelferð og uppfærslu á brunaviðvörunarkerfum. Loftslagsráðgjöfin felur í sér ráð til að minnka losun frá sveitabænum og hugsanlega auka bindingu á kolefnum.

Námskeiðin í dýravelferð vísa í dýraverndaráætlanir ásamt því að taka á heilsu dýra og smitvörnum. Þessi námskeið verða ekki eingöngu í boði fyrir bændur. Frá og með 2025 verður 2G-farsímanetinu lokað í Noregi en mörg brunaviðvörunarkerfi í landbúnaði styðjast við kerfið í dag. Því geta bændur sótt um styrki úr sjóðnum til uppfærslu á sínum kerfum til að styðja við 4G-netið sem tekur við af því eldra.

/ehg – landbruk.no

Jósúajukka hugsanleg fyrsta plantan til að hljóta vernd vegna hlýnunar jarða

Jukkutegund sem varð heimsfræg eftir að hljómsveitin U2 nefndi plötu sína ári 1987 The Joshua Thee eftir henni gæti orðið fyrsta plantan í heimi til að hljóta sérstaka vernd vegna hækkandi lofthita og hlýnunar jarðar.

Júsúajukka í eyðimök í Kaliforníu.

Tegundin sem kallast Yucca brevifolia vex villt í vestanverðri Kaliforníu og talið er að hún hafi komið á sjónarsviðið fyrir um 2,5 milljónum ár en nú er svo komið að talið er að tegundin muni deyja út verði ekkert gert til að bjarga henni.

Umhverfisverndar yfirvöld í Kaliforníu hafa samþykkt að veita tegundinni tímabundna vernd á meðan skoðað hvað verndunarkosti eru í stöðunni. Friðunin á meðal annars koma í veg fyrir að jósúajukkur verði feldar á sérstaks leyfis.

Þar sem jósúajukkur hafa aðlagast ákveðnu loftslagi og eyðimerkurjarðvegi í milljónir ára er hægara sagt en gert að grafa trén upp með rótum og flytja þau og spírunar prósenta fræjanna er lítil utan náttúrulegra heimkynna plöntunnar.

Spálíkan sínir að einungir 0,2% líkur eru á að þær jósúajukkur sem núna eru í þjóðgarði sem tileinkaður er tegundinni munu lifa áfram gangi spár um loftlagsbreytingar næstu ára eftir. Methiti mun hafa verið í garðinum á líðandi sumri og fjöldi planta auk jukkanna drepist auk þess sem gróðurelda hafa valdið miklum skemmdum á gróðri.

Þrátt fyrir bága stöðu tegundarinnar hafa samtök fjármagnseigenda og byggingaverktaka í Kaliforníu mótmælt friðun hennar harðlega og sagt að hún muni draga úr bygginga framkvæmdum og valda efnahagslegum skaða. */VH*

Ástand plantna og sveppa í heiminum

Í nýrri skýrslu Kew-grasagarðsins í London sem kallast State of the World's Plants and Fungi 2020 og fjallar ástand plantna og sveppa í heiminum segir að aldrei fyrr hafi lífhvolfi heimsins verið jafn mikil hætta búinn og um þessar mundir og að ástandið eigi eftir að versna verulega verði ekkert að gert fljótlega.

Að gerð skýrslunnar komu 210 fræðimenn frá 97 stofnunum í 42 löndum og er hún ein sú viðamest sem unnin hefur verið um ástand plantna og sveppa í heiminum.

Fáar tegundir í ræktun

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að árið 2019 hafi 1.942 nýjar tegundir plantna og 1.886 nýjar tegundir plantan verið greindar í heiminum og að sumar þeir gætu nýst sem uppspretta fæðu, lyfja og timburs í framtíðinni.

Þar segir að þrátt fyrir að 7.039 tegundir plantna séu skráða sem nytjaplöntur til átu sé samkvæmt FAO, Matvæla og landbúnaðarstofnunnar Sameinuðu þjóðanna, eru einungis 15 í stórræktun sem fæða á alþjóðavísu.

Einnig er bent á að út frá sjónarmið fæðuöryggis sé ekki gott að reyða sig á svo fáar tegundir í ræktun.

Þá segir að af þeim um 2,500 plöntu tegundum sem rækta má til framleiðslu á bíódísel sjái einungis sex, maís, sykurreyr, soja, pálmaolía, repja og hveiti, okkur fyrir um 80% framleiðslunnar.

Nauðsyn þekkingar í erfðafræði

Skýrsluhöfundar eru sammála um að nauðsynlegt sé að auka þekkingu á sviði erfðafræði plantna og sveppa til að hægt sé að tryggja aukna matvælaframleiðslu í heiminum.

2 af 5 tegundum í útrýmingarhætti

Samkvæmt skýrslunni eru tvær af hverjum fimm plöntu og sveppategundir í útrýmingarhætti en árið 2016 var samsvarandi tala ein á móti fimm. Vegna þess er nauðsynlegt að auka rannsóknir á plöntum og sveppum og hætta eyðileggingu búsvæða þeirra. Eins og staðan er í dag er það kapphlaup við tímann að bjarga fjölda tegunda úr útrýmingarhættu. */VH*

Filippseyjar:

Ólögleg viðskipti með plöntur í skjóli aðgerða gegn COVID-19

Yfirvöld á Filippseyjum segja að vegna COVID 19 hafi áhugi á ræktun sjaldgæfra planta aukist og að verslun með þær sé nú sem aldrei fyrr.

Eftirspurn eftir sjaldgæfum plöntum hefur aukist samvar sóttkví vegna COVID 19.

Auknar sóttvarnir hafa aukið þörf til að fólk hafi í kringum sig gróður. Ekki nægir öllum að hafa í kringum sig hefðbundnar pottaplöntur sem hægt er að fá í blómabúðum eða hjá vinum og kunningjum eða fúla á móti í næstu íbúð.

Ólögleg verslum með sjaldgæfar og jafnvel plöntur í útrýningarhættu hefur því aukist mikið og á það sérstaklega við um kjötætuplöntur. Þetta á ekki síst við plöntur frá Filippseyjum sem margar hverjar finnast hvergi villtar annarsstaðar í heiminum. Vegna aukinnar eftirspurnar hefur verð á sjaldgæfum plöntum þaðan hækkað og óprúttnir plöntusalar ekki hikað við að safna þeim í náttúrunni og selja úr landi fyrir rétt verð.

Yfirvöld hafa heitið því að koma höndum yfir verslunin með því að auka eftirlit á svæðum þar sem sjaldgæfar plöntur vaxa, hækka sektir fyrir brot á náttúruverndarlögum og herða refsiramman í allt að tólf ára fangelsi fyrir að versla með plöntur sem eru í útrýmingarhættu. */VH*

Ruslahaugabakteríur sem brjóta niður plast:

Nýtt ensím eyðir plasti sex sinnum hraðar en önnur ensím

Miklar vonir eru bundnar við nýtt ensím sem eyðir plast sex sinnum hraðar en önnur ensím sem hafa verið notuð áður í sama tilgangi. Tæknin byggir á ensímum sem fundust í ruslahaugabakteríum sem brjóta niður plast.



Tæknin byggir á því að blanda saman tveimur ensímum sem bæði fundust í bakteríum á ruslahaugum í Japan

Rannsóknir á notkun ensímanna gengur vel og talið er að hægt verði að fara beita tækninni til endurvinnslu á innan við tveimur árum.

Plast og bómull

Ensímið byggir á ensímum sem unnið er úr bakteríum sem fundust í Japan og hafa þann eiginleka að brjóta niður plast og gera það endurnýtanlegt. Rannsóknir benda einnig til að hægt sé að blanda ensíminu saman við ensím sem brjóta niður bómull og að þannig megi hraða niðurbroti á fatnaði sem búin er til úr blöndu af plast og bómull. Í dag er milljónir tonna af slíku efni hent og endar sem landfylling.

Gríðarlegur mengunarvaldur

Tæknin byggir á því að blanda saman tveimur ensímum sem bæði fundust í bakteríum á ruslahaugum í Japan árið 2016. Saman hafa ensímin getu til að brjóta niður plast mun hraðar en áður hefur þekkst.

Plast af öllu tagi og stærðum er gríðarlegur mengunarvaldur um allan heim, bæði á sjó og landi og fólk jafnvel farið að anda að sér örögnum af plasti.

Einn af kostunum við ensímið er sagt vera að það brýtur niður plast við lágt hitastig. Auk þess sem vísindamenn telja að með áframhaldandi þróun megi hraða niðurbrotinu en freka. */VH*

ICELANDIC LAMB

Icelandic Lamb:
Markaðssetur lambakjöt á innanlandsmarkaði

Hlutverk markaðsstofunnar Icelandic Lamb breyttist í september þegar heimild til markaðssetningar til íslenskra neytenda fékkst með nýsamþykktum viðauka við samning Markaðsráðs Kindakjöts og Atvinnuvegaráðuneytisins um Aukið virði sauðfjárafurða. Samkvæmt viðaukanum verður markaðsstofunni heimilt að vinna að kynningar- og ímyndarmálum fyrir sauðfjárrækt undir formerkjum Icelandic Lamb á innanlandsmarkaði og unnið að frekari auðkenningu matvæla úr sauðfjárafurðum.

Undirbúningur er komin langt á veg og munu íslenskir neytendur sjá og heyra fyrstu auglýsingarnar síðar í haust en sérstök áhersla verður lögð á viðurkenningu og verndun sérstöðu íslensks lambakjöts.

Horft til áhuga neytenda á upprunavottunum

Við undirbúning ímyndaherferðar til íslenskra neytenda var horft sérstaklega til niðurstaðna kannana sem framkvæmdar voru af Maskínu fyrir Icelandic Lamb fyrr á þessu ári. Kannað var viðhorf neytenda til upprunamerkinga á kjötvöru og áhrif afnáms frystiskyldu á kauphegðun þeirra. Niðurstöður sýna að áhugi Íslendinga á upprunamerkingum fer vaxandi en 89,1% svarenda sögðu upprunamerkingar á matvöru skipta sig máli. Íslenskt lambakjöt er fyrsta og eina íslenska matvaran sem hefur fengið verndun á afurðaheiti sínu hérlendis. Icelandic Lamb tók mikilvægt skref í september þegar umsókn um „Protected Designation Of Origin“ upprunavottun fyrir íslenskt lambakjöt var send til umsagnar hjá ESB.

Neytendur kjósa íslenskar matvörur

Nú sem fyrr er mikilvægt að tryggja íslenskum neytendum auðskiljanlegar upprunavottanir á íslenskar kjötvörur. Niðurstöður fyrrnefndrar könnunar Maskínu á viðhorfi neytenda til innflutts kjöts sýnir að neytendur séu líklegri til þess að velja íslenskt lambakjöt fram yfir innflutt, eða 84,5% svarenda. Til þess að meta möguleg áhrif verðhækkunar á íslensku lambakjöti kannaði Icelandic Lamb hvort svarendur væru líklegri til þess að kaupa innflutt lambakjöt ef það væri ódýrara en íslenskt. 74,2% svarenda sögðust frekar kaupa íslenskt lambakjöt þrátt fyrir tilkomu ódýrari staðgönguvöru en einungis 12,9% sögðu frekar velja ódýrara innflutt lambakjöt. Svörin eru skýr og sýna svart á hvítu vilja Íslendinga til þess að styðja við íslenska framleiðslu og að skýrar upprunamerkingar matvæla séu þarfar og löngu tímabærar til að aðgreina íslenskar matvörur frá vaxandi erlendri samkeppni.

Hafliði Halldórsson.

Starfsmenn Icelandic Lamb horfa bjartsýnir til framtíðar og hlakka til að takast á við nýjar áskoranir á innanlandsmarkaði.

Hafliði Halldórsson
Framkvæmdastjóri
Icelandic Lamb

RAFGEYMASALAN
GÓÐ ÞJÓNUSTA, GÆÐI OG GOTT VERÐ

GETUM ÚTVEGAÐ ALLAR TEGUNDIR **LYFTARASELLA** Á **GÓÐU VERÐI**

FÁÐU TILBOÐ
VIÐ LEYSUM ÞETTA SAMAN

Dalshrauni 17 - 220 Hafnarfirði - Sími og fax: 5654060 - Netfang: sala@rafgeymar.is

RÍKISKAUP
Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is

RÍKISKAUP AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGNIR TIL SÖLU

Hof, Skagafirði, 551 Sauðárkróki

Ríkiskaup kynna eignina Hof 3 í Skagafirði. Húsakostur, samtals fimm matshlutar, á sér 3,9 ha leigulóð til 50 ára.

Íbúðarhús er byggt árið 1939 og viðbygging frá 1961, alls um 199,8 m². Neðri hæð er 114,4 m² og herbergi í risi eru 51,4 m² skv. mati. Íbúðarhúsið þarfnast mikils viðhalds, sérstaklega þak, sökklar, gólf o.fl.

Útihús: Fjárhús 120,3 m², votheysturn 9,1 m², hlaða 49,9 m² og geymsla 27,4 m². Fjárhús voru hlaðin 1954 fyrir 120 kindur. Útihúsin eru illa farin.

Eignin er fallega staðsett í Hjaltadal í Skagafirði rétt innan við Hóla og í um 30 km akstursleið austan við Sauðárkrók og um 30 km sunnan við Hofsós.

Allur húsakostur þarfnast viðhalds og endurbóta, íbúðarhúsið er sæmilegt en önnur hús léleg eða ónýt.

Húsin eru í útleigu með 6 mánaða uppsagnarfresti og gert er ráð fyrir að kaupandinn yfirtaki leigusamninginn.

Frekari upplýsingar um eignina má finna á heimasíðu Ríkiskaupa: www.rikiskaup.is.

Verð: 14,9 mkr.

Urðarvegur 20, 400 Ísafirði

Urðarvegur 20, 400 Ísafirði, ásamt öllu því sem eigninni fylgir, þar með talið tilheyrandi lóðar- og sameignarréttindi. Birt stærð 236,9 m².

Stórt og rúmgott raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og fallegu útsýni.

Frekari upplýsingar um eignina má finna á heimasíðu Ríkiskaupa: www.rikiskaup.is.

Verð: 44,9 mkr.

Urðarvegur 34, 400 Ísafirði

Urðarvegur 34, 400 Ísafirði, ásamt öllu því sem eigninni fylgir, þar með talið tilheyrandi lóðar- og sameignarréttindi. Birt stærð er 240.2 m².

Stórt og rúmgott endaraðhús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað.

Frekari upplýsingar um eignina má finna á heimasíðu Ríkiskaupa: www.rikiskaup.is.

Verð: 42,9 mkr.

Bjarnarbraut 8, Borgarnesi - SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI -

Um er að ræða 629,4 m² skrifstofuhúsnæði á 1. hæð við Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Eignin skiptist í tvö skrifstofurými, annars vegar 361,8 m² og hins vegar 267,6 m². Samtals 629,4 m². Gengið er inn um bjarta tengibyggingu sem er í sameign.

Gott aðgengi er að húsinu og rúmgóð steypt bílastæði fylgja en stæðin eru ekki sérmerkt.

Frekari upplýsingar um eignina má finna á heimasíðu Ríkiskaupa: www.rikiskaup.is.

Lækkað verð: 88,5 mkr.

Finna má upplýsingar um eignirnar inn á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

LÍF & STARF

Blússandi gangur og bjartsýni á bænum Lambhaga á Rangárvöllum:

Landgræðsluverðlaunin komin í hús og hugað að frekari stækkun búsins

Það er einstaklega gaman að heimsækja ábúendur á bænum Lambhaga á Rangárvöllum í Rangárþingi ytra því þar er allt svo snyrtilegt, vel hugsað um skepnurnar og mikill hugur í bændunum á bænum þrátt fyrir að það séu blikur á lofti í landbúnaði með auknum innflutningi og lækkunum á afurðaverði. Þá eru mörg börn á hlaðinu, sem eru dugleg að taka þátt í búrekstrinum og stunda ýmsar tómstundir samhliða því að vera í skóla.

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Ómar Helgason settust niður með blaðamanni og svöruðu nokkrum laufléttum spurningum.

– En byrjum á byrjuninni, hver er saga bæjarins, hvernig jörð er þetta, hverjir búa þar í dag og hvers konar búskapur er stundaður á bænum?

„Já, þú segir nokkuð," segir Ómar. Helgi Jónsson (f. 6. júlí 1943, d. 7. apríl 1993) og Sjöfn Guðmundsdóttir keyptu Lambhaga vorið 1970 og hófu þar búskap með 21 nautgrip og 28 ær við bágborinn húsakost. Helgi og Sjöfn eignuðust 6 börn og búa nú tveir synir þeirra í Lambhaga ásamt fjölskyldum okkar og móður og rekum við í sameiningu Lambhagabúið ehf. Í Lambhaga eru þrjú íbúðarhús og gripahús fyrir bústofninn," segir Ómar. Í Lambhaga er rekið blandað bú með áherslu á mjólkurframleiðslu og nautakjötsframleiðslu. Bústofn telur nú um 530 nautgripi, þar af 110 mjólkurkýr og 75 holdakýr, 85 ær, 10 hænur, hundana Týru og Perlu og nokkra ketti. Ómar segir að jörðin sé um 450 hektarar, þar af um 280 hektarar ræktað land og er hluti af því nýttur til beitar. „Um 1970 var jörðin nánast öll sandur og ræktað land aðeins um 20 hektarar. Við höfum verið iðin í landgræðslu og er nú nánast öll jörðin uppgrædd. Við höfum einnig ræktað um 60 hektara af sandi frá Landgræðslu ríkisins og nýtum nú sem tún," segir Ómar. Ábúendur á jörðinni eru Sjöfn Guðmundsdóttir (mamma strákanna), Ómar Helgason og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir. Börn þeirra eru: Kolfinna Sjöfn, Hafdís Laufey, Hrafnkell Frosti og Helgi Tómas. Í hinni fjölskyldunni eru Björgvin Reynir Helgason og Dóra Steinsdóttir. Börn þeirra eru; Ásberg Ævarr, Þorbjörg Helga, Steinn Skúli, Pétur Freyr og Óli Þórir. Bræðurnir Ómar og Björgvin eru fæddir og uppaldir í Lambhaga og eru Rangæingar í húð og hár. Margrét Harpa er úr Flóanum og Dóra úr Reykjavík.

Flott fjölskylda, Margrét Harpa og Ómar ásamt börnunum sínum en þau heita Kolfinna Sjöfn, Hafdís Laufey, Hrafnkell Frosti og Helgi Tómas. Myndir / Úr einkasafni

Árni Bragason landgræðslustjóri afhendir hér Sjöfn í Lambhaga Landgræðsluverðlaunin 2020, strákarnir hennar, þeir Ómar og Björgvin Reynir, fylgjast spenntir með. Mynd / Áskell Þórisson

Hugur bræðranna hefur alltaf verið við búskap

– Hvað kom til að þið ákváðuð á sínum tíma að gerast bændur á Lambhaga?

„Hugur bræðranna hefur alltaf verið við búskap og kom lítið annað til greina hjá þeim annað en að verða bændur. Ég og Dóra fluttum á svæðið með þeim formerkjum að vinna að mestu annars staðar en við búið, en við höfum þó verið ansi uppteknar síðustu ár við að koma nýjum einstaklingum í heiminn og sinna þeim," segir Margrét Harpa og hlær.

– Hvernig hefur búskapurinn verið að þróast eftir að þið tókuð við og hvernig er staðan í dag á búskapnum, og hvernig gengur að reka félagsbú, eru margir kostir við það eða er það flókið?

Ómar er snöggur og svarar hér. „Já, búið hefur stækkað mjög mikið síðustu 20 árin og það sem þótti mikið fyrir nokkrum árum þykir það ekki í dag. Samstarfið gengur mjög vel og erum við bræðurnir mjög góðir í að lesa hugsanir hvor annars. Svona bú er erfitt að reka nema með aðkomu fleiri en eins er mikilvægt að samkomulagið sé gott. Við höfum alla tíð notast mikið við verktaka fyrir alls konar verk. Það er nauðsynlegt í nútímasamfélagi að geta komist í frí og veislur án þess að þurfa að kalla til afleysingafólk og teljum við það vera helsta kostinn við að búa í félagsbúi. Þegar fleiri en einn kemur að rekstri koma oft góðar hugmyndir og aðferðir til að vinna hlutina og þá vinnast verkin líka betur." Margrét Harpa skýtur hér inn í og segir að samkomulagið á hlaðinu sé býsna gott. „ Já, bræðurnir eru með ákveðna verkaskiptingu sem enginn skilur en gengur afskaplega vel upp. Krakkarnir okkar eru dugleg að leika saman og eins er ómetanlegt að hafa ömmu í næsta húsi til að spjalla við um lífið og tilveruna."

Nýtt og myndarlegt fjós

– Þið eruð nýbúin að byggja stórt og myndarlegt fjós, hvað getið þið sagt mér um þá byggingu og er þetta allt annað líf að vera komin með mjaltaþjóna og þurfa ekki að setja tækin sjálf á kýrnar?

„Fjósið er frá Landstólpa og sáu þeir um uppsetningu á því. Um steypuvinnu sá nágranni okkar, Birkir á Móeiðarhvoli, sem er líka bóndi. Það skiptir máli að fjós sé byggt og hannað af mönnum sem hafa komið og unnið í fjósi. Fjósið er tæpir 1.700 fermetrar, með kanalkerfi í haughúsi, er með sjálfvirku gjafakerfi og tveimur Merlin-róbótum. Það var byggt á 360 dögum sem er í sjálfu sér ótrúlegt og gekk samstarfið við Landstólpa og Birki mjög vel. Vinnan er öðruvísi í svona tæknifjósi, velferð kúnna er til fyrirmyndar og skilar það sér í auknum afurðum. Við förum enn í fjósið kvölds og morgna en bindingin er ekki eins mikil og áður var, vinnan er öðruvísi. Nú þarf að gefa kálfum, fylgjast með kúnum, þrífa, setja í fóðurkerfið og svo er tölvuvinna orðin ansi stór þáttur í daglegum störfum," segir Ómar.

– Þið eruð líka með mikið af holdanautum, hvað getið þið sagt mér um þann búskap?

„Það er þannig að kálfarnir fæðast flestir frá maí til september og ganga undir kúnum fram yfir áramót og eru þá teknir inn. Holdanautin eru yfirleitt róleg og þægileg í umgengni en nýborin holdakýr er yfirleitt varasöm eða stórhættuleg, þær gera allt til að verja kálfana sína. Holdagripir gefa mun meira og betra kjöt en íslenska kynið gerir, það er bara staðreyndir," segir Margrét Harpa.

– Íslenska sauðkindin á líka heima í Lambhaga, hvað eruð þið með margar kindur og hvernig gengur sú ræktun?

„Já, við erum með um 85 kindur, aðallega til gamans. Húsakostur er til staðar fyrir þær og reynum við að gera alla vinnu við þær sem auðveldasta, enda er afkoma af þeim frekar lítil og skiptir afskaplega litlu máli í heildarafkomu búsins. Kindastofninn er ágætur en við leggjum mikið upp úr að eiga alla liti, má segja að markmiðið sé að rækta bæði gerð og liti. Það verða nú að vera til lömb í Lambhaga," segir Ómar og hlær.

– Það eru margir krakkar á hlaðinu á Lambhaga, eru þau dugleg að taka þátt í búskapnum og hafa áhuga á honum?

Margir krakkar eru oft á hlaðinu í Lambhaga. Þau ná vel saman og eru alltaf til í að leika, ekki síst þegar það er snjór úti og hægt að fara á snjóþoturnar.

Ómar staddur í fallegum kornakri í Lambhaga. Mynd / MHH.

Hin fjölskyldan á bænum. Björgvin Reynir Helgason og Dóra Steinsdóttir með börnum sínum, þeim Ásbergi Ævari, Þorbjörgu Helgu, Steini Skúla, Pétri Frey og Óla Þóri.

Margrét Harpa verður til svars. „Krakkarnir hafa mismikinn áhuga en eru alla jafna áhugasöm um að hjálpa til við störfin. Með aukinni tæknivæðingu fækkar þó störfunum sem lítil börn ráða við. Svo á bara eftir að koma í ljós hvort eitthvert þeirra hafi áhuga á að leggja búskap fyrir sig en við teljum að það velti á því hvernig framtíð íslensks landbúnaðar verður, kannski verður bara allt flutt inn eða of lítið upp úr búskapnum að hafa.“

Erum bjartsýn að eðlisfari

– Ef við horfum til íslensks landbúnaðar í dag, hvernig líst ykkur á stöðuna og framtíðina?

„Við erum bjartsýn að eðlisfari og sjáum óteljandi tækifæri í íslenskum landbúnaði. Við erum með leyfi til að selja kjöt og teljum vera sóknarfæri í að selja vörur beint frá býli. Okkar kúnnar kunna að meta að vita hvaðan varan kemur, það virðist vera í tísku að versla beint og því fer þessi hluti búrekstrarins ört stækkandi. Við erum að skoða að byggja nautaeldishús en ætlum aðeins að sjá til hvort íslensk stjórnvöld átti sig ekki á mikilvægi íslenskrar landbúnaðarframleiðslu og hætti að hleypa hverju sem er inn í landið, því allt er hægt að fá ódýrara í útlöndum enda verkamannalaun þar lág borið saman við Ísland,“ segir Ómar.

Einkennileg stefna að leyfa aukinn innflutning á landbúnaðarvörum

– Hvað segið þið um innflutning á landbúnaðarvörum, hver er afstaða ykkar til þess máls?

Nú setur Ómar í brýnar og svarar:

„Okkur þykir einkennileg sú stefna stjórnvalda að leyfa aukinn innflutning á landbúnaðarvörum sem hægt er að framleiða hér á landi. Á sama tíma og verið er að hvetja fólk til að ferðast innanlands og settur stórpeningur í að halda í störf þá auka stjórnvöld innflutning á landbúnaðarvörum með því að hafa lága tolla á þeim.“

– Merkingar á matvælum, þið hafið skoðanir á því, hvað viljið þið segja um það?

„Já, upprunamerkingar matvæla í verslunum þurfa að vera meira áberandi og eins þarf að sérmerkja íslenskar vörur sem íslenskar, ekki ganga út frá því að neytendur viti að varan sé íslensk. Eins ætti að vera ríkari skylda að veitingastaðir og mötuneyti greini frá upprunalandi hráefna sem þar eru notuð, því við teljum að langflestir neytendur vilji íslenskar vörur. Það mætti stundum halda að þeir sem selja innflutta landbúnaðarvöru þori ekki að segja hvaðan varan kemur, eru stundum að líkja eftir íslenskum umbúðum og hafa oft texta á íslensku á þeim og mætti halda að það sé stundum verið að villa um fyrir neytendum. Láta þá halda að þeir séu að kaupa íslenska vöru,“ segir Margrét Harpa.

Landgræðsluverðlaunin 2020

– Þið fenguð Landgræðsluverðlaunin 2020, hvernig tilfinning var að fá þessi verðlaun og hvaða þýðingu hafa þau?

„Það var mikill heiður og hvatning að fá þessi verðlaun. Við höfum unnið markvisst að landgræðslu í 50 ár og teljum að landgræðsla og stýrð búfjárbeit geti farið ágætlega saman eins og raun ber vitni í Lambhaga. Við höfum aðallega breytt söndum í tún og nýtt kúamykju og heymoð sem áburð, ásamt tilbúnum áburði,“ segir Ómar.

–Hvernig sjáið þið framtíð landbúnaðar og búsins hjá ykkur næstu 20 til 30 árin?

„Vonandi hjálpast allir að sem standa að íslenskum landbúnaði eins og stjórnvöld, bændur, afurðastöðvar, verslanir og neytendur, til að gera þessa atvinnugrein enn þá öflugri. Við þurfum að hugsa um fæðuöryggi þjóðarinnar og eins öll þau störf sem skapast af landbúnaði. Við alla vega stefnum að því að halda ótrauð áfram að framleiða góða og hreina matvöru,“ segir Ómar hvergi banginn.

– Þegar þið eruð ekki að hugsa um sveitina og skepnurnar, hvað gerið þið ykkur til ánægju og afþreyingar, fjölskyldan, til að brjóta upp hversdaginn?

„Það er ýmislegt, við höfum t.d. gaman af útiveru og samveru við vini og fjölskyldu. Veiði, leikhús, bíltúrar og þess háttar. Það er þó lítið um löng frí enda má segja að búskapurinn sé að vissu leyti bæði vinna og áhugamál, það er ákveðinn lífsstíll að vera bóndi,“ segir Margrét Harpa og Ómar tekur undir með henni. */MHH*

- Bárujárn í ýmsum litum
- Áfellur úr stáli í ýmsum litum
- Stuttur afgreiðslutími
- Gott verð
- Persónuleg þjónusta

Sinus 18 er lítið fjölskyldufyrirtæki sem staðsett er á Stokkseyri og flytur inn bárujárn og glugga frá Danmörku. Fyrirtækið veitir viðskiptavinum sínum persónulega þjónustu og tryggir bæði lágt vöruverð og stuttan afgreiðslutíma. Sé áhugi til staðar getur fyrirtækið einnig aðstoðað með mannskap við uppsetningu.

Til þess að fá tilboð sendið tölvupóst á 18sinus18@gmail.com eða hafið samband í síma 772-2643.

Sinus 18

SPECTRA PRECISION LASER

SÍÐUMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5100 / ISMAR.IS

ÍSMAR

LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA

„Peningar sem vaxa á trjánum“

– Sjaldan hafa grenitré verið jafn drekkhlaðin könglum eins og nú í haust

Þau sígrænu tré sem mest eru notuð í skógrækt hérlendis eru stafafura og sitkagreni. Furan getur dafnað ágætlega á rýru landi þar sem lítinn annan gróður er að finna. Grenið gerir ögn meiri kröfur.

Fyrir utan grænar nálar og stóran limaburð eiga tegundirnar það sameiginlegt að framleiða köngla. Þessir könglar eru svolítið ólíkir en eiga það sammerkt að vera uppspretta lífs, enda uppfullir af fræjum.

Nýlega kom út myndband þar sem Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar, segir frá helstu aðferðum við könglatínslu.

Grenitré drekkhlaðin könglum

Grenið nýtti sumarið sem leið til hins ýtrasta. Sjaldan hafa grenitré verið jafn drekkhlaðin könglum eins og nú í haust, sér í lagi á suðurvesturhluta landsins. Í hverjum köngli geta verið fjöldi tugir, jafnvel hundruð þroskaðra fræja. Hvert fræ hefur möguleika á að verða að tré. Það er reyndar snúið að komast að toppum trjánna þar sem könglarnir eru flestir en sums staðar má tína þá neðstu eða nota arm til að ná upp í tréð til að teygja greinarnar nær sér. Upp á könglana að gera er tilvalið að tína þá núna og alveg þangað til haustlægðirnar sópa þeim úr trjátoppunum. Þá væri hægt að koma þegar lægir og tína könglana upp úr skógarbotninum.

Furan og grenið hafa ólíkar aðferðir við að koma afkomendum sínum á legg

Furan er ögn hófstilltari í könglaframleiðslu en grenið og nýtir flest sumur vel. Furan og grenið hafa ólíkar aðferðir við að koma afkomendum sínum á legg. Könglar á furu eru smærri en á greninu, eða um 3–5 cm að lengd. Furuköglar haldast einnig lengi á móðurtrénu og detta sjaldnast af því greinunum. Því getur stundum verið snúið að átta sig á hvaða köngull er gamall og hver er nýr. Þegar ætlunin er að tína furuköngla er best að tína ekki aðra köngla en þá sem eru yst á greinum trjánna.

Fræ úr köngli af íslenskum trjám eru betur aðlöguð aðstæðum en innflutt

Íslensk fræ úr köngli eru betur aðlöguð íslenskum aðstæðum en innflutt, einfaldlega af þeirri ástæðu að móðurtréð hefur sýnt dug til þess að vaxa og dafna á Íslandi alla sína tíð og sýnt burði til að þola Ísland betur en tré sem ung féllu í valinn. Móðurtrén, þau tré sem nú bera köngla, koma víða að. Sitkagreni, sitkabastarður, hvítgreni og stafafura koma frá norðvesturhluta Ameríku/Alaska en rauðgrenið okkar er upprunnið í Skandinavíu. Nú hafa þau aldeilis sannað sig á íslenskri grundu. Sitkagreni er líklega það skógartré sem stærst getur orðið á Íslandi en skógaráhugamenn bíða í ofvæni eftir að sitkagrenið stóra (hæsta tré landsins, gróðursett 1949) á Kirkjubæjarklaustri brjóti 30 metra hæðamúrinn á allra næstu misserum?

Könglar sitkagrenis eru gulleitari (til vinstri á mynd) en sitkabastarðs, sem eru rauðleitir. Mynd úr Haukadal.

Nýtíndu könglarnir í lófanum eru mjög álitlegir frækönglar, en áhugavert er að sjá að einn köngull hangir enn á trénu (þessi litli í bakgrunninum, ofan við litla putta) en hann er jafngamall hinum en hefur einfaldlega ekki náð þroska.

Í Vífilsstaðahlíð í Heiðmörk eru ógrynni af könglum í trjátoppunum. En það getur reynst þrautin þyngri að komast að þeim.

Könglar af furu eru eftirsóttir

Rétt tíndir könglar af furu eru eftirsóttir enda mikil vöntun á góðu hráefni á markaðinn. Skógræktin, sem alla jafna er stærsti kaupandi fræja á Íslandi, kaupir stafafuruköngla ef um gott efni og drjúgt magn er að ræða og greiðir 1000 krónur fyrir hvert kíló. Passa þarf upp á kvæmaval og aldur könguls. Áhugasamir ættu að hafa samband við ráðgjafa Skógræktarinnar og leita nánari upplýsinga áður en farið er út að tína. Fyrir þá sem vilja nýta könglana sjálfir eru til ýmsar aðferðir við að klengja (ná fræjum úr köngli) og sá beint út í beran mel, móa eða hvar sem hentar.

Grenikönglarnir eru fullir af fræjum

Gósentíð er hjá greni. Könglarnir eru fullir af fræjum. Hingað til hefur gefist mjög vel að sá fræjunum í bakka á gróðrarstöðvum en oft má líka koma til skógi með minni fyrirhöfn. Sé fræjum komið fyrir í passlega rofnu landi, þar sem beitardýr og nagdýr komast hvergi nærri, má vel alveg reikna með að upp úr fræjunum vaxi stór og stöndug tré. Skógar eru mikil auðlind og ekki bara eftirsóttir til útivistar eins og í Heiðmörk og Kjarnaskógi. Grenitré eru yfirleitt beinvaxta og eftirsóttur smíðaviður. Eitt grenitré getur því verið tugi þúsunda króna virði. Hvað ætli séu margar íslenskar krónur hangandi á trjánum um þessar mundir?

Það má aldrei vanmeta náttúruna. Það má glöggt sjá á greninu í hólmanum í Ölfusá sem virðist bara hafa það furðu gott, sjálfsagt sjálfsáð.



Dæmi um látlausan sitkagreniköngul sem innihélt 200 ágæt fræ. Köngullinn var tíndur í lok september.



Í rýrum jarðvegi má rækta upp stafafuru og jafnvel sitkagreni upp af fræi.

Ýmsan fróðleik um fræsöfnun og meðhöndlun fræja má finna víða. T.d. á vef Skógræktarinnar, Landssamtaka skógareigenda og Skógræktarfélags Íslands.

Hlynur Gauti Sigurðsson
framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda.

LESENDABÁS

Bændur, takið Birni Bjarnasyni vel

Nýlega skipaði landbúnaðarráðherra tveggja manna nefnd um framtíð landbúnaðarins. Þetta gerir hann án samráðs við bændaforystuna. Fyrir liði fer margreyndur maður, Björn Bjarnason fyrrv. ráðherra, en með honum er í nefndinni Hlédís Sveinsdóttir. Björn hefur víða komið að málum en hvergi að landbúnaði svo ég muni. Björn hefur ýmsa kosti. Hann er einarður maður, ótal-hlýðinn og gerir það eitt er hann telur réttast.

Sagt er að hann hafi gert aðeins eina kröfu, að hann hefði Sigurgeir Þorgeirsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands og ráðuneytisstjóra, að baki sér. Sigurgeir þekkir landbúnaðinn út og inn og veit manna best hvar skórinn kreppir og hvað hefur farið úrskeiðis á síðustu árum. Halldóri Blöndal landbúnaðarráðherra var hann slíkur aðstoðarmaður að ráðherrann sagði gjarnan: – „Við Sigurgeir höfum ákveðið“ og vissu þá allir að vel var ráðið.

Umgjörð íslenska landbúnaðarins hefur verið umturnað

Að baki Birni gnæfa tveir jarlar í pólitík, þeir Bjarni Benediktsson, faðir hans og forsætisráðherra, og Ingólfur Jónsson á Hellu, sem Bjarni treysti best fyrir málefnum bænda og telst enn fremstur meðal jafningja sem landbúnaðarráðherra. Björn var menntamálaráðherra lengi og því mun hann átta sig fljótt á að umgjörð ráðgjafar og vísinda hefur verið brotin á bak aftur gagnvart landbúnaðinum. Hann mun átta

Guðni Ágústsson.

sig á að það verður að byggja upp landbúnaðarráðuneytið og heimta stofnanir landbúnaðarins heim á ný. Allri umgjörð íslenska landbúnaðarins hefur verið umturnað. Þar bera aðrir meiri sök en Kristján ráðherra, en Kristján hinn, ráðuneytisstjóri, hefur staðið vondu vaktina innan dyra allan tímann.

Ekki hlustað á bændaforystuna

Á meðan heldur hinn ríki og stóri sjávarútvegur öllu sínu hjá ríkinu. Ríkið borgar Hafrannsóknastofnun, Fiskistofu og Landhelgisgæsluna. Þegar ráðherrann sami og fer með landbúnaðinn ætlaði að fara með sjávarútveginn eins og landbúnaðinn, útgerðin ætti að borga rannsóknir og eftirlit og þar með nýtt hafrannsóknaskip, þá sögðu foringjar útgerðarinnarinnar „éttu hann sjálfur,“ og þar við sat. Á bændaforystuna hefur ekki verið hlustað í mörg ár og tillögur hennar og faglegar athugasemdir að engu hafðar. Ríkisstjórnir staglast á matvælum og leggja fram peninga, en með hinni hendinni eru leiðirnar opnaðar erlendis frá til að svelta bændur og blekkja neytendur.

Íslenski fjölskyldubúskapurinn einn sá besti í veröldinni

Nú vill svo til að ný forysta Bændasamtakanna virðist öflugri en fyrr, og er vís til að berja í borðið hvað líður. Mín áskorun til hennar og bænda er þessi: Safnið liði og öllum gögnum um hverju verður að breyta bæði í stjórnkerfi landbúnaðarins og gagnvart bændum og búgreinunum. Dragið fram mynd af t.d. norskum landbúnaði. Sparið ekki kraftana að upplýsa og marka nýja sýn, það plagg verður ykkar kröfugerð til ríkisstjórnar ef Björnsnefndin strandar á blindskeri. Birni er ætlað óvinnandi verk að ná sátt jafnt við Bændasamtökin og fjandaflokka eins og heildsalana Ólaf Stephensen og Andrés og enn logar mýrarljós Samfylkingar og Viðreisnar um ESB-aðild. Svo veit ég að Björn hefur ekki skap til að liggja yfir einhverju sviðsmyndarugli, heldur vill marka mikilvægum atvinnuvegi tækifæri. Hann mun vonandi fara að eins og Jón Loftsson í Odda forðum, þegar ruglið dynur á honum, frjálshyggjan og flæðið: „Heyra má ég erkibiskups boðskap en ráðinn er ég í að halda hann að engu.“ Því staðreyndin er sú að á öllum sviðum erum við Íslendingar í góðri stöðu með fjölskyldubúskapinn, einn þann besta í veröldinni að mati fólksins í landinu, lækna og matreiðslumanna í allri Evrópu og eigum einstaka Móður jörð.

Verð til sauðfjárbænda fallið um 40–50%

Ein grein innan landbúnaðarins er komin að hruni, það er sauðfjárbúskapurinn. Því bið ég Björn Bjarnason að taka stöðu sauðfjárbænda til sérstakrar afgreiðslu strax og gera tillögur um aðgerðir til að bæta lífsafkomu sauðfjárbænda, þar liggur og sérgrein Sigurgeirs sem ann meir feitum hrútum en makríl. Engum vafa er það undirorpið að sauðfjárbændur hafa búið við erfiðleika nú í nokkur ár. Afurðaverð féll fyrir 3–4 árum um 40–50%, sem gerir afkomu þeirra af búskapnum rýra. Nú er fullyrt að eitt lægsta afurðaverð til bænda sé á íslenska lambakjötinu í Evrópu, á einni bestu náttúruafurð heimsins, lambinu okkar. Slíkt er óboðlegt og reynir þessi vonda staða mest á ungt fólk í greininni sem verður dæmt til að tapa eignum sínum og ætluðu lífsstarfi.

Sauðfjárbyggðum blæðir út, verði ekkert að hafst. Og þá munu þeir kumpánar óáreittir flytja lambakjöt yfir hálfan hnöttinn eins og gerðist fyrir ári síðan.

Guðni Ágústsson.

PETROL POST DRIVER EASY

Bensínknúnir staurahamrar frá Petrol Post með Honda mótor

Verð kr. 369.000.- án vsk.

Vorum að fá vandaðar gripaflutningakerrur indespension

16” dekk
Heildar burðargeta 3.5 tonn

Verð kr. 1.678.000.- án vsk.

Búvís
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvis.is

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir styrki til orkuskipta 2020

Innviða- og verkefnastyrkir vegna áherslu stjórnvalda um orkuskipti og nýtingu endurnýjanlegrar orku. Heildarfjárhæð til úthlutunar er 180 m.kr.

1. **Innviðastyrkir fyrir vistvæn ökutæki (s.s. heimsendingaþjónusta, bílaleigur, leigubílar og annar rekstur). Krafa er um eftirfarandi skilyrði:**
   a. 10 bifreiðar eða 2 hópbifreiðar að lágmarki í flota.
   b. Styrkir geta að hámarki numið 33% af áætluðum stofnkostnaði.
2. **Innviðastyrkir fyrir vistvæn ökutæki við opinbera staði (s.s. hleðslustöðvar við sundlaugar, heilsugæslur, skóla, hafnir/flugvelli, heimahjúkrun, félagaþjónustu, vaktbíla).**
   a. Styrkir geta að hámarki numið 50% af áætluðum stofnkostnaði.
3. **Verkefnastyrkir fyrir rekstur í haftengdri starfsemi (s.s. fiskeldi, ferðaþjónusta, smábátar).**
   a. Með verkefnastyrki er átt við að samstarfsaðilar komi saman að skilgreiningu heildarverkefnis sem lúti bæði að innviðauppbyggingu í landi sem og að búa báta með mestu lengd allt að 15 metrum til nýtingar á endurnýjanlegu eldsneyti. Aðilar að skilgreindu verkefni ákveði hvernig styrkupphæð skiptist á milli hluteigandi aðila. Skilyrði að samkomulag sé til staðar við viðkomandi höfn. Styrkir geta að hámarki numið 33% af áætluðum stofnkostnaði.

Sjóðurinn áskilur sér rétt til að forgangsraða styrkjum í samræmi við áherslur stjórnvalda við orkuskipti, s.s. líta til þess hversu líklegt er að styrkhæft verkefni hraði orkuskiptum og hversu mikil áhrif það hefur til minnkunar á kolefnisfótspori. Einnig verður horft til dreifingu verkefna um landið og hversu hratt þau eru talin koma til framkvæmda. Styrkupphæð til hvers verkefnis ræðst af getu sjóðsins og fjölda umsókna.

Umsóknarfrestur er til 20. október 2020

Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar: gattin.os.is
Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri. Sími: 569 6083. Netfang: rka@os.is.

ORKUSTOFNUN ORKUSJÓÐUR

Skortur á slökkvivatni til sveita og löng bið eftir slökkviliði

Nær þriðjungur bænda, eða rúmlega 30 prósent, telja að ekki sé nægur og greiður aðgangur að slökkvivatni í nálægð við útihús, samkvæmt könnun sem Gallup gerði fyrir Eldvarnabandalagið. Í niðurstöðum könnunarinnar kemur einnig fram að stór hluti bænda býr í talsverðri fjarlægð frá næstu slökkvistöð og getur því liðið talsverður tími frá því slökkviliði berst útkall uns slökkvistarf getur hafist.

Að meðaltali segist ríflega fimmtungur bænda búa í meira en 30 kílómetra fjarlægð frá næstu slökkvistöð. Hlutfallið er hærra í einstökum landshlutum en Austurland sker sig algerlega úr að þessu leyti. Þar segjast 43 prósent bænda búa í meira en 30 kílómetra fjarlægð frá slökkvistöð og önnur 14 prósent í 21-30 kílómetra fjarlægð. Það er því ljóst að viðbragðsgeta bænda sjálfra getur ráðið miklu um afleiðingarnar ef eldur kemur upp. Til samanburðar búa aðeins 11 prósent bænda á Suðurlandi í meira en 30 kílómetra fjarlægð frá slökkvistöð.

Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu og formaður Félags slökkviliðsstjóra.

Að meðaltali segist ríflega fimmtungur bænda búa í meira en 30 kílómetra fjarlægð frá næstu slökkvistöð. Hlutfallið er hærra í einstökum landshlutum en Austurland sker sig algerlega úr að þessu leyti. Þar segjast 43 prósent bænda búa í meira en 30 kílómetra fjarlægð frá slökkvistöð og önnur 14 prósent í 21-30 kílómetra fjarlægð. Þessi mynd er frá Norðurfirði á Ströndum, en þaðan eru 104 km til Hólmavíkur. Mynd / Hörður Kristjánsson

Slæmt ástand eldvarna

Gallup gerði könnunina í apríl síðastliðnum. Úrtakið var 1.522 manns af meðlimaskrá Bændasamtakanna. Þátttökuhlutfall var mjög gott eða 45,7 prósent og bárust 696 svör.

Eins og fram kom í síðasta tölublaði Bændablaðsins eru talsverðar brotalamir á eldvörnum í úti- og gripahúsum bænda hér á landi samkvæmt könnun Gallup fyrir Eldvarnabandalagið. Ljóst er að ástand viðvörunarbúnaðar, brunahólfunar og slökkvibúnaðar er slæmt hjá mörgum. Þannig segja 62 prósent bænda að ástand viðvörunarbúnaðar sé frekar slæmt eða mjög slæmt og þar af segja 42,6 prósent að ástandið sé mjög slæmt. Næstum því helmingur svarenda segir ástand slökkvibúnaðar frekar eða mjög slæmt. Þá kemur í ljós að aðeins 27,3 prósent hafa gert rýmingaráætlun fyrir gripahús.

Löng bið eftir slökkviliði

Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu og formaður Félags slökkviliðsstjóra, segir að um það bil 20 mínútur geti liðið frá því slökkvilið fær boð um útkall uns slökkvistarf á vettvangi geti hafist ef aka þarf 20 kílómetra leið á vettvang og nærri 30 mínútur ef fara þarf 30 kílómetra. Er hér miðað við bestu akstursaðstæður. Því sé afar mikilvægt að bændur hafi búnað og aðgang að slökkvivatni til að tryggja fyrstu viðbrögð á vettvangi áður en aðstoð berst.

„Bændur geta heft útbreiðslu elds á byrjunarstigi og bjargað verðmætum ef þeir hafa tiltækan búnað, slökkvitæki og brunaslöngur. Það er einnig að sjálfsögðu mikilvægt að við höfum nægan og greiðan aðgang að vatni þegar við komum á vettvang," segir Pétur.



Áhyggjur af frauðplastinu

Pétur segir slökkvilið hafa sérstakar áhyggjur af slökkvistarfi í útihúsum þar sem eldfim efni eins og frauðplast eru notuð til einangrunar. Samkvæmt könnun Gallup reynist það vera tilfellið í um 40 prósent tilvika. Nái eldur að læsa sig í frauðplast breiðist hann út með ógnarhraða og eru dæmi um að slökkvistarf hafi í slíkum tilvikum verið afar erfitt og jafnvel vonlaust.

Baldur Pálsson, fyrrverandi slökkviliðsstjóri, og Haraldur Geir Eðvaldsson, núverandi slökkviliðsstjóri Brunavarna á Austurlandi, rituðu grein um slíkan eldsvoða í Bændablaðið fyrr á árinu. Þar segir: „Slökkviliðin innan vébanda Brunavarna á Austurlandi eru fimm og fengu það hlutverk fyrir nokkrum árum að brenna íbúðarhús ásamt stóru fjósi á Fljótsdalshéraði, en fjósið var einangrað með frauðplasti í þaki. Eftir að æfingunni í íbúðarhúsinu lauk létum við eldinn ná fjósinu og skipti engum togum að um leið og eldurinn náði plastinu í þakinu hófst hraður bruni og hitamyndun svo hröð að við trúðum vart okkar eigin augum."

Alelda á örfáum mínútum

Þá segir í grein Baldurs og Haraldar: „Um leið hófst eldrignin frá plastinu sem eins og myndaði eldvegg þvert yfir húsið og fór eldveggurinn hratt eftir endilöngu húsinu og kveikti í öllu sem niðri var. Það liðu aðeins 12 mínútur þar til allir gluggar voru sprungnir út og eldsúlan sem þá myndaðist upp um strompinn náði alveg tveimur til þremur metrum á hæð. Eftir 20 mínútur var allt brunnið sem brunnið gat í húsinu.

Reykur frá frauðplasti er baneitraður og mjög hættulegur mönnum og skepnum langt út fyrir brunastað. Því þarf alltaf að nota reykköfunartæki við slökkvistarf jafnt innan- sem utanhúss. Samkvæmt framanrituðu er alveg ljóst að slökkvilið koma alltaf of seint þar sem plastbruni í þökum á sér stað og engu verður bjargað."

Notkun frauðplasts til einangrunar í útihúsum er einmitt langalgengust á Austurlandi, eða sem nemur 52 af hundraði. Sambærilegt hlutfall á Suðurlandi er 30 prósent.

Fátíðar heimsóknir eftirlitsaðila

Athygli vekur hve hátt hlutfall bænda segist aldrei hafa fengið heimsókn frá slökkviliði eða áhættuskoðun tryggingafélags. Samkvæmt könnun Gallup segist rúmlega helmingur bænda aldrei hafa fengið slíka heimsókn. Tíu prósent bænda segjast hafa fengið heimsókn slökkviliðs eða tryggingafélags á þessu ári og fyrir ári síðan en aðrir segja lengra um liðið eða alls ekki. Rúmlega fimmtungur segir að meira en fimm ár séu liðin frá síðustu heimsókn slökkviliðs eða tryggingafélags og sem fyrr segir hefur rúmlega helmingur aldrei fengið þessa aðila í heimsókn.

Loks var spurt hversu vel eða illa bændur hefðu kynnt sér rit Bændasamtakanna, Öryggi og vinnuvernd í landbúnaði. Ritið var gefið út 2016 í tengslum við verkefnið Búum vel – öryggi – heilsa- umhverfi og var dreift til allra lögbýla í landinu. Í ljós kom að fjórðungur bænda hafði kynnt sér ritið vel, 38,6 prósent svöruðu hvorki né og 36,4 prósent kváðust hafa kynnt sér það illa eða alls ekki.

[ELDVARNA] bandalagið

Eldvarnabandalagið er samstarfsvettvangur um auknar eldvarnir. Aðild að því eiga:
Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, TM hf., VÍS hf. og Vörður tryggingar hf. www.eldvarnabandalagid.is

NYTJAR HAFSINS

Hafró hefur dregið úr smáfiskafriðun – loksins

Rauði þráðurinn í fiskverndarstefnu Hafró hefur alla tíð verið að vernda smáfisk svo hann megi vaxa og dafna þannig að hann verði verðmeiri síðar. Auk stækkunar möskva í botnvörpum hefur verið beitt svæðalokunum og skyndilokunum í tæplega hálfa öld.

Við bættist svo friðun hryngingarþorsks árið 1993 í þeirri von að auka seiðaframleiðslu og nýliðun. Þetta svokallaða hryngingarstopp er enn við lýði og varir yfirleitt í 2 vikur.

Árangur alls þessa er sá að þorskafli hefur minnkað um meira en helming frá því sem hann var áður en fiskverndunin var tekin upp, en hún hófst að marki eftir að útlendingar hurfu af Íslandsmiðum 1976.

Skyndilokunum hefur verið beitt í áratugi, eða allt síðan við fengum yfirráð yfir allri landhelginni. Miðað var við að friða skyldi 3 ára fisk og var svæðum lokað ef fjöldi fiska í afla undir 55 cm náðu 25%. Oft hefur þessi smáfiskaverndun verið gagnrýnd m.a. vegna þess að sums staðar gat smáfiskur undir 55 cm verið allt að 8 ára gamall. Auk þess voru færð rök fyrir því að rangt væri að skekkja stofnformið með því að veiða ofan af eins og sagt er, hlífa þeim smáa en veiða þann stóra. En Hafró hefur aldrei gert neina úttekt á gagnsemi skyndilokana eða smáfiskafriðunar. Því er gagnsemi skyndilokana ósönnuð með öllu. Nýlega var viðmiðunarmörkunum breytt svo nú þarf að hlutfall 55 cm þorsks að vera 50% eða meira til þess að það sé lokað, við það hefur dregið mjög úr þessum lokunum. Kaleikurinn, að gefa út skyndilokanir, hefur nú verið tekinn af Hafró og færður til Fiskistofu og Hafró er ekki lengur stjórnvald. Hér er tilvitnun í frétt frá Hafró um flutning skyndilokana milli stofnana:

Frá upphafi hefur Hafrannsóknastofnun sett á um 3.900 skyndilokanir

„Fiskifræðingar Hafrannsóknastfnunar hafa staðið vaktir undanfarin ár og sett á skyndilokanir í kjölfar mælinga Fiskistofu og Landhelgisgæslu. Talsverðar sveiflur hafa verið í fjölda skyndilokana frá upphafi en flestar voru þær árið 2012 eða 188. Skyndilokunum fækkaði mikið á síðasta ári og það sem af er þessu ári vegna breytinga á viðmiðunarmörkum sem gerð var 2019. Frá upphafi hefur Hafrannsóknastofnun sett á um 3.900 skyndilokanir, meirihluta til verndunar smáþorsks og flestar á línuveiðar.“

Jón Kristjánsson.

Fremur lítið um rannsóknir á áhrifum skyndilokana

„Þrátt fyrir að skyndilokanir hafi verið veigamikill þáttur í stjórnkerfi fiskveiða á Íslandsmiðum í áratugi, þá er fremur lítið um rannsóknir á áhrifum þeirra aðgerða. Nýverið kom hinsvegar út ritrýnd grein um áhrif skyndilokana við að hindra veiðar á smáfiski (Woods o.fél. 2018). Helsta niðurstaða greinarinnar er að skyndilokanir séu gagnlegar til verndar smáfiski þegar veiðihlutfall er hátt. Hinsvegar þegar veiðihlutfall er hóflegt, líkt og nú er á flestum bolfiskstofnum, hafa skyndilokanir takmarkað gildi. Meðal annars í því ljósi lagði Hafrannsóknastofnun til hækkun á viðmiðunarmörkum árið 2017 í tillögu til starfshóps um faglega heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum um breytingu á viðmiðunarmörkum.“

Hér viðurkennir Hafró að hafa ekki gert sérstakar rannsóknir á þessum róttæku aðgerðum en notist nú við greiningu, sem gerð var nýlega á gömlum gögnum. Þetta er óskiljanlegur trassaskapur en menn hafa verið svo vissir um gagnsemi smáfiskaverndar að þeir hafa ekki talið sig þurfa að rannsaka árangurinn. En víst er að kostnaðurinn af þessu fikti er gríðarlegur, tapaður afli, kostnaður við allt eftirlit og óþægindi fyrir fiskveiðiflotann. Hálfrar aldar gagnslausar en hættulegar og dýrar aðgerðir. Væntanlega verður enginn dreginn til ábyrgðar, ekki einu sinni skammaður.

Árið 2001, á tíma sem þorskurinn var að éta sig út á gaddinn vegna vanveiði, vildi Árni M. Mathiesen ekki hlusta á sjómennina, eins og sagði í Mogga:

Hann er ekki sællegur þorskurinn í Eystrasalti. Eftir að Pólverjar gengu í ESB var sett á kvótakerfi og allt gert til að draga úr afla í verndunar- og uppbyggingarskyni. Þetta er árangurinn og öll þorskveiði er nú bönnuð – til þess að bjarga stofninum.

Árin 2001 og 2002 voru mikil aflaár í Færeyjum. Hér er horaður línuþorskur sumarið 2003. Stjórnvöld brugðust ekki við með aukinni sókn, í kjölfarið fylgdi margra ára aflaleysi en ofveiði var kennt um.

„TÖLUVERT hefur verið um skyndilokanir vegna smáfisks á helstu togslóðum fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum á undanförnum mánuðum. Togaraskipstjórar hafa mótmælt lokununum og segja þær gera skipum nær ókleift að stunda veiðar. Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra segir sterka þorskárganga á undanförnum árum gefa vonir um góða veiði á komandi árum en um leið verði að tryggja að árgangarnir skili sterkum hrygningarstofni.“

Rök hans voru ótrúlega þvælin

Árni segir aukna smáfiskagengd flókið en um leið jákvætt vandamál að eiga við. Þorskárgangurinn frá árinu 1997 sé greinilega mjög sterkur en hins vegar sé ekki vitað hve sterkur hann er fyrr en hann kemur inn í veiðina.

„Vandinn felst í því við verðum vitaskuld að halda áfram veiðum þó þessi sterki árgangur sé að koma inn í veiðina. Það er hins vegar minna af stærri fiski á veiðislóðinni en meira af smáfiski en oft áður. Það er því erfitt að veiða stærri fiskinn en forðast um leið að veiða þann smærri. Jafnvel þar sem smáfiskurinn er blandaður við stærri fiskinn er kjörhæfni veiðarfæranna ekki nægilega þekkt. Við höfum fram til þessa beitt þeirri aðferð við verndun smáfisks að loka veiðisvæðum, líkt og gert hefur verið að undanförnu. Það leiðir skiljanlega til erfiðleika og aukins kostnaðar við veiðarnar. Við höfum reynt að útfæra þessar lokanir á skynsamlegan hátt, til dæmis með því gera aðferðirnar staðlaðari og hafa meira samræmi milli þess sem einstakir eftirlitsmenn eru að gera á miðunum.“

Þess má geta að á þessum árum vorum við í tómu tjóni, þorskaflinn rétt skreið yfir 200 þús. tonn og það komu engir sterkir árgangar inn í veiðina, þeir urðu hungurvofunni og sjálfátinu að bráð.

En nú hefur þetta stjórnvald verið flutt frá Hafró en enn þarf að hlíta ráðgjöf þeirra í þessu efni eins og fleiru. Minna má á að enn er í gildi lúðufriðun, þar sem sleppa (henda) skal allri lífvænlegri lúðu, en sé henni landað rennur 80% í AVS rannsóknasjóðinn. Það er því ekki hvati sjá sjómönnum að landa lúðu, en íslenskir sjómenn eru þannig gerðir að þeir henda ekki ætum fiski og landa því lúðunni í skjóli nætur og koma henni í lóg til vina og vandamanna, sem eru farnir að fóðra ketti sína á lúðu. Þessi lúðufriðun er að mínu mati algjör fíflagangur vegna þess að lúða veiðist sem meðafli og hefur alltaf gert. Togarasjómenn henda ekki stórlúðu, landa henni en fá ekki nema 20% af verðinu, afgangurinn fer til Hafró eins og þeir segja.

Vanveiði og verndun smáfisks hefur valdið miklu tjóni víðar en á Íslandi þar sem afrakstur þorskstofnsins hefur minnkað um helming miðað við frjálsa sókn fyrri tíma. Þorskveiðar í Eystrasalti eru bannaðar, þar verður þorskur ekki stærri en 30-40 cm og er grindhoraður og ormafullur, og ekki eru menn gleggri á búskapinn þar en að þeir halda að friðun lækni ástandið. Í Færeyjum var mikil þorskgengd sl. 2-3 ár en menn spöruðu að veiða og nýjustu ralltölur sýna að þorskurinn er nær horfinn og það sem finnst er horfiskur, og stór ýsa er einnig grindhoruð.

Jón Kristjánsson
fiskifræðingur

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS

Kryddið sem unnið er úr múskathnetum og múskathnetuhýðinu var svo eftirsótt að 15 þúsund íbúum á Banda-eyjum var útrýmt árið 1621 til að ná yfirráðum yfir múskatræktuninni og verslun með múskat.

Múskat og þjóðarmorð

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Saga viðskipta með múskat er blóðið drifin. Ásókn í kryddið og hagnaðurinn sem því fylgdi leiddi til þjóðarmorðs á Banda-eyjum árið 1621. Hollendingar útrýmdu innfæddum til að ná yfirráðum yfir ræktun og verslun með múskat. Seinna gerðu Hollendingar landaskipti við Breta. Hollendingar fengu eyjuna Run í Banda-eyjaklasanum en Bretar Manhattan-eyju eða Nýju Amsterdam í staðinn.

Áætluð heimsframleiðsla á þurrkuðu múskati árið 2019 er 52 þúsund tonn. Indónesía framleiðir um 50% af öllu múskati í heimi. Þar á eftir eru Indland, Súmatra, Java og Srí Lanka.

Holland er það land sem flytur inn mest af múskati allra Evrópuþjóða og Hollendingar flytja einnig út mest af kryddinu til annarra ríkja í Evrópu. Mest af múskatinu sem Hollendingar versla með kemur upprunalega frá Indónesíu. Sameinuðu arabísku furstadæmin eru stærsti útflytjandi múskats til annarra Arabaríkja en þar sem Furstadæmin rækta ekki múskat er það flutt inn frá Indlandi og síðan flutt út aftur.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru árið 2019 flutt inn 116 kíló af heilum múskathnetum, 949 kíló af pressuðu eða muldu múskati og 1.049 kíló af pressuðu eða muldu múskathýði. Af heilum múskathnetum kemur mest frá Spáni, eða 56 kíló, af pressuðu eða muldu múskati kemur mest frá Hollandi, 620 kíló, og allt pressað eða mulið múskathýðið kemur frá Kína.

Auk þess sem talsvert er flutt inn af múskati sem hluta af krydd-

Múskathnetur og duft.

blöndum og í tilbúnum réttum og drykkjum.

Ættkvíslin Myristica og tegundin fragrans

Innan ættkvíslarinnar Myristica teljast yfir 150 tegundir sem finnast villtar í Asíu og við vestanvert Kyrrahaf. Tegundirnar eru ólíkar að stærð og mynda aldin og hnetur sem eru misjöfn að hæð og lögun en allar eiga þær það sameiginlegt að blöðin eru ilmsterk.

Sú tegund sem mest er ræktuð kallast M. fragrans og er 5 til 30 metra hátt og sígrænt tré sem er haldið í lægri kantinum í ræktun. Blöðin dökkgræn á um eins sentímetra löngum stilk, stakstæð, 5 til 15 sentímetra að lengd og 2 til 7 á breidd. Öll blóm á hverju tré eru einkynja þrátt fyrir að einstaka tré beri blóm af báðum kynjum. Blómin bjöllulaga, fölgul og vaxkennd viðkomu. Karlblómin standa ein sér eða allt upp í 10 saman í hnapp og eru 5 til 7 millimetrar að lengd. Kvenblómin eitt til þrjú saman og um 10 millimetrar að lengd. Kvenplöntur eða tré mynda slétt og gult perulaga eða hnöttótt aldin sem er 6 til 9 sentímetra langt og þrír til fimm sentímetrar í þvermál. Inni í aldininu er hneta sem er hulin mjúku hýði sem rifnar eftir aldininu endilöngu og hylur það að hluta eftir að það stækkar og þroskast.

Hnetan er það sem kallast múskat en hjúpurinn sem umliggur hana kallast múskathýði. Þrátt fyrir að hvort tveggja komi af sama aldininu er munur á því kryddi sem fæst úr muldri múskathnetu og af muldu múskathýði. Bragðið af múskathýðisdufti er sterkara og rammara en hnetuduftsins og rauðara á litinn. Múskathýðiskrydd er eingöngu fáanlegt sem duft.



Aldinið er gult og hnöttótt og inni í því er hneta sem er hulin mjúku hýði.

Blöðin dökkgræn á um eins sentímetra löngum stilk, stakstæð, 5 til 15 sentímetra að lengd og 2 til 7 á breidd.

Við góðar aðstæður tekur sjö til níu ár frá því að fræ spíra þar til múskattré gefa aldin en mest er uppskeran eftir tuttugu ár og að öllu jöfnu gefur hvert tré af sér til 60 ára aldurs. Þar sem eingöngu kvenplöntur mynda aldin er trjánum talsvert fjölgað með ágræðslu.

Tvær tegundir M. malabarica og M. argentea eru mikið notaðar til að drýgja og þynna út alvöru múskatduft úr M. fragrans.

Þjóðarmorð á Kryddeyjunum

Talið er að Rómverjar og Grikkir hafi þekkt til einhvers konar múskats í gegnum verslun við Araba og hugsanlega Silkileiðinni. Ekki fer mörgum sögum af nytjum þess meðal þeirra nema að þeir notuðu það sem krydd en aðallega munu þeir hafa brennt það sem reykelsi. Rómverjinn Plyni eldri, upp 23 til 79, sagði um múskat að plantan bæri hnetur með tvenns konar bragði og er þá væntanlega að vísa til hnetuduftsins og duftsins sem unnið er úr hnetuhýðinu.

Elstu þekktar minjar um notkun á múskati til manneldis er að finna í 3.500 ára gömlum leirbrotum sem fundust á eyjunni Pulau Ai sem er hluti af Banda-eyjaklasanum austan við Indónesíu. Bandaeyjar, sem eru ellefu, voru eina uppspretta þess múskats sem barst til Evrópu fram á miðja nítjándu öld.

Persneski læknirinn og fjölfræðingurinn Ibn Sina, uppi 980 til 1037, var fyrsti Vesturlandabúinn sem vitað er um að hafi minnst á Banda-eyjar og Banda-hnetur, eða jansi ban eins og hann kallaði múskathnetur, í riti.

Á þrettándu öld höfðu arabískir sjófarendur og verslunarmenn uppgötvað uppruna múskats í Indónesíu en héldu honum leyndum fyrir Evrópumönnum og þannig verði þess háu.

Mikil eftirspurn og hátt verð á kryddi varð til þess að heilu flotar evrópskra skipa lögðu í háskaför um öll heimsins höf í leit að gulli, gimsteinum og kryddi eftir að Kólumbus fann Ameríku. Leiðangur Kólumbusar var upphaflega ætlað-

ur til að finna styttri siglingaleið til Indlands en leiðina fyrir Hornhöfða í Suður-Afríku til að versla krydd. Það er þess vegna sem innfæddir í Ameríku kallast Indíánar, Kólumbus hélt í fyrstu að hann hefði náð til Indlands.

Banda-eyjaklasinn eða Krydd-eyjarnar, eins og þær voru kallaðar um tíma, vöktu snemma áhuga fyrstu evrópsku sjófarendanna. Árið 1511 lagði flotaforinginn og landkönnuðurinn Afonso de Albuquerque, uppi 1453 til 1515, undir sig þáverandi höfuðborg Malasíu, Malacca, í nafni Manuels konungs Portúgal, uppi 1469 til 1521. Borgin var á þeim tíma miðja kryddverslunar Araba í Asíu. Sama ár komst Albuquerque á snoðir um Banda-eyjar og sendi þrjú skip undir stjórn António de Abreu, uppi 1480 til 1514, flotaforingja til að finna eyjarnar sem hann fann með hjálp sjóliða frá Malasíu 1512.

Abreu og skip hans sigldu milli eyjanna í um það bil mánuð og fylltu lestar sínar af múskathnetu, múskathnetuhýði og negul. Í riti eftir portúgalska lækninn Tomé Pires, uppi 1465 til 1524 eða 1540, sem kallast Suma Oriental, segir að þrátt fyrir ábatasöm viðskipti hafa Portúgalar aldrei náð fullum yfirráðum á eyjunum.

Hollendingar fylgdu í kjölfar Portúgala og hófu fljótlega múskatviðskipti við eyjaskeggja og skömmu eftir aldamótin 1600 höfðu þeir rutt Portúgölunum úr vegi.

Hrifning Evrópubúa af múskati var mikil. Það var notað til að krydda mat og drykki. Duftið var sagt hafa lækningarmátt og í plágum báru konur það í litlum pokum um hálsinn og önduðu að sér lækningarmætti þess gegnum pokann. Karlmenn blönduðu duftinu aftur á móti út í neftóbak og tóku í nefið. Eftirspurnin var gríðarleg og verðið svimandi hátt og sagt er að verðgildi múskats í Evrópu hafi um tíma verið 68 þúsund sinnum hærra en það kostaði að rækta það og sigla því til Amsterdam.

Til að tryggja sér einokun á ræktun og verslun með múskat á Banda-eyjum fór Hollenska Austur-Indíafélagið í blóðugt stríð gegn eyjaskeggjum árið 1621. Áætlaður fjöldi íbúa eyjanna fyrir herför málaliða félagsins var um 15 þúsund en talið er að einungis um eitt þúsund þeirra hafi lifað slátrunina af. Þeir sem komust af voru eltir uppi og hnepptir í þrældóm, þrælað út og sveltir í hel. Á nokkrum árum tókst að útrýma öllum innfæddum íbúum Banda-eyja og því um hreint og klárt þjóðarmorð að ræða.

Hiatus

Harðræði landstjóra Hollendinga á eyjunum var gríðarlegt og innfluttir þrælar miskunnarlaust pískaðir áfram og refsað með pyntingum til að auka framleiðsluna. Eftir misheppnaða þrælauppreisn árið 1650 barði landsstjórinn allar tennurnar úr uppreisnarforingjanum, skar síðan úr honum tunguna áður en hann skar á háls öðrum til viðvörunar.

Í framhaldinu varð Hollenska Austur-Indíafélagið einrátt með viðskipti með múskat frá Banda-eyjum og um leið í heiminum það sem eftir var sautjándu aldar. Framleiðsluaukningin var slík að Hollendingar þurftu á hverju ári að brenna hluta uppskerunnar til að halda verðinu uppi.

Árið 1638 náðu Bretar með hervaldi yfirráðum á eyjunni Run, sem er ein Banda-eyja, í óþökk Hollendinga.

Hollendingar voru ósáttir við að Bretar hefðu stolið af þeim eyjunni en þeir áttu spil uppi í erminni. Á þessum árum tilheyrði Manhattaneyja eða Nýja Amsterdam, sem hluti New York borgar stendur á í dag, Hollandi. Bretar vildu komast yfir eyjuna og árið 1667 gerðu þjóðirnar með sér samkomulag um skipti. Holland fékk Run-eyju og land til að rækta sykurreyr í Suður-Ameríku frá Bretum í skiptum Manhattan.

Holleska Austur-Indíafélagið var lengi einrátt með viðskipti með múskat frá Banda-eyjum og um leið í heiminum. Framleiðsluaukningin var slík að Hollendingar þurftu á hverju ári að brenna hluta uppskerunnar til að halda verðinu uppi. Málverk Hendrik Cornelisz Vroom árið 1599.

Pyntingar og limlestingar þóttu sjálfsagt máli á Banda-eyjum til að auka uppskeru á múskati.

Banda-eyjaklasinn austan við Indónesíu.

Myristica fragrans er 5 til 30 metra hátt og sígrænt tré sem er haldið í lægri kantinum í ræktun.

Tínsla og vinnsla á múskati fer nánast öll fram með höndum og er mannfrek.

Karfa á löngu skafti er notuð til að tína aldinin af trjánum.

Hrísgrjónum úr landi og setja á fót litla múskatræktun á eyjunni Máritíus.

Afskiptum Breta af Banda-eyjum var samt ekki lokið. Í Napóleonstríðunum, 1803 til 1815, var Holland hluti af veldi Napóleon og um leið óvinaríki Breta. Englendingar sáu sér leik á borði og árið 1810 hertóku þeir Banda-eyjar með skyndiárás.

Í kjölfar yfirráða Breta á Banda-eyjum 1810 fluttu þeir múskatfræ og plöntur til Srí Lanka og annarra nýlenda í Asíu og í Afríku og hófu ræktun þeirra þar og rufu þannig einokun Hollendinga á verslun með múskat. Í bókinni Hortus Botanicus Malabaricus lýsir Hollendingurinn Hendrik van Rheede, uppi 1636 til 1691, fyrstu tilraunum Indverja til að rækta múskat.

Árið 1814 fengu Hollendingar eyjarnar aftur eftir samningaviðræður en viðskipti með múskat urðu aldrei eins ábatasöm eftir það. Hollendingar héldu yfirráðum sínum á Banda-eyjunum til loka seinni heimsstyrjaldarinnar 1944.

Langar múskathnetur

Breski ethnobotanistinn dr. Roy Ellen telur að verslun með ýmsar aðrar tegundir Myristica en fragrans eigi sér mun eldri sögu og sé ekki bundin við Banda-eyjar. Ellen bendir réttilega á að tegundir innan ættkvíslarinnar séu margar og vaxi víða í Asíu og fjöldi þeirra séu ilm- og bragðsterkar. Hann telur að verslað hafi verið með langar múskathnetur frá Papúa Nýju Gíneu og víðar í Asíu löngu áður en arabískir og evrópskir kaupmenn og landkönnuðir komu til sögunnar.

Nafnaspeki

Latneska ættkvíslarheitið Myristica er komið úr grísku, myristikos, og þýðir angan eða ilmur. Tegundarheitið fragrans þýðir einnig að plantan angi.

Á ensku kallast plantan, hnetan og múskatduft nutmeg en hnetuhýðið og hnetuhýðisduft mace. Arabar kalla kryddið jawzat altayib en í Kína segja ròu dòukòu. Víðast hvar í Afríku þekkist kryddið sem nutmeg og sem neutmuskatt á afríkansk.

Hollendingar segja nootmuskaat, en Frakkar og Ítalir noix de muscade. Pólverjar kalla hnetuna gałka muszkatołowa, Finnar muskottipähkinä, Svíar muskot og Danir muskatnød.

Á Íslandi er talað um múskat og er þá hvort sem er átt við hnetuna og hnetuduftið.

Nytjar

Í Malasíu eru múskathnetur og blóm notuð til að stilla meltinguna og sem örvandi til ástarleikja. Evrópumenn á fimmtándu til átjándu öld töldu kryddið styrkjandi til Venusarleikja og var það síst til að draga úr eftirsókn í það.

Auk þess sem múskat er mikið notað sem krydd er unnin úr hnetunni olía og það sem er kallað múskatsmjör. Múskatolía er meðal annars notuð í hóstamixtúrur og tannkrem en múskatsmjör í bakstur, sápur og sem smurefni í iðnaði.

Ilmurinn af múskati er mjög afgerandi og bragðið eilítið sætt. Í indónesískri og indverskri matargerð er kryddið notað í margs konar kjöt- og grænmetisrétti, súpur og sósur. Einnig þekkist á Indlandi að mulið múskat sé reykt líkt og tóbak. Í Evrópu er kryddið notað til að bragðbæta kökur, sælgæti, búðinga, kjöt og sósur, ýmiss konar drykki eins og eggjapúns og espressókaffi. Það er einnig sagt gott í kartöflurétti.

Úr aldininu sem umliggur hnetuna er búin til sulta eða að það er borðað hrátt með sykri.

Eins og með flest annað er best að nota múskat í hófi því ofnotkun getur valdið ofnæmisviðbrögðum og útbrotum, ofskynjunum og lifrarskemmdum.

Múskat á Íslandi

Íslenskar húsmæður voru farnar að nota múskat í bakstur fyrir þarsíðustu aldamót og það nefnt í Kvennablaðinu 1895 sem eitt af mögulegum hráefnum í bakaða smjörsnúða og árið 1899 er það auglýst í Stefni ásamt öðrum nýlenduvörum.

Í Hagskýrslum um utanríkisverslun segir að árið 1926 hafi verið flutt inn 394 kíló af múskati frá Danmörku sem sýnir að notkun á kryddinu hefur verið talsverð snemma þriðja áratug síðustu aldar. Fram eftir öldinni er múskat reglulega auglýst og er vinsælt í matar- og kökuuppskriftum blaða.

Múskat er í garam masala og mörgum karríblöndum og því víða að finna í eldhúsum og því talsvert mikið notað í matargerð, jafnvel þó að við vitum ekki alltaf af því.

FISKNYTJAR & NÁTTÚRA

Rýniskýrslan og vöktun laxastofna

Sviðsstjóri fiskeldissvið Hafrannsóknastofnunar svarar hinn 10. september greinum mínum sem hafa birst í Bændablaðinu þar sem áhættumat erfðablöndunar hefur verið gagnrýnt. Í grein sviðsstjórans er í meginatriðum farið inn á að skýra a) áhættumat sem stjórnartæki, b) vöktunaraðferðir og c) ritrýni áhættumatsins. Í þessari grein verða teknir fyrir tveir seinni liðirnir.

Valdimar Ingi Gunnarsson

Fossálar.

Rýniskýrslan

Það liggur nú fyrir úttekt á áhættumati erfðablöndunar útgefið af þriggja manna vísindanefnd og búið er að leggja fyrir Alþingi. Skýrslan ber nafnið „Skýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um niðurstöður óháðrar nefndar um athugun á aðferðarfræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar“. Hér á eftir verður skýrslan nefnd rýniskýrslan. Sviðsstjórinn dregur upp jákvæða mynd af áhættumati erfðablöndunar þegar minnst er á rýniskýrsluna í sinni grein. Vissulega nefnir sviðsstjórinn að ekki sé alltaf rétt reiknað eins og vísindanefndin bendir á, en látum það vera í bili og tökum nú sérstaklega fyrir viðmiðanir og vöktunaraðferðir sem mest er fjallað um í grein sviðstjórans.

Fór vísindanefndin út fyrir sitt umboð?

Vísindanefndinni var ekki ljóst hvort í erindisbréfi hennar sé sérstaklega farið fram á að nefndin leggi mat á vöktunaráætlanirnar sem komið hefur verið á fót tengt áhættumati erfðablöndunar. Það kann að vera ástæðan fyrir því í sumum tilvikum fékk vísindanefndi ekki alltaf umbeðnar upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun, gögn sem voru mikilvæg til að nefndin gæti unnið sýna vinnu á fullnægjandi hátt. Hér á eftir verður stuðst við rýniskýrsluna að mestu þegar svarað er grein sviðstjórans.

Viðmiðunarmörk

Í grein sviðsstjórans kemur fram að miðað er við að hlutfall eldislaxa fari ekki yfir 4% af fjölda göngulaxa og var það viðmið tekið í samráði við færa erlenda sérfræðinga á sviði erfðablöndunar. Í grein minni í Bændablaðinu 4. júní er bent á að 4% viðmið geti verið varasamt og að ekkert viðmið sé fyrir erfðablöndun. En hvað segir vísindanefndin um 4% viðmiðunarmörk?

- Lægri viðmiðunarmörk: Þau ættu e.t.v. að vera, jafnvel varfærnislegri, þar sem laxastofninn sem notaður er á Íslandi er af norskum uppruna og er þar með frábrugðinn, bæði vegna eldisáhrifanna og þróunarsögu.
- Sérstök viðmiðunarmörk fyrir litla laxastofna: Einnig ætti að íhuga að nota lægri viðmiðunarmörk fyrir minni stofna en stærri stofna. Ástæða þess er að fyrirliggjandi vísindaleg gögn benda til þess að litlir og dreifðir stofnar séu hlutfallslega viðkvæmari fyrir innblöndun en stærri og þéttari stofnar.

Komið verður betur inn á litlu laxastofnana í seinni greinum.

Vöktun með árvaka

Á Íslandi er mikil áhersla lögð á notkun árvaka sem er að mörgu leiti hið besta mál en aðferðafræðin hefur ákveðna annmarka eins og bent var á í grein minni um vöktun laxastofna í Bændablaðinu þann 30. júlí. Helsti gallinn er að staðsetja á flesta árvakana langt frá eldissvæðum og þannig litlar líkur á að vart verði við eldislax í þeim. En hvað segir vísindanefndin?

- Ófullnægjandi vöktun: Myndavélar (árvaki) gefa færi á að telja eldisfisk (en erfitt er að greina „snemmsloppinn“ fisk með þessari aðferð) og villtan fisk sem gengur í ár. Árvaki hefur aðeins verið komið á í sex ám til þessa en áform eru um að fjölga þeim í 12. Engin önnur reglubundin fullnægjandi slembisýnataka af fullvöxnum laxi fer fram í ám og telur vísindanefndin því þessu vöktunarsviði ábótavant.

Dæmi um fullnægjandi vöktun

Vísindanefndin gerir alvarlegar athugasemdir við vöktun á hlutfalli eldislaxi í veiðiám í áhættumati erfðablöndunar og bendir á tvær vöktunaraðferðir sem stuðst er við í Noregi sem hægt væri að hafa til fyrirmyndar:

- Vöktun yfir stangveiðitímabilið: Vísundanefndin telur sérstaka ástæðu til að að nefna slembisýnatöku úr afla/stofni úr meira en 200 ám í Noregi sem fyrirmynd, sem byggist á að lesa úr hreistursýnum sem valin eru af handahófi úr sumarafla stangveiðimanna, svo og sérstökum haustsýnatökum fyrir hrygningu, með stangveiði. Úr þessum slembiúrtökum, sem tekin eru úr ám, eru >30.000 hreistursýni greind árlega til þess að ákvarða hlutfall villtra laxa og eldislaxa.
- Vöktun með köfun að hausti: Að auki telur vísindanefndin ástæðu að nefna rekköfun (e. drift-diving) með sjónrænni greiningu strokufiska í yfir 200 ám í Noregi. Sú vöktun byggir á formfræðilegri greiningu flökkufiska af hálfu reyndra teyma sem vinna samkvæmt ákveðnum tæknistöðlum. Þessi aðferð er vænlegri til þess að greina strokulax en notkun árvaka, einkum snemmstrokufisk, því hún byggir ekki aðeins á formfræði, heldur einnig á þeim mun sem er á hegðun eldisfiska og villts lax í ám. Þessi aðferð hefur einnig verið rannsökuð og hátt nákvæmnistig hennar staðfest.

Kafa í veiðiár og telja eldislax eins og vísindanefndin bendir á hefur Hafrannsóknastofnun ekki viljað leggja til við stjórnvöld af einhverjum óljósum ástæðum. Í grein minni í Bændablaðinu 30. júlí er aðferðin nefnd haustvöktun sem í raun er öruggasta aðferðafræðin til að meta hlutfall eldislaxa í veiðiám sem mögulega geta hrygnt með villtum laxi.

Arfgreining á grunuðum eldislöxum

Sviðstjórinn bendir á ágæti arfgreiningar á grunuðum eldislöxum sem veiðast í ám á stangveiðitímabilinu. Í grein minni frá 30. júní í Bændablaðinu er bent á að taka sýni af grunuðum eldislöxum sem veiðist í stangveiði yfir sumarmánuðina geti ekki talist fullnægjandi aðferð við vöktun til að meta hlutfall eldislaxa. En hvað segir vísindanefndin?

- Ófullnægjandi sýnataka: Að fara fram á það við stangveiðimenn að þeir skili inn sýnum sem þá grunar að sé strokufiskur getur ekki talist slembisýnataka og því ekki talist aðferð til þess að framkalla hlutlaus gögn um tíðni strokufiska í ám, eins og nú er gert til að mynda í Noregi.

Erfðafræðileg vöktun

Í grein sviðstjórans kemur fram að með rafveiðum eigi að leita eftir eldisseiðum eða blendingum í um 20 veiðiám. Fram að þessu hafa ekki fundist seiði með eldisuppruna í íslenskum laxveiðiám fullyrðir sviðstjórinn. Í þessu samhengi má þó benda á skýrslur á vef Hafrannsóknastofnunnar frá árinu 2017 sem sýna það gagnstæða. Bent hefur verið á skort á vöktun og ef ekki er farið í veiðiár og tekin sýni, sérstaklega á eldissvæðum mælist að sjálfsögðu engin erfðablöndun. En hvað segir vísindanefndin?

- Ófullnægjandi sýnataka: Ef gengið er út frá því að erfðafræðilegar greiningar á Íslandi séu framkvæmdar með viðunandi hætti ætti þessi sýnataka úr 21 á að veita yfirsýn yfir innblöndun eldisfiska í þessar ár/þessa stofna. Tillaga nefndarinnar er að aukin áhersla verði lögð á sýnatöku úr unglaxi í fleiri ám, að lágmarki eitt dæmigert sýni á u.þ.b. tveggja til fjögurra ára fresti, eftir aldri seiða og kynslóðartíma í ánum sem um ræðir. Til samanburðar er til mat á innblöndun fyrir >200 ár/stofna í Noregi.

Hér á að staðfesta tjónið, erfðablöndun, sem er kostnaðarsöm aðferð, hugmyndafræðin röng þar sem áherslan á að vera að koma í veg fyrir tjón sem felst þá í því að vöktunin fari fram áður en möguleg innblöndun geti átt sér stað.

Vöktunin er ófullnægjandi

Í grein sviðstjórans er komist að eftirfarandi niðurstöðu „Með þessum aðferðum telur Hafrannsóknastofnun að gott mat fáist á fjölda strokulaxa sem ganga í laxveiðiár og telur ekki að frekari aðgerða, svo sem köfun í ám, sé þörf“. En hver er niðurstaða vísindanefndarinnar?

- Ófullnægjandi vöktun: Nefndin hefur bent á að þótt gripið hafi verið til nokkurra vöktunaraðgerða, svo sem vöktunar með myndavélum (árvaka), erfðarannsókna á grunuðum strokulaxi sem veiddur er af stangveiðimönnum og erfðasýnatöku í því skyni að áætla innblöndun strokufisks við villta stofna, virðast þessar aðgerðir takmarkaðar að umfangi og mætti bæta þær upp með viðameiri ráðstöfunum.

Athugasemdir vísindanefndarinnar á áhættumati erfðablöndunar eru í raun orðaðar á hógværan, kurteislegan og varfærislegan hátt. Í raun stenst áhættumat erfðablöndunar ekki skoðun og ekki minnst sá þáttur sem tekur á vöktun villtra laxastofna eins og farið hefur verið inn á í níu greinum mínum í Bændablaðinu síðustu mánuði. Á upplýsingaöld ætti að gera þá lágmarks kröfu að það liggi fyrir hvort og þá í hve miklu mæli erfðablöndun á sér stað.

Valdimar Ingi Gunnarsson
Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.

VELFERÐARSJÓÐUR BÍ AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

Allir félagsmenn ***Bændasamtaka Íslands*** teljast til sjóðsfélaga og geta sótt um:

 # Styrki til endurgreiðslu aukins rekstrarkostnaðar vegna veikinda þess sem að búrekstri stendur eða slyss
- *Útlagður launakostnaður, verktakagreiðslur, aðkeypt þjónusta eða sambærileg útgjöld.*

 # Styrkir til forvarnarverkefna
- *Verkefni tengd forvörnum og vinnuvernd, slysavarnir og önnur verkefni sem hafa það að markmiði að bæta velferð sjóðsfélaga.*

Nánari upplýsingar á **bondi.is** og umsóknareyðublað má nálgast á félagsmannasíðum á Bændatorginu.

Umsóknir skulu berast fyrir 15. október nk. með rekjanlegum bréfpósti (ábyrgðarbréf) merkt:

Velferðarsjóður BÍ
Bændasamtök Íslands
Bændahöllinni við Hagatorg 1
107 Reykjavík

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér úthlutunarreglur vel og vanda umsóknir.

LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA

Hvað er kolefnisbinding með skógrækt?

Hvað er eiginlega þetta kolefni? Kollegi minn fékk þessa spurningu einu sinni, hálfpartinn í gríni held ég. Og þó. Til að hafa sæmilegan skilning á frumefninu kolefni þarf maður helst að hafa setið háskólakúrsa í lífefnafræði, sem fæstir hafa gert. Vegna sérstakra eiginleika kolefnisatóma, umfram önnur frumefni, við að mynda tengingar við önnur atóm fær kolefni þá sérstöðu að heilu fræðigreinarnar fjalla eingöngu um það. Sumir segja að kolefni sé undirstaða lífs. Mér finnst réttara að segja að líf sé einn eiginleika kolefnis.

Líf er sú birtingarmynd kolefnis sem við höfum hvað mestan áhuga á, enda erum við lífverur. Þó er mun meira kolefni í efnasamböndum utan lífríkisins, t.d. í koltvísýringi (CO_2) og metani (CH_4) sem eru gastegundir, eða í kalksteini eða silfurbergi ($CaCO_3$) sem er grjót. Ekki er síður mikið kolefni í hafinu, t.d. í formi uppleysts CO_2, í skeljum dýra og í seti.

Þegar talað er um kolefnisforða er átt við að kolefni finnist í mismunandi formi, í mismiklu magni og á mismunandi stöðum. Koltvísýringur og metan mynda aðalkolefnisforða andrúmsloftsins. Kolefnisforðar á yfirborði jarðar eru einkum í lifandi og dauðum lífverum og í jarðvegi og vatni í margs konar efnasamböndum. Neðanjarðar eru stórir kolefnisforðar í kolum, olíu og jarðgasi sem er lífrænt kolefni úr fornum skógum eða seti. Stór hluti kalksteins í heiminum er einnig upprunninn í lífríkinu, úr skeljum í sjávarseti og fornum kóralrifjum.

Kolefni færist á milli þessara forða og er þá talað um kolefnishringrás. Ljóstillífun í laufblöðum plantna nýtir sér CO_2 úr andrúmsloftinu og vatn neðan úr jarðveginum sem hráefni og sólarljós sem orkugjafa til að búa til sykrusameindina glúkósa ($C_6H_{12}O_6$), sem er keðja kolefnisatóma með súrefnis- og vetnisatóm tengd við á ákveðinn hátt. Glúkósa nota síðan aðrar frumur plantnanna til að búa til aðrar kolefnissameindir, t.d. til að mynda stoðvefi (við), forðanæringu (fjölsykrur og fituefni), amínósýrur (sem mynda prótein), kjarnsýrur (erfðaefni) og fleiri lífrænar sameindir. Þar með er búið að færa kolefni úr forða andrúmsloftsins í forða lífríkisins. Þar heldur það svo áfram að flæða. Sumt endar í jarðvegi þegar smárætur vaxa þar um og drepast síðan. Sumt færist yfir í dýr þegar þau éta plönturnar og svo önnur dýr sem éta þau. Við orkumyndun lífvera, sem er í raun hægur bruni á lífrænum kolefnissamböndum, losnar kolefni aftur út í forða andrúmsloftsins sem CO_2. Það gerist einnig þegar líf endar og sveppir, bakteríur og aðrar rotverur taka til við niðurbrotsiðju sína.

Svipaðar tilfærslur er hægt að lýsa á milli annarra kolefnisforða en ég læt duga að nefna eina. Það er sú tilfærsla sem á sér stað þegar maðurinn færir gamalt og vel geymt kolefni úr neðanjarðar kola- og olíuforðum, brennur það sem orkugjafa og úr verður CO_2 sem bætist í forðann í andrúmsloftinu.

Allt eru þetta náttúrulegir ferlar. Á undanförnum 200 árum hefur athafnasemi mannsins hins vegar aukið hraða tilfærslna á kolefni á milli forða. Við það hafa sumir forðar minnkað en aðrir stækkað. Kola- og olíuforðinn í jarðlögum hefur verið fluttur upp í andrúmsloftið með milligöngu iðnaðar og farartækja. Stærsti forði kolefnis í lífi á landi, viður trjáa, hefur verið rýrður mjög verulega með skógareyðingu og það kolefni hefur sömuleiðis endað sem CO_2 í andrúmsloftinu að mestu. Við ósjálfbæra akuryrkju, ofbeit búfjár og jarðvegsrof rýrnar kolefnisforði jarðvegs og endar einnig uppi í loftinu að mestu. Sömuleiðis færist kolefni úr kalksteini upp í andrúmsloftið við sementsvinnslu. Vandamálið er að allt hefur þetta verið á einn veg, einstefna upp í loftið.

Uppsöfnun CO_2 í andrúmsloftinu hefur verið mæld árlega síðan 1958. Á þeim 62 árum hefur magn þess aukist um þriðjung. Ekki nóg með það heldur hefur hert á aukningunni jafnt og þétt. Þetta er nú farið að hafa aðrar mælanlegar afleiðingar, einkum á hita. Skýringuna á því má finna á veraldarvefnum og því sleppi ég henni hér, en niðurstaðan er sú að aukið magn CO_2 í andrúmsloftinu veldur hlýnun í neðri lögum þess. Afleiðingar þess eru bráðnun jökla, hækkandi sjávarborð og öfgakenndari breytileiki í veðri – þurrkar verða þurrari, stórrigningar verða stærri, stormar verða sterkari, hitabylgjur verða heitari og jafnvel kuldaköst kaldari. Ekki er síður alvarlegt að aukinn styrkur CO_2 í andrúmsloftinu þýðir að meira af því leysist upp í hafinu og veldur þar súrnun í gegnum ákveðin efnahvörf. Það er aftur

Þröstur Eysteinsson.

slæmt fyrir skeljamyndun svifdýra og kórala sem getur haft mjög neikvæð áhrif á allt lífríki sjávar. Það eru ekki síst slæmu fréttirnar fyrir okkur Íslendinga.

Til að stemma stigu við verstu afleiðingum aukningar CO_2 í andrúmsloftinu er nauðsynlegt að gera tvennt: draga úr losun og efla leiðir til að snúa einstefnunni við, þ.e. að draga CO_2 niður úr andrúmsloftinu. Nærtækasta og skilvirkasta leiðin til þess er með skógrækt, að vernda þá skóga sem fyrir eru, rækta nýja og að auka vöxt þeirra. Þannig er að langstærstur hluti þess kolefnis sem tekinn er úr andrúmsloftinu með ljóstillífun fer í að byggja stoðvefi trjáa, en kolefni er um 40% af massa trjáviðar. Í bolum stórra trjáa er því kolefnisforði sem getur verið bundinn þar í marga áratugi eða aldir. Eftir því hvernig sá viður er síðan nýttur getur kolefnið í honum verið bundið mjög lengi í viðbót, t.d. í byggingum.

Annar hluti kolefnisins endar í jarðveginum eins og fyrr sagði. Þar getur það verið bundið í aldir og árþúsundir svo fremi að ekki verði jarðvegsrof. Almennt gildir að gróður þar sem lífmassi eykst ár frá ári, eins og í vaxandi skógi, er einnig að skila kolefni til jarðvegarins og því meira eftir því sem vöxturinn er meiri.

Kolefnisbinding með skógrækt er tvímælalaust örugg og góð leið til að binda CO_2 úr andrúmsloftinu til langs tíma. Það hlutverk skóga fer líka vel saman við annan ágóða skógræktar svo sem jarðvegsvernd, útivist og timburframleiðslu. Nú er bara að bretta upp ermar og fara að gróðursetja.

Þröstur Eysteinsson
skógræktarstjóri

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Wendel

HILLTIP
VETRARBÚNAÐUR

Finnsk gæði sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík
551 5464 / wendel.is

LESENDABÁS

Uppbygging um allt land

Síðastliðinn vetur var viðburðaríkur svo ekki verði meira sagt. Óveður geisuðu, þau verstu í manna minnum sem ollu gríðarlegu eignatjóni, sérstaklega í raforku- og fjarskiptakerfinu. Ríkisstjórnin brást skjótt við og lýsti yfir að fjárhagslegt tjón yrði bætt. Síðan kom heimsfaraldurinn og enn er verið að bæta í fjárfestingar með opinberri fjárfestingu til að verja og skapa störf. Fjölbreyttar fjárfestingar sjást í samgöngum, byggingum, nýsköpun og til styrkingar á innviðum tengdum fárviðrinu.

Fjárfest er nú meira en nokkru sinni fyrr í samgöngum- og fjarskiptum og eru áætluð tæpir 58,3 ma.kr. á næsta ári og aukast um 10,5 ma.kr. frá gildandi fjárlögum eða um 22% að raunvirði. Sú aukning er að mestu leyti tilkomin vegna aukinna framlaga í gegnum fjárfestingar- og uppbyggingarátakið 2021–2023. Til að fá raunhæfan samanburð þarf að bera saman fjárlög heilla ára en hætt er við miklum skekkjum ef verið er

Sigurður Ingi Jóhannsson.

að bera saman ársfjórðungsuppgjör mismunandi fjárlagaára.

Allt komið í gang

Vegaframkvæmdir eru ekki hilluvara úti í búð. Þær eru misumfangsmiklar og þarf ýmis undirbúningur búinn að eiga sér stað áður en grafan mætir á staðinn. Með fjárfestingarátakinu var hægt að flýta mörgum mikilvægum framkvæmdum sem voru fullhönnuð. Dæmi um slík verkefni sem voru klár, er breikkun og aðskilnaður aksturstefna Bæjarháls – Vesturlandsvegur á Suðurlandsvegi og breikkun og aðskilnaður Langitangi – Hafravatnsvegur í Mosfellsbæ. Önnur stór fjárfestingaverkefni til viðbótar við aðrar fjárveitingar á samgönguáætlun er að milljarður var settur til viðbótar í tengivegi og annað eins í viðhald á vegum vítt og breitt um landið. Þessar framkvæmdir eru allar komnar í gang. Hafnarframkvæmdir og nýjar tvöfaldar brýr í stað einbreiðra; Köldukvíslargil á Norðausturvegi, Gilsá á Völlum, Botnsá í Tálknafirði, Bjarnadalsá í Önundarfirði, Núpsvötn, Skjálfandafljót og Stóra-Laxá á Skeiða og Hrunamannavegi. Hringtorg á Flúðum, við Landvegamót og á Eyrabakkavegi. Fyrir utan þær brýr sem voru á samgönguáætlun.

Stærri vegaframkvæmdir sem krefjast lengri undirbúnings og voru settar af stað í fjárfestingaátakinu voru Reykjanesbraut, Hvassahraun-Krísuvíkurafleggjari, Suðurlandsvegur og Fossvellir-Norðlingavað. Undirbúningur er fjármagnaður á þessu ári og á næsta ári verða þær sýnilegar þegar grafan kemur. Þá er ótalin ný flugstöð á Akureyri sem er í hönnun og flughlað ásamt, akbraut og flughlaði á Egilsstöðum. Allar boðaðar fjárfestingar í samgöngu- og fjarskiptamálum sem lagðar voru fram í samgönguáætlun og samþykktar síðastliðið vor hafa farið af stað eða eru í undirbúningi, vinnslu og mörgum þeirra er lokið.

Fjarskiptaöryggi í óveðrum

Af fjarskiptaverkefnum er það að frétta að verið er að leggja lokahönd á að styrkja fjarskiptastöðvar víða um land með auknu varaafli og færanlegum varaaflstöðvum er fjölgað. Óveðrið sem gekk yfir landið afhjúpaði marga veikleika í rafmagns- og fjarskiptakerfum landsins og boðaði ríkisstjórnin fjárfestingaátak sem er að klárast. Tilgangurinn er að tryggja fjarskiptaöryggi í óveðrum. Við ætlum að tryggja sem best að ef slíkt fárviðri geisar aftur sé til staðar varaafl og nægt rafmagn. Skipting framkvæmdar fer eftir stöðu varaaflastöðva sem kom í ljós að flestar sem viðgerðar þurftu við eru á Norðurlandi. Þar er búið að gera heilmiklar úrbætur sem og í öðrum landshlutum og verða verklok núna í október. Það er svo sannarlega verið að standa við stóru orðin. Framundan eru einhverjar mestu umbætur í samgöngum sem sést hafa. Um leið og við vinnum gegn samdrætti í hagkerfinu þá stórbætum við vegakerfið okkar og aukum umferðaröryggi sem hefur verið og er mitt hjartans mál.

Sigurður Ingi Jóhannsson,
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Hverfur Grænlandsjökull?

Fyrirsögn á grein í Morgunblaðinu 17. ágúst og orð í fleiri fjölmiðlum, í þá veru að rýrnun Grænlandsjökuls sé óafturkræf, benda til misskilnings. Túlka mætti ýmis þau orð undanfarið í þá veru að jökullinn sé á hraðleið til algjörrar eyðingar, jafnvel þótt tækist að snúa við hlýnun jarðar af mannavöldum. Vissulega getur jökullinn horfið en þá yrði meðalhiti jarðar að hafa hækkað um mörg stig í afar langan tíma.

Elsti ís jökulsins, sem náðst hefur með borunum, er milli 200 og 300 þúsund ára. Svo hár aldur sannar að jökullinn hefur legið á Grænlandi bæði á jökulskeiði og hlýskeiði ísaldarinnar. Á svo löngu tímabili hefur hressilega kólnað og hlýnað á víxl, en þá af náttúrunnar völdum.

Í greininni sem vitnað er til (eftir Ian Howat og fleiri við Ríkisháskóla Ohio) skrifa vísindamennirnir þetta í lok útdráttar síns:

„Við sýnum fram á að víðáttumikil hörfun skriðjökla á árunum 2000 til 2005 olli snöggri viðbótareyðingu og umskiptum til nýrrar, hvikular stöðu hvað massatap varðar sem héldi áfram jafnvel þótt yfirborðsbráðun minnkaði.“

Með þessu er átt við að ísmassi Grænlandsjökuls getur rýrnað áfram þrátt fyrir viðbót vegna aukinnar ákomu/minni bráðnunar í kólnandi veðurfari, fari svo að núverandi þróun snúist við. Það eru alvarlegar rannsóknarniðurstöður, m.a. vegna hækkunar sjávarborðs. Haldi rýrnun jökulsins áfram með svipuðum hraða og nú, má gera ráð fyrir 50-100 cm hækkun sjávarborðs frá rýrnandi jöklum víða um heim á öldinni. Allur Grænlandsjökull myndi skila 6-7 metrum! Hvergi er þó fullyrt í grein vísindamannanna að heildar massatapið héldi áfram þar til jökullinn hyrfi. Grænlandsjökull er seigur, sýnir jarðsagan, gæti leitað jafnvægis á ný og jafnvel stækkað aftur. Vonandi gerist það sem fyrst.

Vandinn vegna hraðari loftslagsbreytinga en mæligögn hundruð þúsunda ára afhjúpa er mikill. Hann vex hratt á meðan ríki heims hika, það skortir á stamstöðu


Ari Trausti Guðmundsson.

þeirra og mótvægisaðgerðir eru of linar, einkum ríkjanna sem mest áhrif hafa á loftslagsbreytingarnar. Matvælaframleiðslu jarðarbúa á landi er hollast að meðalhitinn breytist sem minnst og sem hægast, svo ekki sé minnst á þörfina fyrir miklar viðgerðir á skögðuðum jarðvegi, endurheimt vistkerfa og uppgræðslu auðna. Auk þess varða súrefnisframleiðsla gróðurs, og kolefnisbinding, okkur afar miklu – eins og allir vita.

Ari Trausti Guðmundsson
Höfundur er jarðvísindamaður og þingmaður VG

Úr Scoresby-sundi, stærsta firði heims. Mynd / Ari Trausti Guðmundsson

Bændur/ábúendur lögbýla

Nú eða aldrei!

Framleiðnisjóður landbúnaðarins kallar eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði nýsköpunar og þróunar á lögbýlum (B-flokkur)

Í meira en hálfa öld hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins stutt ötullega við nýsköpun og þróun í íslenskum landbúnaði. Sjóðurinn hefur sinnt fjölbreyttum verkefnum og hefur starf sjóðsins jafnframt markast af þeirri sýn að landbúnaður hafi mikilvægu hlutverki að gegna í byggðalegu samhengi. Matvælaframleiðsla er vissulega meginmarkmið greinarinnar, en slík framleiðsla á sér ekki stað í einangrun frá öðrum atvinnugreinum dreifbýlisins. Tækifæri framtíðarinnar liggja m.a. í nýjum leiðum til hlunninda- og landnýtingar, landverndar, sem og í mótun þjónustu af ýmsum toga.

Stjórnvöld hafa nú ákveðið að Framleiðnisjóður verði lagður niður í lok ársins 2020. Stjórnendur Framleiðnisjóðs hafa ákveðið að síðasta úthlutun sjóðsins beinist fyrst og fremst að grasrótarstarfi bænda og þeirra viðleitni til eflingar atvinnu í sveitum. Hér er því kallað eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði nýsköpunar og þróunar á lögbýlum.

Forgangs njóta þau verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni, sem líkleg eru til að leiða af sér umtalsverða atvinnusköpun og þar sem stuðningur sjóðsins hefur afgerandi þýðingu. Umsækjendur eru jafnframt beðnir að kynna sér sérstaklega frekari upplýsingar um takmarkanir er gilda um verkefni á ákveðnum sviðum, styrkhæfan kostnað, framkvæmdatíma verkefna, o.fl. á heimasíðu sjóðsins, **www.fl.is**.

Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem er að finna á heimasíðu sjóðsins, **www.fl.is**, undir flipanum EYÐUBLÖÐ, B-form, umsókn og greinargerð.

Mikilvægt er að vanda til gerðar umsókna og gera grein fyrir öllum efnisatriðum sem farið er fram á í umsóknarforminu. Sjóðurinn leggur ríka áherslu á að vanda skuli til gerðar allra fylgigagna umsóknar.

Umsóknarfrestur er til 30. október 2020.

Umsóknum skal skilað á rafrænu formi á netfangið ***fl@fl.is*** og með hefðbundnum pósti til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins í síma 430-4300 eða um netfangið *sigridur@fl.is*.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300

LESENDABÁS

Gömul og góð búnaðarþingsmál

Ég sat mitt fyrsta búnaðarþing 2001 og sat síðasta búnaðarþing mitt árið 2015. Aðalfund heildarsamtaka bænda á Íslandi. Mál búnaðarþings þess tíma voru send úr héruðum og endurspegluðu vel bæði staðbundnar áherslur bænda og margháttuð verkefni, á landsvísu, sem þurfti að vekja athygli á til að bæta aðstöðu dreifðra byggða.

Einhver lífseigustu mál búnaðarþings, reyndar löngu fyrr, voru fjarskiptamál og raforkumál. Um fjarskiptamálin ætla ég ekki að fjölyrða hér frekar, alþekkt er hvernig hefur tekist að bæta fjarskipti í dreifðum byggðum síðustu fimm ár. Árið 2021 er lokaframlag til Ísland ljóstengt. Verkefni sem hefur gjörbylt fjarskiptum í sveitum. Við höfum stokkið frá frumstæðum tengingum yfir í ljósleiðaratækni nútímans. Það væri útaf fyrir sig áhugavert að ræða í hvaða stöðu dreifðar byggðir væru í dag, ef ekki hefði tekist jafnvel til. Að ekki sé talað um það risastökk í þróun á notkun fjarskipta sem fylgt hafa þeim faraldri sem öll samfélög glíma nú við.

Þó er rétt að vekja athygli á þeirri tímamótabreytingu núna að ráðist verður í lagningu á nýjum gagnastreng, sem bætir enn öryggi tenginga við útlönd.

Raforkumál voru málefni sem búnaðarþing glímdi við – þau voru einkum af tvennum toga. Aðgengi að jarðstrengjum/tengingum sem gátu gefið 3ja fasa rafmagn og verðlagning á flutningi á raforku í dreifðum byggðum.

Að báðum þessum málum hefur verið unnið af miklu krafti í ráðherratíð Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur. Báðum þessum málum hefur nú verið komið í farsæla höfn. Í nýrri fjármálaáætlun til næstu fimm ár, og fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur, fyrir árið 2021, eru lagðir til fjármunir frá og með næsta ári til að jafna gjaldskrá á flutningi rafmagns og fjármagn til jarðstrengjavæðingar.

Haraldur Benediktsson.

Þriggja fasa rafmagn

Við Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir alþingismaður lögðum fram mótaðar tillögur um átak í þrífösun. Með skil á tillögum eftir nefndarstarf til Þórdísar Kolbrúnar R Gylfadóttur. Þær tillögur miða við að allt 99% þeirra sem eru í brýnni þörf aðgang að þriggja fasa rafmagni árið 2024, en ekki 2036 eins og núverandi áætlun var um. Þeim tillögum okkar er nú fylgt eftir með því að verja á næstu árum 500 milljónum til verksins. Framkvæmdin mun ekki sjálfkrafa leiða til hækkunar á gjaldskrá flutnings raforku, eins og regluverkið kveður á um. Ef flýting framkvæmda hefði verið án sérstaks framlags. Þessi ráðstöfun er gífurlegt framfaraskref til að bæta búsetuskilyrði og aðgengi á nútíma raforkutengingum.

Jöfnun á verði flutnings raforku milli sveita og þéttbýlis

Í fjárlagafrumvarpinu eru einnig lagðar til 730 milljónir til jöfnunar á gjaldskrám á flutningi raforku í dreifbýli. Með þeim fjármunum næst verulegur áfangi, eða um 85% af því bili sem í dag er á milli hæstu gjaldskrár þéttbýlis og dreifbýlisgjaldskrár. Núverandi jöfnunarfjármunir tryggja 50%. Ég mun leggja áherslu á í umræðum og meðferð Alþingis á fjárlagafrumvarpinu verði tryggðir fjármunir til að tryggja 100% – eða fulla jöfnun. Það er réttlætismál sem ég vona að þingheimur geti sameinast um. Því allt frá kerfisbreytingum sem skildu að orkuflutning og orkusölu, hefur þetta óréttlæti verið óþolandi.

Þessum ráðstöfunum verður að fylgja að heimildir til hækkunar á dreifikostnaði dreifiveitna, samkvæmt samþykktum tekjumörkum, verði ekki beitt til að viðhalda þessum mun á gjaldskrám. Þetta þýðir á mannamáli að dreifiveitur hafa þegar í hendi hækkunarheimildir á dreifingarkostnaði, sem þær hafa ekki velt út í verðlagningu dreifingar Auknir fjármunir til jöfnunar hafa því þann freistnivanda að þeir nái ekki markmiðum sínum, vegna regluverks sem hefur þegar viðurkennt að meiri kostnaður en er innheimtur af íbúum dreifbýlis í dag. Það má ekki gerast.

Máttur heildarsamtaka bænda

Við getum þakkað skelegga baráttu heildarsamtaka bænda fyrir að við erum nú að koma í höfn þessum þremur baráttumálum. Ég skal játa að það er mér ljúft að fylgja þessum málum í höfn á Alþingi og hafa átt drjúgan þátt í að koma þessum baráttumálum bænda áfram.

Haraldur Benediktsson
1 þm. Norðvesturkjördæmis.

Helgarnám í húsasmíði og húsgagnasmíði við FNV

Forsendur:
Námið hefst á vorönn 2021. Um er að ræða fjögurra anna nám. Nemandi skal vera 23ja ára að aldri og hafa unnið í byggingavinnu. Nemendur sem hafa undirgengist raunfærnimat fá viðkomandi áfanga metna. *Skráningargjald er kr. 50.000 á önn.*

Kennslufyrirkomulag:
Kennt er um fimm helgar á önn nema á lokaönn þegar helgarnar eru sex talsins.
Kennsla hefst kl.15.00 á föstudögum og er kennt til kl. 22.00 með hálftíma matarhléi um kl.19.00. Á laugardögum hefst kennsla kl 08:00 og er kennt til kl. 18.00.
Á sunnudögum hefst kennsla kl. 08:00 og lýkur kl 17:00.
Klukkustundar hádegishlé er um kl. 12.00 báða dagana.

Námsfyrirkomulag:
Bæði verklegar og fagbóklegar námsgreinar eru kenndar í staðlotum.
Aðrar almennar greinar s.s, íslensku, tungumál og stærðfræði þurfa nemendur að taka í hefðbundnu dagskólanámi, í fjarnámi eða hjá símenntunarstöðvum.
Í verklegum greinum er skilyrði að nemendur mæti 100%.

Sótt er um með tölvupósti til *fnv@fnv.is* og í síma *455-8000.*
Í umsókn komi fram upplýsingar um nafn, kennitölu, símanúmer og netfang umsækjanda. Tekið skal fram í umsókn hvort sótt er um nám í húsasmíði eða húsgagnasmíði. *Umsóknarfrestur er til 24. október 2020.*

Atli Már Óskarsson veitir nánari upplýsingar um húsasmíði í síma 860-2083 og Karítas S. Björnsdóttir um húsgagnasmíði í síma 865-0619.

FJÖLBRAUTASKÓLI NORÐURLANDS VESTRA Á SAUÐÁRKRÓKI

Hagkvæm dekk fyrir alvöru kröfur

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.

Gerðu kröfur — hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

RAFSTÖÐVAR



MARGAR GERÐIR TIL Á LAGER

- **Þekking - Reynsla - Færni**.
- Meðal þeirra sem hafa varaaflsstövar frá okkur eru; Neyðarlínan, flugvellir, sjúkrahús, rafveitur, vatnsveitur, hitaveitur, flugfélög, bankar, Tollstjóri, Alþingi, hótel, veitingahús, mörg stærri fjölbýlishús með lyftum. Margskonar fyrirtæki í matvælaframleiðslu, heildsölu og iðnaði sem þola illa rafmagnsleysi.

PG WILSON | mase GENERATORS | MERKÚR

Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegi 6 | 113 Reykjavík | S. 534 6050 | merkur@merkur.is | www.merkur.is

Á FAGLEGUM NÓTUM

Rannsókn Háskóla Íslands og Háskólaseturs Vestfjarða:

Gildi kríuvarpa fyrir æðarbændur og æðardúnsrækt

Æðarrækt hefur verið stunduð skipulega á Íslandi a.m.k. frá 19. öld og er hið einstaka samband manns og æðar, þar sem annar lætur í té vernd en hinn dún, Íslendingum vel kunn. En hvaða áhrif hefur æðarrækt á aðrar fugla- og dýrategundir? Eru fleiri sem njóta góðs af þessu sérstaka sambýli?



Það er eins gott að hafa mjúkt höfuðfat þegar gengið er inn í kríuvarp.

Myndir / Freydís Vigfúsdóttir

Til að svara þessari spurningu fyrir hönd kríunnar hóf Eliza-Jane Morin, rannsókn á áhrifum athafna og viðhorfa æðarbænda á varpárangur kría, árið 2019. Rannsóknina gerði Eliza sem hluta af meistararitgerð sinni í haf- og strandsvæðastjórnun hjá Háskólasetri Vestfjarða, undir enska heitinu Farming for Conservation: How Eiderdown Farmers' Practices and Perspectives Impact Breeding Arctic Terns in Iceland, sem hún og varði í maí 2020. Leiðbeinendur Elizu voru þær Freydís Vigfúsdóttir, Háskóla Íslands og Catherine Chambers, Háskólasetri Vestfjarða.

Í beinu framhaldi fengu svo Háskóli Íslands og Háskólasetur Vestfjarða styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að halda áfram rannsóknum á tengslum kría og æðarvarpa undir heitinu Gildi kríuvarpa fyrir æðabændur og æðardúnsrækt. Til verksins fengu leiðbeinendurnir Freydís og Catherine meistaranemanna, Sigurlaugu Sigurðardóttur og Hjörleif Finnsson til liðs við sig.

Líffræðilegar mælingar og viðtöl við æðarbændur

Sigurlaug tók upp líffræðirannsóknir Elizu og mældi ýmsa varptengda þætti t.d. rúmmál eggja og mat líkamsástand fullorðinna kría innan og utan varðra æðarvarpa, til að leiða í ljós hvort munur væri á varpárangri og líkamsástandi kría eftir varpstöðum. Hjörleifur tók viðtöl við valda æðarbændur til að dýpka skilning á ýmsum félaglegum þáttum tengdum æðarvörpum og vörnum þeirra sem Eliza hafði hafið rannsókn á með spurningakönnun sinni. Allar þessa rannsóknir voru gerðar með hjálp og í samstarfi við æðarbændur og Æðarræktarfélag Íslands, en án þeirra hefði lítið orðið úr rannsóknum.

Sigurlaug og Elíza við kríumælingar á Seltjarnarnesi.

Sigurlaug og Viktor mæla kríur við Gróttu.

Kríuungi veginn og mældur.

Höfuð og gogglengd mæld á fullvaxta kríu.

Niðurstöður, væntar og óvæntar

Eflaust þykir mörgum reynslumiklum æðarbændum margar niðurstöður vísindamannanna fyrirsjáanlegar, en engu að síður er mikilvægt að koma sjálfsagðri þekkingu á vísindalegt form. Hins vegar, þegar spurninga er skipulega spurt, koma oftast einhverjir óvæntir hlutir í ljós. Hér á eftir fylgir örstutt og einfölduð umfjöllun um helstu niðurstöður rannsóknanna.

Hvers vegna æðarrækt?

Að meðaltali eru flestir æðarræktendur komnir af léttasta skeiði og hafa flestir stundað æðarrækt í meira en 20 ár. Samkvæmt rannsóknunum virðast ástæður fólks fyrir að stunda æðarrækt ekki vera fyrst og fremst efnahagslegar. Hlutfall heilsársbúsetu (minna en helmingur) og þeirra sem svara að tekjur af æðarrækt skipti litlu eða engu máli bendir til áhugamennsku frekar en atvinnumennsku þeirra. Aðrir þættir á borð við átthagatengsl, fjölskyldutengsl og tengsl við náttúruna virðast ráða miklu um það að fólk fari út í æðarrækt.

Varnir æðarvarpa

Varnir æðarvarpa eru í raun grunnforsenda æðarræktar en varnirnar eru kjarninn í samvist manns og æðar. Sögulega er ljóst að stór og þétt æðarvörp á landi verða fyrst til með skipulegum vörnum. Þungamiðjan í vörnum æðarvarpa er vöktunin, sem er í dag óaðskiljanleg skotveiðum og/eða fælingu með skotvopnum. Langmesti tíminn (og þar með óbeint fjármagnið) fer í vöktunina, sem beinist í vörpum á landi að miklu leyti að refnum. Það er ljóst að hin mikla vöktun (allt að 3 á vakt allar nætur) væri æðarbændum afar dýr, ef hún væri ekki að stórum hluta rekin með sjálfboðaliðum. Glíman við refinn virðist draga að sér áhugamenn um þær veiðar, svo aldrei er skortur af sjálfboðaliðum, ef vöktunin er eigendum sjálfum ofviða. Engu að síður er það mögulega mikilvægt fyrir æðarrækt í landinu að þróa aðrar aðferðir en vöktun með skotveiðum, þó ekki væri til annars en að auka arðsemi greinarinnar. Notkun myndavéla og hreyfiskynjara, betri refagirðingar og aðferðafræði óðalshelgunar með lykt, hundum og fælingu gefa vísbendingar um hvar væri mögulegt að þróa frekari varnir og áhugavert væri að rannsaka frekar.

Sigurlaug mælir vænglengd á fullvaxta kríu.

Eliza við kríumælingar á Reykjanesi.

Krían nýtur góðs af vörnum

Það að afræningjum sé haldið skipulega frá varplandi dregur að sér kríur. Mælingar á upphafi varptíma, rúmmáli eggja, hreiðurstærð og líkamsstuðli kría sýna að afkoma

Kríur taka þátt í vörnum æðarvarps með árásum sínum á afræningja, þótt flestir séu sammála um það að hún hreki ekki burt mink eða ref.

Mælitæki vísindamanna við kríuhreiður.

þeirra og varpárangur er betri innan varins æðarvarps en á óvörðum svæðum. Enn fremur eru vísbendingar þess eðlis að stór þétt kríuvörp hafi fyrst orðið til í kjölfar æðarræktar á vörðum svæðum hennar. Hið eina neikvæða fyrir kríur í gegnum tíðina hefur verið að þar hefur oft verið stunduð tínsla á kríueggjum, og stundum í svo miklu magni að sumir viðmælenda okkar hafi talið eftir á að sú tínsla hafi valdið hruni í fjölda kría í vörpum sínum. Þessi hefð virðist þó að miklu leyti vera að leggjast af.

„Hugaður hetjufugl“

Það kemur ekki sérstaklega á óvart að æðarbændur hafa mjög jákvæða afstöðu til kría í varpi sínu, og vilja langflestir fá fleiri kríur til sín. Enda er það svo að kríur taka þátt í vörnum æðarvarps með árásum sínum á afræningja, þótt flestir séu sammála um það að hún hreki ekki burt mink eða ref. Æðarbændur eru þó almennt sammála um að krían sé viðvörunarbjallan þeirra. Þeir geta séð af hegðun hennar hvaða afræningi er mættur og í tilfelli refs og minks nákvæma staðsetningu hans. Þyrillinn, eða trektin, sem kríuger myndar yfir mink og ref, vísar svo nákvæmlega á þá að æðarbóndi sagði að hann gæti skotið blindandi á ref með því að miða neðst í trektina. Einn galla hefur þó krían sem aðstoð við varnir, og það er að hún mætir helst til seint. Æðarvarp er iðulega hafið í kringum 10. maí en sjaldgæft er að krían sé orpin fyrr en í lok maí eða byrjun júní.

Tengsl æðarbænda við náttúruna

Fáir eyða jafn miklum tíma út í náttúrunni og æðarbændur á vorin við vöktun varpa sinna, sem óneitanlega leiðir til tengslamyndunar við æðarfuglinn, afræningjana og náttúruna almennt. Tengsl æðarbænda eru hins vegar flóknari en svo að segja megi að viðhorf þeirra til hennar mótist af einhverjum einum þætti. Sem dæmi væri það ekki órökrétt tilgáta að ætla æðarbændum að vera í nöp við varga í réttu hlutfalli við skaðsemi þeirra fyrir æðarvarpið. Niðurstöður rannsóknanna styðja það hins vegar ekki. Þvert á móti, benda þær til þess að æðarbændur hafi frekar jákvæð viðhorf til refs og hrafns þrátt fyrir gríðarlega fyrirhöfn þeirra að verja vörp fyrir þeim fyrrnefnda. Hrafni og ref fylgdu (í viðtölunum) oftar en ekki lýsingarorðin, „skemmtilegur, klókur, stórkostlegur“ ólíkt máfi og mink sem fylgdu lýsingarorðin „leiðinlegur“ og „grimmur“. Þessi tengsl þurfa þó frekari rannsókna við.

Lokaorð

Meginniðurstaða rannsóknanna er að kríum vegni betur innan varinna æðarvarpa og þar með að æðarækt sé mikilvægur þáttur í verndun hennar á Íslandi. Krían hefur átt undir högg að sækja á síðustu og verstu árum hamfarahlýnunar með sveiflum á fæðustofnum hennar eins og sandsíli. Ef æðarrækt hnignar, t.a.m vegna ástands markaða, og vörðum æðarvörpum fækkar má búast við verri afkomu kríu í kjölfarið. Því er æðarrækt ekki aðeins mikilvæg fyrir afkomu æðarfugla, heldur einnig kríu, og mögulega fjölda annarra fuglategunda, en það á enn eftir að rannsaka.

Höfundar:
Dr. Catherine Chambers,
Eliza Jane-Morin,
Dr Freydís Vigfúsdóttir,
Hjörleifur Finnsson,
Sigurlaug Sigurðardóttir.

Höfundar vilja þakka öllum sem tóku þátt í rannsókninni, þeim sem lögðu henni lið, Guðrúnu Gauksdóttur og Æðarræktarfélagi Íslands fyrir samvinnuna.

Hnífatætarar

230 cm (70hp+) cat2 Kr. 525.000 + vsk
200 cm (50hp+) cat2 Kr. 495.000 + vsk
180 cm (40hp+) cat1 Kr. 305.000 + vsk
150 cm (30hp+) cat1 Kr. 285.000 + vsk

Kurlari sem tekur allt að 25 cm sver tré

25 cm (90hp+) traktor	RPM 1000	Kr. 995.000 + vsk
17,8 cm (50hp+) traktor	RPM 540	Kr. 745.000 + vsk
10 cm (20hp+) traktor	RPM 540	Kr. 425.000 + vsk

Allir kurlarar eru með vökvastýrðri innmötun. (Aflþörf).

Verð gildir í október 2020.

Steypuhrærivél

Vökvadrifin skófla Kr. 475.000 + vsk

Við sendum í einum grænum

Harðskafi

www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - Sími 896 5486

Mikið úrval varahluta í Ifor Williams
og allar aðrar gerðir af kerrum,
ásamt úrvals viðgerðarþjónustu

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM

Silkivöndur er einær tegund og þarf að fjölga plöntunum með sáningu.

Silkivöndur er réttnefni á fallegu blómi

Silkivöndur (Eustoma, þekkist líka undir nafninu Lisianthus) er eitt af þessum fínlegu, afar fallegu afskornu blómum sem framleidd eru í gróðurhúsum hér á landi. Þessi blóm er hægt að fá í mörgum litum, hvítum, bleikum, bláum og gulleitum. Tvílit yrki eru líka til. Það sem einkennir útlitið er fínleikinn, silkivöndur er því nafn sem lýsir tegundinni vel.

Aðeins tvær tegundir þessarar ættkvíslar er að finna í náttúrunni.

Aðeins tvær tegundir þessarar ættkvíslar er að finna í náttúrunni. Heimkynni þeirra er í Vesturheimi. Sú tegund sem notuð er til afskurðar er Eustoma grandiflorum sem vex villt í Mexíkó og suðurhluta N-Ameríku þar sem þær þrífast í heitu umhverfi í rýrum þurrum jarðvegi. Slík skilyrði gera þær kröfur til plantnanna að þær geti brugðist við miklum þurrkum með dvalatíma en um leið þurfa þær að geta vaxið hratt upp þegar skilyrði bjóðast. Ættkvísl silkivandar telst til Maríuvandarættarinnar en nokkrar þeirra vaxa villtar á Íslandi.

Framleiðslan gerir kröfur til ræktandans

Silkivöndur er einær tegund og þarf að fjölga plöntunum með sáningu. Fræið er mjög smátt, allt að 15.000 fræ eru í einu grammi. Spírunin þarf að eiga sér stað við hátt hitastig og mikinn raka, en þá skapast um leið skilyrði fyrir sveppavöxt sem getur herjað á ungplönturnar. Að lokinni spírun er hitinn lækkaður og plönturnar færðar á uppeldisstað þar til þær eru gróðursettar í beð eða ræktunarílát. Þá tekur við vaxtarstjórnun sem getur verið erfið því plönturnar geta stöðvað vöxtinn og farið í dvalaástand ef þær verða fyrir áföllum eins og óhagstæðri daglengd, hita eða þurrki. Eins og við er að búast þarf að rækta silkivönd undir vaxtarlýsingu á veturna hér á landi en það er í sjálfu sér mögulegt að bjóða íslenskan silkivönd allt árið ef alúð er lögð við ræktunina.

Blómvendir með silkivendi eru þokkafullir og fínlegir

Þegar greinarnar vaxa kvíslast þær og á endum þeirra myndast mörg blómbrum sem eru sérkennilega uppsnúin í fyrstu en opnast hvert af öðru og sýna þá sinn rétta lit. Til að blómin endist sem lengst eru greinarnar skornar í gróðurhúsinu þegar fyrsta blómið er í þann mund að opnast og næstu blómbrum eru farin að taka lit. Þá eru greinarnar settar í vatn og komið í sölu. Greinarnar eru ýmist notaðar nokkrar saman í vasa eða í blöndu annarra tegunda. Þegar heim er komið er skorið lítið eitt neðan af hverri grein og vönduriinn settur í vasa með hreinu vatni og endingarefnum. Þegar blóm sölnar er það fjarlægt og á þann hátt ætti silkivöndurinn að standa í 2-3 vikur í heimahúsi. Líkt og gildir með önnur afskorin blóm er æskilegt að koma vasa með silkivendi fyrir þar sem er fremur svalt og fjarri beinu sólarljósi ef hægt er.

Ingólfur Guðnason
Námsbrautarstjóri garðyrkjuframleiðslu Garðyrkjuskóla LbhÍ Reykjum, Ölfusi.

Þegar greinarnar vaxa kvíslast þær og á endum þeirra myndast mörg blómbrum sem eru sérkennilega uppsnúin í fyrstu en opnast hvert af öðru og sýna þá sinn rétta lit.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Hans Christian og Arne Grønn segjast hafa leyst öll vandamál sem tengjast framleiðslunni og nú stendur til að byggja upp stóra verksmiðju með aðkoma fagfjárfesta og verður verksmiðjan byggð upp á grunni þess útbúnaðar sem þeir feðgar hafa þróað. Myndir / Ramus Lang-Ree

Búa til melassa úr spæni

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Það er líklega öllum ljóst að í Noregi er til mikið af skógi og sögunarverksmiðjur eru mjög víða. Úrgangurinn frá verksmiðjunum hefur hingað til verið nýttur til brennslu eða sem undirburður fyrir skepnur en þetta gæti nú verið að breytast. Norsku feðgarnir Arne og Hans Christian Grønn hafa nefnilega fundið upp aðferð sem gerir það hagkvæmt að framleiða melassa úr þessum úrgangi og þessa dagana er verið að reisa stóra verksmiðju í Noregi sem byggir á uppfinningu feðganna.

Þessi framleiðsla á melassa er talin geta staðið undir framleiðslu sem er ódýrari en innfluttur melassi kostar í Noregi og ætti þar með að gera innflutninginn óþarfan!

Hvað er melassi?

Melassi er dökkt, þykkt en ekki mjög sætt síróp og er aukaafurð sem verður til þegar verið er að framleiða sykur úr sykurrófum eða sykurreyr. Melassi er töluvert mikið notaður í fóður fyrir búfé enda með um 60% sykurinnihald og þykir hagstætt fóður. Þó svo að algengast sé að melassi sé framleiddur úr framangreindum sykurplöntum þá má þó framleiða hann úr öðrum plöntum enda er grunnhráefnið byggingarefni plantna sem m.a. veitir plöntufrumum styrk og því er gnótt af slíkum fjölsykrum í trjám og trénisríkum plöntum.

Innflutningur á hrávörum

Líkt og á Íslandi búa norskir bændur við það að mikið af því próteini sem gefið er þarlendu búfé í formi kjarnfóðurs er flutt inn til landsins. Undanfarið hefur verið töluverð athygli á þessum þætti fóðrunar enda er aðalpróteingjafinn gjarnan sojaprótein sem oft er framleitt við misgóðar aðstæður og oft á svæðum þar sem vafi leikur á um að farið sé að reglum um góða umhverfisvernd. Norskir bændur og neytendur hafa því lagt aukna áherslu á að byggja framleiðslu landsins á umhverfisvænum hráefnum. Vegna mikillar áherslu á próteinið í Noregi hefur annað mikilvægt hráefni vart verið nefnt í umræðunni og það er orkugjafinn sjálfur í kjarnfóðrinu.

Í Noregi kemur aðalorkan í fóðrinu frá korni en einnig rófum og svo melassa. Bæði korn og rófur eru framleiddar, amk. að hluta til, í Noregi en hingað til hefur melassinn verið fluttur inn til landsins og það ekki litlu magni, um 60-70.000 tonn á ári! Fáir hafa velt þessum innflutningi fyrir sér og það er líklega vegna þess að sykur er framleiddur víða í Evrópu og við góð skilyrði þar sem umhverfisvernd er í hávegum höfð. Melassinn fellur því til við framleiðslu sem stenst skoðun. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að hingað til hefur Norskur landbúnaður þurft á því að halda að nota innfluttan melassa sem vissulega er síðra en ef hægt væri að nota heimaaflað hráefni og það er einmitt það sem fyrirtækið Glommen Technology í bænum Elverum í Noregi ætlar sér að gera.

Hans Christian Grønn segir að sérstök aðferð, byggð á síutækni, geri það að verkum að það er hagkvæmt að framleiða melassa úr trjákurli í Noregi.



Melassi til vinstri, þá kjarnfóðurkögglar í miðjunni og til hægri brennslukögglar.

Tók mörg ár

Það eru feðgarnir Arne og Hans Christian sem eiga Glommen Technology í gegnum annað fyrirtæki sem þeir eiga og er sögunarverk-

smiðjan Glommen Mjøsen. Þar á bæ fellur auðvitað mikið til af allskonar úrgangi frá vinnslunni og feðgarnir hafa alltaf horft á þennan úrgang sem vannýtta auðlind en hinsvegar átt erfitt með að finna almennileg not fyrir hann. Fyrir nærri 30 árum fóru þeir að gera fyrstu tilraunir sem gengu út á það að reyna að ná plöntusykrinum út úr saginu með einhverjum hætti en það var þó ekki fyrr en með sérstöku verkefni sem hófst árið 2012 að almennilega gekk að vinna að tæknilegum lausnum. Það tók þó nokkur ár í viðbót að þróa aðferð sem gekk upp og gat dregið sykrurnar úr trjákurlinu en það tókst og nú hafa feðgarnir fengið einkaleyfi fyrir hugmynd sinni en afurðina kalla þeir „Skógarmelassa“.

Nota engin aukaefni

Sag inniheldur 40-45% af cellulósa og 25-30% af hemícellulósa auk annarra efna en vegna hins mikla magns af hemícellulósa er hráefnið afar áhugavert fyrir frekari vinnslu. Tæknin sem þeir feðgar nota byggir ekki á neinum viðbótarefnum heldur einfaldlega er hráefnið látið fara í gegnum mismunandi ferla, m.a. með atnsrofi og síðar eimun. Út úr þeirri vinnslu verður til einskonar leðja sem svo er síuð með sérstökum aðferðum sem hafa verið þróaðar fyrir olíuvinnslu. Lokaafurðin er svo kögglaður skógarmelassi með u.þ.b. 60 sykurinnihald! Það sem er síað frá í vinnslunni og nýtist ekki sem skógarmelassi fer einnig til kögglunar og henta þeir vel til brennslu t.d. húshitunar. Eini úrgangur framleiðslunnar er í raun hreint vatn!

Byggja verskmiðju fyrir 1,5 milljarða

Nú hefur þeim feðgum tekist að fá fagfjárfesta að verkefninu og er verið að byggja upp stóra verksmiðju, fyrir um 1,5 milljarða íslenskra króna, sem mun framleiða skógarmelassa fyrir norska markaðinn í framtíðinni og það á samkeppnishæfu verði að sögn feðganna. Framleiðslugeta verksmiðjunnar verður í fyrstu 100 þúsund rúmmetrar af sagi en úr því magni má vinna um 15 þúsund tonn af skógarmelassa eða um 25% af innflutningnum. Verksmiðjan er staðsett við hlið timburvinnslu svo hráefnið er tryggt og mun vinnslan keyra allan sólarhringinn. Síðan er stefnt að því að byggja fleiri verksmiðjur á stöðum þar sem hráefnið fellur til og þannig byggja upp næga framleiðslu á skógarmelassa svo innflutningur verði óþarfur.

Hentar sérstaklega vel sem fóður

Skógarmelassinn inniheldur eins og áður segir um 60% sykur og þessi sykur er samsettur af nokkrum megingerðum sykra eins og þrúgusykurs (glúkósa), galaktósa, xylósa og mannósa og um 50% sykursins er mannósi. Þar sem hátt hlutfall af þessum sykri skógarmelassa eru stórsameindir brotnar hann hægt niður sem er afar heppilegt sé hann gefinn jórturdýrum sem fá kjarnfóður.

Nú þegar hafa verið gerðar fóðurtilraunir á nautgripum þar sem búið var að skipta út hefðbundnum melassa með þessum skógarmelassa í því kjarnfóðri sem gripirnir fengu. Niðurstöðurnar sýndu að kjarnfóðrið var einkar lystugt og var átgetan góð hjá gripunum.

Skógarmelassa má einnig nýta í fóður svína en þó með aðeins breyttu sniði þar sem svín eru einmaga dýr og þurfa aðra samsetningu fóðursins. Þá má, fræðilega séð amk., nýta skógarmelassann sem grunnhráefni til próteingerðar með því að nota örverur til framleiðslunnar. Í fyrstu er þó markmiðið að framleiða nóg fyrir heimamarkaðsþörfina á melassa.

Þýtt og endursagt með leyfi höfundar úr Buskap 1/2020



Framleiðsluferlið. Mynd / Glommen Technology AS

Hratið frá framleiðslunni á melassanum nýtist vel til brennslu eftir að það hefur verið kögglað.

Framkvæmdastjóri Selasetur Íslands

Laus er staða framkvæmdarstjóra við Selasetur Íslands. Um er að ræða fullt starf í eitt ár með möguleika á framlengingu. Selasetur Íslands var stofnað árið 2005 og hlutverk þess er að standa fyrir rannsóknum á selum og náttúrutengdri ferðaþjónustu. Megin markmið setursins er að efla náttúrutengda ferðaþjónustu í Húnaþingi vestra, vinna að eflingu selaskoðunar á svæðinu og standa fyrir fjölbreyttum rannsóknum, fræðslu og upplýsingamiðlun um seli við Ísland. Starfsstöð framkvæmdastjóra er á Hvammstanga sem er fjölskylduvænt samfélag.

Í starfinu felst:
- Stefnumótun og stjórnun Selaseturs Íslands
- Öflun rannsóknastyrkja og framkvæmd verkefna á fræðasviðum setursins
- Uppbyggingu náttúru- og menningartengdrar ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra
- Móttaka gesta og miðlun þekkingar
- Rekstrar- og fjármálastjórnun setursins

Við leitum að einstaklingi með:
- Meistarapróf á fræðasviði sem nýtist til uppbyggingar starfsemi Selaseturs Íslands en doktorsmenntun er æskileg
- Reynslu af stjórnun, rannsóknum og þróunarstarfi
- Leiðtogahæfileika, ábyrgð, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsækjandi þarf að geta hafið störf 1. janúar 2021 og er krafist búsetu í Húnaþingi vestra. Umsóknir berist fyrir 1. nóvember 2020 ásamt afritum af prófskírteinum, ferilskrá og nöfnum tveggja meðmælenda.

Umsóknir sendist til Guðmundar Jóhannessonar, gummijo@simnet.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

JEPPA DEKK
ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS
DEKKJAÞJÓNUSTA TÍMAPANTANIR Í SÍMA 540 4900

Dick CEPEK TIRES & WHEELS
Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29 - 44”.
KANNAÐU ÚRVALIÐ! VERSLUN.ARCTICTRUCKS.IS
Arctic Trucks Ísland ehf | Kletthálsi 3 110 Reykjavík
Sími: 540 4900 | Netfang: info@arctictrucks.is | www.arctictrucks.is

ÓDÝR
Gleraugu með glampa- og rispuvörn
Verð 19.900 kr
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0.
Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002
OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

Nautastöð BÍ á Hesti í Borgarfirði:

Nýtt naut í notkun

Guðmundur Jóhannesson
ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is

Fyrir skömmu birtist yfirlit um reynd naut í notkun hér á síðum blaðsins. Nú hefur verið keyrt nýtt kynbótamat fyrir afurðir og frumutölu síðan þetta yfirlit birtist. Hins vegar urðu það litlar breytingar á nautunum að lítil ástæða er til endurtaka það sem áður hefur verið sagt um þau.

Rétt er þó að taka fram að Loki 12071 lækkaði um eitt stig og stendur nú í 107 í heildareinkunn. Þá hækkuðu Hæll 14008, Hnykkur 14029, Stáli 14050 og Bjarki 15011 allir um eitt stig. Svampur 15027 og Ábóti 15029 styrktu sína stöðu með hækkun um tvö stig.

Fagráð í nautgriparækt ákvað að setja eitt nýtt naut í notkun sem reynt naut og er þar um að ræða Flóða 15047 frá Hnjúki í Vatnsdal. Flóði er sonur Bamba 08049 móðurfaðir var heimanaut undan Fonti 98027. Afurðageta Flóðadætra er í meðallagi en kostirnir felast einkum í góðri júgurgerð, sterku júgurbandi og vel bornum júgrum, og frábærum mjöltum. Hafa þarf í huga að Flóði gefur mjög netta spena. Flóði er með 108 í heildareinkunn. Frekari upplýsingar um Flóða er að finna á nautaskra.net og þá mun ný nautaskrá koma út innan tíðar.

Meginástæða þess að ekki var hægt að taka afstöðu til fleiri nauta úr 2015-árgangnum er sú að enn skortir á upplýsingar úr mjaltaathugunum. Því miður er staðan sú að skil á þeim hafa versnað frá því sem áður og er nú svo komið að þetta er þrengsti flöskuhálsinn er að afkvæmadómi nautanna kemur. Það er því full ástæða til að hvetja menn til að skila mjaltaathugnum hið fyrsta.

Flóði, nýja nautið í Nautastöðinni á Hesti í Borgarfirði. Flóði er sonur Bamba 08049, móðurfaðir var heimanaut undan Fonti 98027. Afurðageta Flóðadætra er í meðallagi en kostirnir felast einkum í góðri júgurgerð, sterku júgurbandi og vel bornum júgrum, og frábærum mjöltum. Hafa þarf í huga að Flóði gefur mjög netta spena. Flóði er með 108 í heildareinkunn. Mynd / SE

Bæklingur um fóðrun og aðbúnað ungkálfa á mjólkurskeiði

Kallað hefur verið eftir auknu fræðsluefni um nautakjötsframleiðslu og lagði RML, í samstarfi við Framleiðnisjóð, af stað í gerð fræðslubæklings um nautakjötsframleiðslu.

Fóður- og nautgriparæktarhópur RML hóf vinnslu bæklingsins en þegar vinnan var hafin þá hefði fræðsluefnið orðið mjög yfirborðskennt ef allt ferli nautakjötsframleiðslu væri undir í einum stuttum bæklingi. Það varð úr að mismunandi skeiðum framleiðslunnar var skipt upp og stefnan er að gera röð bæklinga með mismunandi tímabil framleiðslunnar í huga.

Nú er fyrsta afurðin í þessari röð komin út en fjallar sá bæklingur um ungkálfa á mjólkurskeiði, en þessi bæklingur á jafnt við nautakjötsframleiðslu og mjólkurframleiðslu. Lifandi og heilbrigðir kálfar eru lykilatriði í nautakjötsframleiðslu og eins og sagt er:

„Lengi býr að fyrstu gerð!“ Hér er um að ræða einstaklega viðkvæmt tímabil og mistök á þessu tímabili geta litað líf kálfsins í lélegra heilsufari og minni vexti. Farið er í gegnum fyrstu tíma kálfsins, mikilvægi broddmjólkur, mjólkur-, kjarnfóður- og gróffóðurgjöf og aðbúnað en ef þessi atriði eru í lagi skilar það bóndanum betri gripum og auknum hagnaði. Bæklingurinn er aðgengilegur á vefsíðu RML, rml.is.

Bændablaðið
Næsta blað kemur út 22. október
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi

LESENDABÁS

Ekki meira hringl með landbúnaðarstefnu

Um nokkra hríð hefur umræða um að móta beri stefnu í landbúnaði aukist hér á landi. Bændur greinir þó á í þessum efnum eins og öðrum. Við höfum til dæmis horft upp á kúvendingar meðal bænda um hvert skuli stefna með stjórn á framleiðslumagni mjólkur. Á örfáum árum fór stefnan úr því að leggja niður kvótakerfi í það að festa kerfið í sessi. Stærri hluti þeirra fjármuna sem hið opinbera setur í stuðning við mjólkurframleiðslu er nú fest við kvótann.

Síðustu tíu ár hafa sex ráðherrar setið í landbúnaðarráðuneytinu. Allir hafa þeir haft góðan hug til landbúnaðar og ýmsum framfaramálum verið þokað áfram. Á þessum tíma hafa þó einnig verið gerðir misgóðir tollasamningar. Ásetningarhlutfall í sauðfjárbúskap hefur einnig aukist og bændur verið hvattir til að fjölga fé til útflutnings. Blaðinu var svo snúið við þegar sú tilraun sigldi í strand. Tilraun var gerð með búvörusamninga til lengri tíma en var svo breytt talsvert til að mæta nýjum aðstæðum og viðhorfsbreytingu bænda. Af þessu súpa bændur nú seyðið. Treglega gengur að ná upp afurðaverði á lambakjöti og lítil hreyfing er á greiðslumarki í mjólk sem þó er augljóslega þörf á ef slíkt kerfi á að ganga upp til lengri tíma. Svona hringl, hvort sem það er vegna sviptinga meðal bænda eða stjórnmálamanna , er landbúnaðinum ekki til framdráttar.

Stefnufestu er þörf

Nú á að móta landbúnaðarstefnu á næstu mánuðum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur skipað verkefnastjórn sem á að móta stefnuna með víðtæku samráði. Það er ágætt vegna þess að eigi slík stefna að standast tímans tönn og gera gagn þarf hún að þola gagnrýni frá frá öllum köntum og að kjarninn sé skilinn frá hisminu. Forvinna hefur átt sér stað í formi „sviðsmyndagreininga“. Þar held ég að mikilvægt sé að þeir sem stefnuna móta myndi sér sjálfstæða skoðun á forsendum þeirrar greiningar en taki ekki við sviðsmyndunum sem steintöflum af Sínaífjalli.

Til að stefnan sé fest í sessi má líta til hvernig hefur gengið á öðrum vígstöðvum að móta sátt um meginmarkmið. Fyrir rúmu ári var

Kári Gautason.

samþykkt þingsályktun um heilbrigðisstefnu á Alþingi með engu mótatkvæði. Þeirri stefnu fylgir aðgerðaráætlun sem uppfærð er reglulega. Þannig er skýrt fyrir alla þá sem vinna innan kerfisins hvert stefnt er og fjármunum forgagnsraðað til að ná markmiðum.

Þessi nálgun er nokkuð sem ég tel að geti verið gagnlegt að horfa til. Talsvert gagn væri af því að landbúnaðarstefna væri lögð fyrir Alþingi til að dýpka umræðuna um landbúnaðarmál þar – en á því er ekki vanþörf. Ég hef trú á því að umræða á grundvelli staðreynda og þekkingar myndi skapa sátt um þá stefnu sem mótuð er og lyfta henni uppúr þeim skotgröfum sem við þekkjum mætavel. Það er komið gott af því að stefnumótun í landbúnaði sé eins og lauf í vindi og feykist fram og aftur í hvert skipti sem að nýr ráðherra kemur í ráðuneytið. Sé stefnan ekki staðfest í formi þingsályktunar er hætta á því að hún sé eins og sölnað haustlauf næst þegar lyklaskipti verða í ráðuneytinu.

Ný sýn byggð á þekkingu

Þó það skipti máli hvernig stefnan er gerð og hvað er gert við hana þá er það auðvitað innihaldið sem skiptir meginmáli. Þekkingarsköpun á sviði landbúnaðar hefur verið gríðarleg síðustu tíu ár. Árið 2010 hefði engum dottið til hugar að hina nýtilkomnu erfðamarkarækt væri hægt að nýta í hinum smáa íslenska kúastofni. Eða að raunhæft gæti verið að framleiða áburð í heimahúsum, flytja út wasabi og svona mætti lengi telja. Nú hefur verið sýnt fram á að erfðamarkarækt sé vel framkvæmanleg hér á landi. Hún er örugg og það er jafn ljóst eins og grasið grænkar á vorin að hún skilar árangri. Það eina sem þarf er að byrja og það fyrr en seinna. Vegna þess hraða sem hefur verið í tækniþróun er mikilvægt að fólkið sem mótar þessa vinnu sé ekki of fast í hugmyndum liðinnar aldar. Tuttugasta öldin var öld áburðar, útflutningsbóta, framleiðslustyrkja og olíu. Ný öld hefur fært okkur ótal tækninýjungar og mikla þekkingu. Viðfangsefni nýrrar landbúnaðarstefnu ætti að vera hvernig við getum aftengt íslenskan landbúnað erlendum aðföngum eins og kostur er. Með því er hægt að auka fæðuöryggi og og gera okkur klár í að takast á við stærsta verkefni okkar tíma, loftslagsbreytingar. Við höfum verið kyrfilega minnt á að það er ekki hræðsluáróður að landið geti lokast. Samhliða þessu þarf að breikka grundvöll búsetu í sveitum þar sem tækniframfarir munu áfram leiða til aukinnar hagræðingar og því þurfa nýjir sprotar að fá að skjóta rótum.

Kári Gautason

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

Hlúum að íslenskri nautakjötsframleiðslu

Í vikunni lækkaði Norðlenska verð fyrir nautgripi og varð þar með fjórði sláturleyfishafinn til þess að lækka verð til bænda undanfarinn mánuð en KS, SS og SAH höfðu áður tilkynnt lækkanir hjá sér. Fækkun ferðamanna í kjölfar COVID-19 hefur haft mikil áhrif á eftirspurn eftir nautakjöti en það er ekki einungis kófið sem nautgripabændur kljást við heldur hefur tollaumhverfið tekið stórkostlegum breytingum á stuttum tíma.

Herdís Magna Gunnarsdóttir.

„Við erum stolt af okkar landbúnaði og teljum okkur standa vel þegar kemur að matvælaöryggi, en hvar viljum við standa þegar kemur að fæðuöryggi?“

Helstu staðreyndir um tollaumhverfið

- Fyrir tíma COVID hafði fjöldi ferðamanna til landsins dregist saman en þrátt fyrir það aukast tollkvótar jafnt og þétt milli ára. Samdráttur milli 2018 og 2019 nam 14,1%.
- Þrátt fyrir að nautakjötssala heilt yfir hafi dregist saman er meiri eftirspurn eftir tollkvótum en koma til úthlutunar.
- Um næstu áramót verður tollkvóti fyrir nautakjöt frá Evrópusambandinu til Íslands búinn að sjöfaldast frá ársbyrjun 2018 og verður 696 tonn.
- Á síðustu 2 árum hefur orðið um 75% verðlækkun á tollkvótum frá ESB.
- Nýjum úthlutunarreglum á tollkvótum sem var beitt í fyrsta sinn í sumar leiddi til þess að verð tollkvóta fyrir nautakjöt lækkaði um 40% frá fyrri úthlutun og er nú aðeins einn fjórði af því verði sem það var í upphafi 2019.
- Minnkuð eftirspurn og auknir tollkvótar á sama tíma skila sér í því að verðmyndandi áhrif innflutningsins aukast á innanlandsframleiðslu.
- Ef fer sem horfir stefnir í að allt nautakjöt sem flutt er inn til landsins verði flutt inn á tollkvótum sem sífellt hafa lækkað í verði og verði því enn ódýrara en nú er.

Mikill árangur náðst undanfarin ár

Uppgangur hefur verið í innlendri nautakjötsframleiðslunni á síðustu árum og mikið hefur verið lagt þar til bæði frá bændum og stjórnvöldum. Nýr kafli er rétt að hefjast með nýju Angus erfðaefni og möguleikar í holdakjötsframleiðslu spennandi. Flokkun nautgripakjöts hefur þokast uppá við og bændur hafa lagt metnað sinn í að bjóða upp á aukið úrval og betri vörur. Það er gott að geta boðið neytendum upp á heilnæma íslenska gæðavöru. Undanfarnar lækkanir sláturleyfishafa hafa því verið kjaftshögg fyrir greinina.

Frá ársbyrjun 2018 hefur vísitala neysluverðs hækkað um 8,5% en á sama tíma hefur afurðaverð til bænda fyrir ungnautakjöt lækkað um rúmlega 10%.

Verð á aðföngum til nautakjötsframleiðslu hefur hækkað á síðustu árum og því er ljóst að verðlækkanirnar nú skila sér í því að enn harðar er gengið á launalið bóndans. Nú hefur verið gengið svo langt að hvatinn fyrir að halda uppi þeim góða árangri sem hefur náðst er að verða takmarkaður og einhverjir fara að hætta að sjá sér hag í því að framleiða nautakjöt.

Þær ákvarðanir sem við tökum í dag hafa áhrif á nautakjötsmarkaðinn eftir 2–3 ár og við gætum mögulega horft fram á mikinn samdrátt í framleiðslu íslensks nautakjöts.

Látum það ganga

Í upphafi fyrstu COVID-bylgjunnar vaknaði mikil umræða um mikilvægi fæðuöryggis í landinu, rétt eins og hafði gerst eftir hrun – og tilhneiging er til að gerist þegar á reynir – en vill svo gleymast með tímanum þegar fram líða stundir. Þá hefur einnig verið talað um mikilvægi þess að halda störfum í landinu og að vernda atvinnugreinar. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, ásamt fjölmörgum samtökum, réðust af stað í átakið „Íslenskt – láttu það ganga“. Nú velti ég fyrir mér hvort að stjórnvöld ætli sér að gera eitthvað svo að íslensk nautakjötsframleiðsla – fái að ganga.

Sanngjarnt tollaumhverfi

Stórkostlegar breytingar í tollaumhverfi nautgripakjöts hafa komið greininni í mjög erfiða stöðu hvað varðar samkeppnishæfni hennar. Það sem er sérstaklega ömurlegt við þær breytingar er að þær voru gerðar á sama tíma og hvað mest uppbygging var fyrirséð í greininni. Lyft er undir með annarri hendi en togað allsvakalega niður með hinni.

Það er skýrt hverjum þeim sem vill sjá að einhverju verður að breyta í tollaumhverfi greinarinnar. Við höfum lagt ríka áherslu á að tollasamningur við Evrópusambandið verði hið minnsta endurskoðaður, ekki seinna en í gær. Áður en samningurinn tók gildi mótmæltum við honum harðlega, enda er í honum samið um kíló á móti kílói, sem augljóslega veldur því að áhrif samningsins eru meiri á íslenskan markað en nokkurn tímann á evrópskan markað. Allt frá því hann tók svo gildi um mitt ár 2018 höfum við farið fram á endurskoðun enda ljóst frá upphafi hversu mikil neikvæð áhrif hann myndi hafa á íslenskan landbúnað.

Aðstæður nautakjötsframleiðslunnar þurfa að verða lífvænlegri til þess að hér sé hægt að vernda bæði þann árangur sem náðst hefur undanfarin ár og þau fjölmörgu störf sem hafa skapast við greinina, það eru nefnilega ekki einungis bændur sem komu að því að koma nautasteik á disk landsmanna.

Við erum stolt af okkar landbúnaði og teljum okkur standa vel þegar kemur að matvælaöryggi, en hvar viljum við standa þegar kemur að fæðuöryggi? Önnur ríki hafa brugðist við með að gefa í og styrkja innlenda matvælaframleiðslu enn frekar. Íslenska ríkið getur styrkt íslenskan landbúnað með því að búa honum bjóðandi tollaumhverfi. Ekki seinna, heldur núna!

– Látum það ganga.

***Herdís Magna Gunnarsdóttir**, Egilsstöðum, varaformaður Landssambands kúabænda*

Ný kynslóð 100% rafmagn!

100% ELECTRIC

Eigum á lager nýja kynslóð af **MultiOne EZ-7** liðléttingum sem eru **100% rafknúnir** með góða endingu á rafhlöðunni.

Frábær fjölnotavél með **1600 kg lyftigetu** og möguleika á ýmsum aukahlutum.

Vélarnar afhendast með skóflu og taðgreip.

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is**.

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

Solis
26-50-75-90 hestöfl
75 hö 3.750.000+vsk
Með tækjum 4.950.000+vsk

VALLARBRAUT
26 hö væntanleg

HATTAT
PERKINS 75-113 hestöfl
113 hö 6.400.000+vsk
Með tækjum 7.650.000+vsk

VALLARBRAUT EHF WWW.VALLARBRAUT.IS Trönuhrauni 5 Hafnarfirði S-4540050

VÉLABÁSINN

Nýr SsangYong Korando

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Í byrjun árs 2020 var von á nýjum SsangYong Korando í Bílabúð Benna, en af ýmsum ástæðum (mest vegna COVID) seinkaði komu bílsins. Nú er bíllinn kominn og er með 163 hestafla bensínvél, ýmist eindrifs eða fjórhjóladrifinn. Ég prófaði fjórhjóladrifna sjálfskipta bílinn fyrir skemmstu.

SsangYong Korando 1,5l. bensín.

Myndir /HLJ

Helstu mál og upplýsingar

Lengd	4.450 mm
Hæð	1.620 mm
Breidd	1.870 mm

Lengri, breiðari með margar nýjungar í samanburði við gamla Korando

Bíllinn er nánast ekkert líkur eldri árgerðunum af Korando, á sjálfur 2017 bíl og miða við hann. Þarna hefur kraftmiklu 178 hestafla dísilvélinni verið skipt út fyrir 163 hestafla 1,5 lítra bensínvél. Í bílinn er komið mikið af nýtísku þægindum, s.s. bakkmyndavél, GPS leiðsögubúnaður, hiti í stýrið, hiti og kæling í framsætum, akreinalesari, blindhornsvari sem gefur ljós í hliðarspegla sem eru líka upphitaðir, læsing á millikassa ásamt fleiru.

Ökumótin eru þrjú (normal, sport og winter) og mikill munur er á snerpu og mýkt á milli þessara þriggja ökustillinga.

Nýi bíllinn er bæði lengri og breiðari, en farangursrýmið virðist styttra, en í staðinn dýpra niður. Bíllinn er mjög vel hljóðeinangraður og mælist hávaðinn inni í bílnum ekki nema 70,0 db á 90 km hraða, sem er mjög gott. Það er betri mæling en í nokkrum af þeim rafmagnsbílum sem ég hef hávaðamælt á sama hraða og sama vegi.

Fór þennan holukafla við Hafravatn sjö sinnum til að prófa mismunandi fjöðrun og felgur.

Sextán tommu vetrarfelgan mín passaði fínt og ágætis bil samt á milli bremsudælu og felgu.

Prufuaksturinn

Ég ók bílnum rúmlega 100 km og að honum loknum var mín meðaleyðsla samkvæmt aksturstölvunni 8,7 lítrar á hundraðið. Það er ansi nálægt uppgefinni eyðslu, sem er 8,3 lítrar á hundraðið á fjórhjóladrifna bílnum (6,9 á eindrifs bílnum).

Mest ók ég í „sportstillingunni“ en á henni er snerpan best og kraftur inn ágætur. Fann samt alveg mun á mínum gamla sem er 15 hestöflum kraftmeiri og togar betur.

Bíllinn sem ég prófaði var á 18 tommu felgum og á góðu malbiki var hreint æðislegt að keyra hann, svarar eins og hugur manns í beygjum og alltaf gott grip.

Akreinalesarinn virkar þannig að rétt áður en hann flautar á ökumann togar hann sjálfur aðeins í stýrið í þá átt sem á að beygja ef maður nálgast miðlínu eða kantlínu of mikið. Eins og svo oft í reynslukeyrslum mínum keyrði ég malarveginn meðfram Hafravatni til að finna hvernig bíllinn er á möl. Þar gerði ég mistök sem ég áttaði mig ekki á fyrr en daginn eftir þegar ég prófaði bílinn aftur.

Akreinalesarinn flautar á mann og togar líka í stýrið.

Til að afturljós séu kveikt þarf að muna að vera með ljós kveikt (og aldrei slökkva þau í SsangYong).

Ekki sama í hvaða stillingu bíllinn er á holóttum malarvegi

Á 18 tommu felgum með stillt á sportstillinguna var bíllinn óeðlilega stífur og hastur svo að ég vildi prófa bílinn á 17 tommu felgum sem ég gerði daginn eftir. Þá kom ég inn á mölina með bílinn stilltan á „normal“ aksturssstillingu og ætlaði hreinlega ekki að trúa muninum á því bara að breyta felgunum um tommu. Til baka ók ég svo á „sport“ stillingunni og þá var bíllinn mun stífari og hastari svo að ég fór aðra ferð með stillt á „winter“ stillinguna og þá var hann enn mýkri en í „normal“.

Alls fór ég sjö ferðir fram og til baka þarna á holóttum veginum og niðurstaðan var sú að sé ekið á möl er best að hafa bílinn í „normal eða winter“ stillingunum. Munurinn er það mikill og töluverður munur er á mýkt að keyra á 17 tommu felgunum í stað 18 á malarvegi. Ég á sjálfur 16 tommu felgur með vetrardekkjunum mínum sem ég prófaði að setja undir bílinn. Það passar þannig að fyrir þá sem vilja fá enn meiri mýkt í bílinn geta þeir sett 16 tommu felgur undir hann.

Hliðarspeglar eru góðir og eru með ljós fyrir blindhornsvara.

Verð, plúsar og mínusar

Verðið er frá 4.390.000 á eindrifs bílnum, en frá 5.990.000 á fjórhjóladrifna bílnum. Það verður að kallast mjög gott verð miðað við stöðu gjaldmiðla í dag.

Ekki eru margir mínusar en samt smá. Til að vera löglegur í umferð þarf að muna að kveikja ljósin til að fá afturljós á bílinn. Hafa bara ljósatakkann alltaf svoleiðis, þó mælaborðið kvarti þá slekkur bíllinn sjálfkrafa ljósin eftir nokkrar sekúndur. Í sýningarsal í Bílabúð Benna er ekki varadekk í bílunum, en Benni sjálfur sannfærði mig um að allir bílar yrðu með „varadekksaumingja“ við afhendingu.

Plúsarnir eru margfalt fleiri, en fyrst vil ég nefna gott verð miðað við gengi, mestan mun fann ég á ökumannssætinu sem er mun betra en í gamla, hitann í stýrinu og akreinalesarinn les glettilega ógreinilegar línur.

Hávaði á 90 inni í bílnum er minni en í mörgum rafmagnsbílum.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Of sjaldan er verðlaunað fyrir það sem vel er gert

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Í þessum pistlum hér hefur verið farið úr einu í annað, en oftar en ekki miðast skrifin við þá umræðu sem er í gangi hverju sinni í þjóðfélaginu. COVID-19 umgangspestin hefur fengið meiri umfjöllun það sem af er ári en nokkur manneskja hefði viljað.

Framan af ári var mikið horft til Íslands fyrir hvað okkur gekk vel að halda smitum frá landinu. Á haustmánuðum kom svo áfallið, gífurleg aukning á smitum á suðvesturhluta landsins, fólki ráðlagt að forðast heimsóknir utan af landi til Reykjavíkur og nágrennis.

Hertar sóttvarnaraðgerðir um allt land!

Síðastliðinn mánudag voru sóttvarnarreglur hertar verulega, fólk beðið um að vera með grímur og gæta sérstaklega vel að sóttvarnarreglum. Ástæðan er sú að fólk fór óvarlega, fylgdi ekki eftir þeim tilmælum um margmenni, hreinlæti og sóttvarnir á höfuðborgarsvæðinu.

Það grátlega við þessar hertu reglur er að á Norðvestur-, Norðaustur- og Austurlandi hefur fólk farið varlega og fylgt að mestu ýtrustu leiðbeiningum um fjarlægð, samskipti og sóttvarnir, en fær ekki að njóta þess.

Grátlegt að horfa upp á að fólki sé refsað fyrir gjörðir annarra

Á fyrrnefndum landshlutum eru nánast engin smit í gangi, fáir í einangrun, en samt á allt Norðurland og Austurland að gjalda fyrir kæruleysi höfuðborgarsvæðisins. Eðlilega finnst manni þetta mikið óréttlæti og engin furða að einhver mest deilda færsla af Facebook um síðustu helgi er frá Hjálmari Boga á Húsavík og byrjar svona (birt með leyfi Hjálmars ásamt mynd með Facebook-færslunni):

„Íslendingar voru ein fyrsta þjóðin til að skilgreina skíðasvæði í Ölpunum sem hættusvæði vegna COVID-19. Svæðið náði til landsvæða innan Austurríkis og Ítalíu. Við skilgreindum ekki allt Austurríki eða alla Ítalíu sem hættusvæði. Við töldum okkur vita hvaðan uppruni mestu áhættunnar var. Síðar breyttust skilgreiningar. Veiran er nú í vexti og sannarlega ástæða til að bregðast. Í Barcelona, annarri stærstu borginni á Spáni þar sem búa rúmlega fimm milljónir manna, er fólki bannað að yfirgefa borgarsvæðið vegna fjölda smita þar. Á Bretlandseyjum hafa menn lokað völdum borgum og bæjum í ákveðinn tíma til að ná tökum á útbreiðslu veirunnar.

Almannavarnir hugðust litakóða landsvæði á Íslandi eftir hættunni af smiti af völdum COVID-19. Af því hefur ekki orðið, því miður. Nú eru langmestar líkur á að smitast á höfuðborgarsvæðinu. Þar er massinn af fólkinu. Ákvarðanir yfirvalda taka gjarnan mið af massanum. Enda er mest hættan þar. Annars staðar er hún mun minni. Við verðum að taka tillit til aðstæðna á hverju landsvæði fyrir sig og taka mið af raunveruleikanum á hverjum stað. Norðaustan gulu línunnar er ekki þörf á eins hertum reglum og eru boðaðar. Almennar reglur til að ná utan um sértæk atriði missir marks. Beinum sjónum okkar að vandanum til að leysa hann – ekki gera hann almennan.“

Hefði haldið að verðlaun fyrir góðan árangur væri hvatning til betri árangurs annarra

Ef Norðvestur-, Norðaustur- og Austurland fengju umbun fyrir góðan árangur þá hefði ég haldið að ef landinu hefði verið skipt upp í hluta væri það merki um að á þeim stöðum sem fjöldi á samkomum væri meiri, líkamsræktarstöðvar opnar og áhorfendur á kappleikjum væru leyfðir væri það öfundsvert fyrir þá sem verr standa sig.

Auðvitað á að verðlauna þá sem standa sig vel, en ekki refsa fyrir það sem vel er gert.

Einangrun og sóttkví eftir landshlutum

Aðsetur	Einangrun	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	547	1318
Suðurnes	18	82
Suðurland	37	100
Austurland	1	2
Norðurland eystra	3	9
Norðurland vestra	3	5
Vestfirðir	9	12
Vesturland	27	35
Óstaðsett	7	45
Útlönd	0	0

Hertar sóttvarnarreglur eru óréttlátar á þeim landsvæðum sem hafa staðið sig vel.



Allt landið eitt sóttvarnarklúður.

KROSSGÁTA Bændablaðsins

MYND: RUTH HARTNUP (CC BY-SA 2.0)

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

				139	LÓÐ	YFIR-BRAGÐ / ÖÐRUVÍSI		BLEKKJA	FLUGA		SVART-LIST	BJÓLA / FUGL		
				KOLEFNIS-DUFT / BLÖKK										HLJÓM-SVEIT
									DÚLLA					
				SÍKI					MASAR / NÁTTÚRU-VÆTTUR					
				TVEIR EINS / BLEÐILL			STOÐ / KK NAFN						BERJA	
KUÐUNGUR		ÍÞRÓTT	SKORDÝR / PANTA							ÁTT		KALLORÐ / SKRUMA		
					NÓTA / VARKÁRNI			ÆPA						ÓNOTAST
DROLLARA						GÁ					ANGRA / NÖTRA			
HAND-FESTAN / ÁTELJA						FRUMÖGN		SKRIFT / LITUR						
				RANGALI / HLUTA					TRUFLUN / ÓVISS					
		RÆKT	HRAFNA-SPARK / UMRÓT				ARÐUR						VÆTTA	
ÍÞRÓTT / FYLGSNI							ÓLMUR / ANDMÆLI					SKYLDIR / HLÉ		
					GERI					SAMAN-LAGT / STING				
TÓFT					ATORKA						EINATT			
KEPPANDI								HANGA						

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

MYND: ARNIEIN (CC BY-SA 3.0)

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

				138	TAPA	PLOKKA / ÚTILOKAÐ	T	DANS	MEN	N	SPOTTA	GEYMSLA / SLYNGUR	S	
				DRYKKUR / FJÖRGAST	M	A	Í	S	V	I	S	K	Í	ÖGN
				L	I	F	N	A	GRETTA	S	K	Æ	L	A
				MÁLHELTI	S	T	A	M	SÖNG-RÖDD / ROTNA	T	E	N	Ó	R
				RÁN / DUND	S	Æ	KLÁR / ÞURR-AUSINN	B	Ú	I	N	N	DRALLA	Ð
	S	KLINGDI	LAST / GÍPA	B	A	K	T	A	L	GANGFÆR	S	ÁTT / FUGL	S	A
R	I	G	S	A	TAUG / TÆTT	T	Ó	RUSL	D	R	A	S	L	BÁTUR
SKÁLMA / LÉLEGUR	L	A	K	U	R	EINÓMUR	M	Ó	N	Ó	NÆGILEGT / VENJUR	N	Ó	G
FLÆMI / ÞVAÐUR	F	L	Á	K	I	TAUMUR	U	RÍKI Í AFRÍKU / AURASÁL	A	L	S	Í	R	O
B	U	L	L	OFFUR / MÁLI	F	Ó	R	N	TRUFLUN / SEPPA	F	I	P	A	N
	R	INNVOLS	AÐ / ENDUR-BÆTA	T	I	L	ÞORA / MIKIL	Á	R	Æ	Ð	A	BREKKA	D
ÓLAG / SAMTÍMIS	B	I	L	U	N	FANGI / TUNNU	S	N	A	R	I	KALLORÐ / LÍFS-HLAUP	H	Ó
M	E	Ð	A	N	RIMMA	Á	T	Ö	K	DANS / TVÍHLJÓÐI	R	Æ	L	L
SLINGUR	R	U	G	G	RÖKKUR	M	Ó	S	K	A	ARMÆÐA	V	Í	L
HRÆRINGUR	G	R	A	U	T	U	R	HÆGT	A	U	Ð	I	Ð	

Bændablaðið
kemur næst út 22. október
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



Kringla

„Við keyptum Kringlu árið 2015, af frænku Arnars og hennar manni, og Svalbarð af frænda Arnars,“ segir Fjóla Mikaelsdóttir.

„Við keyptum um 350 rollur af þeim en höfum aðeins fjölgað. Við ákváðum að prufa að taka nautgripi til eldis og breyttum helmingnum af fjósinu í stíur með steyptum bitum og planið er að breyta hinum helmingnum líka svo allt fjósið nýtist. Þessi ár hafa ekki alveg farið eins og lagt var upp með í byrjun en til stóð að byggja við fjárhúsin o.fl. en þar sem sauðfjárræktin er ekki að gefa mikið af sér höfum við frestað því aðeins.

Okkur líður vel hér og unum vel við bústörfin, en við vonum bara að meðalverð fyrir kjöt fari að hækka svo bændur á Íslandi þurfi ekki endalaust að berjast í bakka til að halda búum á floti,“ segir Fjóla.

Býli: Kringla.

Staðsett í sveit: Miðdalir í Dalabyggð.

Ábúendur: Arnar Freyr Þorbjarnarson og Fjóla Mikaelsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við eigum 4 börn; þau Jasmín, 13 ára, Mikael, 11 ára, Nadíu Rós, 7 ára og Jóel Stein, 3 ára. Á bænum búa einnig hundarnir Smali, Nocco og Nagli. Allir af smalahundakyninu Border Collie. Kettirnir Hemmi og Nonni (Manni stakk af og fann sér annað heimili í sveitinni) og svo eru tvær kanínur sem njóta góðs af grænmetisafgöngum heimilisins.

Nadía Rós.

Jasmín og Mikael.

Jóel Steinn.

Stærð jarðar? Jarðirnar eru tvær samliggjandi, Kringla og Svalbarð, og eru um 600 ha samtals.

Gerð bús? Við erum með sauðfjárbú og ölum einnig nautgripi.

Fjöldi búfjár og tegundir? Það eru rúmlega 500 fjár, um 25 naut, fimm geitur og nokkrir hestar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Á haustin er mest verið að smala og sækja rollur hingað og þangað, velta fyrir sér líflömbum og huga að vetrinum. Það þarf að gefa nautunum á hverjum degi allt árið um kring en annars eru áherslurnar breytilegar eftir árstíðum og vinnudagarnir mjög fjölbreytilegir.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Það er held ég skemmtilegast að sinna sauðburði og smalamennskum en annars er allt skemmtilegt þegar vel gengur. Það er ekki mikið leiðinlegt við bústörfin sjálf en bókhaldið og tölvuvinnan sem fylgir þessu mætti alveg missa sín.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Vonandi verður allt með svipuðu sniði, komnar hænur og endur og búið að klára þær framkvæmdir sem eru á listanum langa.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara? Það eru ótal tækifæri á ýmsum stöðum sem auðvelt væri að framkvæma.

Regluverkið þarf bara vinna með okkur, bæði í matvörum sem og handverki.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Hér eru náttúrlega tveir ísskápar yfirleitt fullir af mat, en rjómi og rjómaostur er það sem er alltaf til og margir hlæja sem þekkja okkur því þetta er yfirleitt eins og lager hjá MS.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Ætli það sé ekki auðveldast að segja lamb og naut því það er hægt að gera svo fjölbreytta rétti úr því. En annars held ég að enginn eigi sama uppáhaldsmatinn hér á bæ.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Já, það stendur upp úr núna þegar Arnar velti 3 ára gömlu dráttarvélinni í sumar með rúllusamstæðunni aftan í og allt ónýtt og karlinn bakbrotinn, en sem betur fer fór ekki verr. Við erum ótrúlega þakklát öllu góða fólkinu í kringum okkur sem var boðið og búið að stökkva til og hjálpa okkur, takk allir!

MATARKRÓKURINN

Acai-skálar og vegan-vöfflur

Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari

Auðvelt er að gera skál með berjamauki, ávöxtum og öllu uppáhaldshráefninu þannig að hún líkist svokallaðri „acai skál“. Þetta er gómsætur matur fullur af andoxunarefni og hollri fitu og ef þið gerið þetta heima er hægt að nálgast þetta hvenær sem hentar, fyrir brot af verði sem slíkt myndi kosta úti í búð.

En hvað er „acai“?
Fyrir það fyrsta, þá eru acai-berin ólík mörgum ávöxtum og berjum sem innihalda mikið af sykri og lítið af fitu. Acai-berin innihalda í raun nokkuð meira af fitu en lítið af sykri.

